

# Ársskýrsla

# Urriðaholtsskóla

SKÓLAÁRIÐ 2024-2025

## Ritstjórn:

ARNRÚN EINARSDÓTTIR  
GUÐBJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR  
GUÐRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR  
JÓNÍNA KLARA PÉTURSDÓTTIR  
UNA GUÐRÚN EINARSDÓTTIR  
ÞORGERÐUR ANNA ARNARDÓTTIR  
PÓRA BJÖRG HALLGRÍMSDÓTTIR



Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Starfsfólk.....	6
Nemendur.....	6
Húsnæði.....	6
Skóladagatal og skóladagurinn .....	6
Samstarf heimilis og skóla .....	7
Skólaráð .....	7
Foreldrafélag Urriðaholtsskóla .....	8
Væntingar .....	8
Ársskýrsla leikskólastigs.....	9
Væntingar .....	9
Samstarf heimilis og skóla .....	9
Þróunarverkefni og nýbreytni.....	10
Kennsluhættir .....	12
Námsmat .....	14
Leikur, leikefni og námsgögn .....	14
Heimasvæði yngstu barna leikskólastigs – Kelda, Kjarr, Klettur.....	16
Heimasvæði barna fædd 2020 og 2021– Klöpp, Kriki og Klif.....	20
Heimasvæði barna fædd 2019 – Flöt og Mýri .....	24
Samstarf milli heimasvæða og skólastiga.....	25
Ársskýrsla grunnskólastigs.....	27
Viðburðir og menning á skólaárinu .....	27
Fræðslu- og forvarnarráð .....	27
Þróunar- og rannsóknarverkefni .....	28
Yngsta stig.....	29
Lestrarkennsla, málörvun og málfræði.....	29
Skýrslur heimasvæða á yngsta stigi.....	31
Hlíð – árgangur 2018 .....	31
Höfði – heimasvæði barna fædd 2017 .....	36
Hnjúkar – heimasvæði barna fædd 2016 .....	43
Stilkur – heimasvæði barna fædd 2015.....	49
List og verkgreinar á yngsta stigi .....	56
Skólaípróttir á yngsta stigi .....	65
Miðstig.....	65

Lestur.....	65
Fimipjálfun í stærðfræði.....	67
Skýrslur heimasvæða á miðstigi .....	68
Skolli – heimasvæði barna fædd 2014.....	68
Skerpla – heimasvæði bara fædd 2012 og 2013 .....	72
Náttúru- og samfélagsfræði á miðstigi.....	75
List og verkgreinar á miðstigi.....	83
Skólaíþróttir á miðstigi .....	91
Unglingastig .....	92
Stekkur – heimasvæði Unglingastigs .....	92
Faggreinar á unglingastigi.....	94
List og verkgreinar á unglingastigi.....	102
Valgreinar á unglingastigi .....	107
Skólaíþróttir á unglingastigi.....	112
Stoðþjónusta – leik- og grunnskóla .....	113
Tilvísanir, lausnateymis-, samráðs- og nemendaverndarráðsfundir .....	115
Farsæld .....	116
Helstu verkefni og áherslur eftir skólastigum.....	117
Náms- og starfsráðgjöf .....	117
Skólafélagsráðgjöf .....	117
Leikskólastig.....	118
Grunnskólastig.....	118
Þróunarverkefni.....	120
Atvikaskráningar .....	120
Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026.....	120
Ársskýrsla frístundaheimilisins Urriðakots .....	121
Félagsmiðstöðin Urri .....	125
Nemendaráð Urriðaholtsskóla .....	126
Mat á skólastarfi.....	127
Innra mat .....	127
Samantekt og úrbótaáætlun næsta skólaárs.....	139
Upplýsingar fyrir skólanefnd Garðabæjar .....	142
Móðurmál nemenda á grunnskólastigi í Urriðaholtsskóla .....	142
ÍSAT kennsla.....	142
ÍSAT á yngsta stigi: .....	143

ÍSAT á miðstigi .....	143
ÍSAT á unglíngastigi .....	143
Mætingar .....	144
Próun nemendafjölda og fjöldi nemenda utan sveitarfélaga sl.5-6 ár .....	146
Fjöldi starfsfólks starfsheiti og hlutfall á báðum skólastigum .....	146
Fjöldi nemenda á grunnskólakennara .....	147
Dreifing einkunna eftir námsgreinum .....	147
Lokaorð .....	148

## Inngangur

Urriðaholtsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli sem lauk sínu sjöunda heila starfsári föstudaginn 6. júní 2025. Skólinn varð sjö ára á árinu og var þeim tímamótum fagnað með gleði og samveru á síðasta vetrardegi. Skólaárið einkenndist af áframhaldandi vexti bæði á leik- og grunnskólastigi og fjölgun nemenda og starfsfólks.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir helstu þáttum í starfi skólans skólaárið 2024–2025. Kennarar og annað fagfólk af báðum skólastigum lýsa þeim verkefnum sem unnin hafa verið innan skólasamfélagsins, auk þess sem farið er yfir áskoranir, tækifæri og tillögur til umbóta. Lýsingarnar endurspeglar fjölbreytt og metnaðarfullt starf þar sem velferð, nám og fagmennska eru í öndvegi.

Í haust tókum við í fulla notkun nýja álmu þar sem staðsettar eru sér útbúnar stofur fyrir list- og verkgreinakenndu, sem og húsnæði fyrir félagsmiðstöð skólans. Þá flutti skólaeldhúsið í varanlegt og fullbúið húsnæði, sem hefur bætt verulega aðstöðu starfsfólks og þjónustu við nemendur. Þessar viðbætur hafa styrkt innviði skólans og gert kleift að dýpka og efla faglegt starf á fjölbreyttum grunni.

Á [heimasíðu Urriðaholtsskóla](#) má nálgast skólanámskrána þar sem fram koma gildi, áherslur og sérkenni skólans, ásamt hagnýtum upplýsingum og fréttum af starfi vetrarins.

Ársskýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem veita innsýn í það fjölbreytta nám og félagsstarf sem á sér stað í skólanum. Ritstjórn er í höndum stjórnenda og ábyrgð ber skólastjóri. Skýrslan er send sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, leik- og grunnskólafulltrúum, skólaráði og birt á heimasíðu skólans auk þess sem hún er aðgengileg á skrifstofu hans.

Í Garðabæ sumarið 2025  
*Þorgerður Anna Arnardóttir*  
 Skólastjóri

## Hagnýtar upplýsingar

### Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls um 180 starfsmenn í ólíkum stöðuhlutföllum, þrjátíu og sjö starfsmenn eru í Félagi grunnskólakennara, tuttugu og tveir í Félagi leikskólakennara, einn í Félagi stjórnenda leikskóla, sex í Skólastjórafélagi Íslands, sex í Visku, níutíu og sjö starfsmaður í Starfsmannafélagi Garðabæjar, fimm stundakennarar, einn í Stéttarfélag Ísl. félagsráðgjafa og fimm í Proskapjálfafélagi Íslands. Þá voru fimm í stjórnendateymi skólans, átta heimasvæðisstjórar á leikskólastigi, umsjónarmaður fasteigna í heilu starfshlutfalli, umsjónarmaður tómsundaheimilis, fjórir skólaliðar og tuttugu og sex stuðningsfulltrúar. Skólahjúkrunarfræðingur hafði viðveru fjóra morgna í viku eins og á síðasta ári. Sálfræðingur og talmeinafræðingur komu í skólann eftir þörfum á vegum skóladeildar. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls störfuðu þrjátíu og fimm karlar við skólann. Tíu starfsmenn fóru í fæðingarorlof á skólaárinu. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.urridaholtsskoli.is>.

### Nemendur

Skólaárið 2024-2025 voru við skólann nemendur á aldrinum 1-16 ára. Að lokinni aðlögun leikskólabarna að hausti 2024 voru 184 börn á leikskólastigi á sjö heimasvæðum, grunnskólabörn voru 360. Alls kláruðu því 544 nemendur skólaárið í Urriðaholtsskóla, sjá töflu. Skólaárið var sett formlega 22. ágúst 2024, en þá var aðlögun leikskólabarna langt komin. Aðlögun nemenda gekk vel á báðum skólastigum.

### Húsnæði

Eftir afhendingu nýja hússins (áfanga 2) vorið 2024 voru húsnæðismál góð. Búið er að afhenda meiri hluta útisvæði grunnskólastigs en restin verður unnin eftir að þriðja byggingaáfanga líkur. Eldhús var staðsett í tímabundnu einingahúsnæði við Hamar, aðstöðu tónlistaskólans en flutti í nýju bygginguna í febrúar 2025. Tvær kennslustofur í einingahúsnæðum á bílastæði ofan við skólann voru lítið notaðar þetta skólaár en það mun verða þörf fyrir þær strax á næsta skólaári. Sund var kennt í Sundlaug Álftaness og íþróttir í Miðgarði sem og í færanlegum kennslustofum sem fengu nafnið Legoland. Vinna við byggingu íþróttahúss og sundlaugar hófst á árinu og stefnt er að afhendingu þess í febrúar 2026. Leikskólastig hefur nýtt sér tvö svæði á jarðhæð grunnskóla megin í húsinu í nýrri byggingunni, en þau svæði fengu nöfnin Flöt og Mýri.

Árgangur	Fjöldi
2019	70
2020	32
2021	37
2022	21
2023	24
<b>Alls leikskóli</b>	<b>184</b>
1. bekkur - 2018	72
2. bekkur - 2017	59
3. bekkur - 2016	58
4. bekkur - 2015	42
5. bekkur - 2014	40
6. bekkur - 2013	33
7. bekkur - 2012	20
8. bekkur - 2011	14
9. bekkur - 2010	19
10. bekkur - 2009	3
<b>Alls grunnskóli</b>	<b>360</b>
<b>Alls nemendur</b>	<b>544</b>

### Skóladagatal og skóladagurinn

Samræmt skóladagatal er í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Í samstarfi við leik- og grunnskóla bæjarins var grunnur lagður að skóladagatali sem síðan var lagt fyrir skólaráð og síðar samþykkt af skólanefnd. Á [heimasíðu](#) skólans er hægt að nálgast skóladagatalið.

Á grunnskólastigi voru skóladagar 180 þar af sjö uppbrotsdagar; skólasetning, jólaskemmtun, öskudagur, nemendaviðtöl, vorhátíð nemenda og skólaslitadagur. Skólinn opnaði kl. 7:45 og honum var lokað kl. 16.30, nema á föstudögum var lokað kl. 16:00 á leikskólastigi. Leikskólabörn geta verið með vistun innan þess tímaramma, þó að hámarki 40 stundir á viku og grunnskólabörn geta mætt í hús frá opnun, en gæsla fram að kennslu er í lágmarki. Skóladagur grunnskólabarna var frá kl. 8:15 - 13:35 á yngsta stigi, eftir það tók frístund við, og frá kl. 8:15 - 14:05 á miðstigi.



Urriðaholtsskóli

Skóladagatal 2024-2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 M	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
2 F	2 M	2 M	2 M	2 L	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 Þ	7 F	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ	8 M	8 F	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 M
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 M	12 F	12 L	12 M	12 M	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M
15 F	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 S
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 M	17 F	17 Þ	17 M	17 M	17 F	17 L	17 M
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 M	21 M	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F	22 S	22 L	22 L	22 L	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 M	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 F	27 S	27 M	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 S	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 Þ	31 F	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L	31 M

**Rauðir dagar:** Skipulagsdagur starfsfólks - nemendur eiga frí! **Gulir dagar:** Skertir dagar þar sem stundataflan er brotin upp og skóladagurinn styttingi! **Bláir dagar:** Skipulagsdagur utan starfstíma skóla á grunnskólastigi. **Grænir dagar:** uppbrotsdagur kennara\* Dagur geta færst til vegna aðstæðna, þema vikur koma inn með haustskipulagi í ágúst. Skóladagur nemenda skulu vera alls 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir skipulagsdagur kennara eru fimm á starfstíma skóla (rauðir dagar) og átta til viðbótar hjá grunnskólakennurum (bláir dagar)

Skóladagatal Urriðaholtsskóla skólaárið 2024-2025

Samstarf heimilis og skóla

Dagleg samskipti og upplýsingagjöf milli heimilis og skóla fara að mestu í gegnum tvö kerfi, Vala á leikskólastigi og frístundarstarfi og Mentor á grunnskólastigi. Bæði kerfi er hægt að nálgast í gegnum smáforrit/app eða á vef. Kerfin halda utan um ástundun nemenda og foreldrar geta tilkynnt veikindi og leyfi. Auk þess að nota þessi kerfi fara vikulegir fréttapóstar til foreldra og foreldrasamtöl eru áætluð einu sinni á önn. Þá geta foreldrar eða skólinn kallað eftir samtölum þess fyrir utan. Notkun á Karellen er hætt nema sem vefumsjón fyrir skólann en enn er beðið eftir nýju vefumsjónarkerfi/heimasíðu og er vinna hafin að nýju vefumsjónarkerfi bæjarins.

Í Völu geta foreldrar á leikskólastigi einnig nálgast upplýsingar um daglegar athafnir barnsins, t.d. svefn og hvernig barnið borðaði. Kerfið býður einnig upp á stuttar skilaboðasendingar milli heimilis og skóla, sem og að skólinn sendir myndir úr starfinu auðkenndar hverju barni.

Mentor er kerfið sem heldur utan um skráningu grunnskólabarna. Þar er ástundun skráð og tölvupóstar sendir til foreldra. Unnið er að því að nýta kerfið enn frekar til skráningar á námsframvindu barna og stöðu.

Heimasíða skólans hefur verið í bráðabirgða formi meðan beðið er eftir að fá nýja heimasíðu. Á síðunni má í dag finna allar áætlanir sem skólanum ber að vinna eftir sem og margar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið sjálft.

Skólaráð

Samkvæmt 10. gr. laga um leikskóla (2008) og 8. grein grunnskólalaga skal starfa foreldraráð / skólaráð við skólann og í Urriðaholtsskóla er eitt skólaráð fyrir bæði leik- og grunnskólastig. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Starfsreglugerð og fundargerð skólaráðs eru birtar á [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is) <https://urridaholtsskoli.is/Foreldrafelagid/Skolarad>.

Í skólaráði sitja starfsmenn, foreldrar og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar í skólaráði Urriðaholtsskóla 2023-2025 skipa:

- Heiðdís Rut Hreinsdóttir, fulltrúi foreldra
- Sigríður Rún Siggeirsdóttir, fulltrúi foreldra
- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra
- Sigurlín Sæunn Sæmundsdóttir, fulltrúi leikskólastigs
- Felix Exequiel Woelflin, fulltrúi grunnskólastigs
- Una Guðrún Einarsdóttir, aðstoðskólastjóri grunnskóla
- Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri
- Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds og fulltrúi grenndarsamfélags
- Þóra Björg Hallgrímsdóttir, skrifstofustjóri, fulltrúi annars starfsfólks
- Þórey Huld Jónsdóttir og Arnrún Einarsdóttir sem tók við stöðu aðstoðarskólastjóra í maí en þá lét Þórey af störfum

## Foreldrafélag Urriðaholtsskóla

Í Urriðaholtsskóla er eitt foreldrafélag sem vinnur að því að styðja við skólastarfið í heild, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Stjórn foreldrafélags Urriðaholtsskóla haust 2023-vor 2025 skipa:

### Stjórn foreldrafélags

- Heiðdís Rut Hreinsdóttir, foreldri barns á leikskólastigi
- María Lind Jónsdóttir, foreldri barns á leikskólastigi
- Inga Hrund Magnúsdóttir, foreldri barna á leikskólastigi og grunnskólastigi
- Ari Freyr Valdimarsson, foreldri barna á grunnskólastigi
- Lára Björk Bragadóttir, foreldri barna á grunnskólastigi
- Linda Hrönn Karlsdóttir Schiöth, foreldri barna á grunnskólastigi

### Skoðunarmenn reikninga

- Ari Freyr Valdimarsson, foreldri barna á grunnskólastigi
- Svana Kristinsdóttir, foreldri barna á grunnskólastigi

### Fulltrúar í Grunnstöð

- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir, foreldri barns á grunnskólastigi
- Vera Rut Ragnarsdóttir, foreldri barns á grunnskólastigi

## Væntingar

Í Urriðaholtsskóla er unnið eftir væntingum til barna og starfsfólks. Væntingar gera börnum og fullorðnum ljóst hvers er vænst af þeim í hegðun, samskiptum, leik og námi. Þær áherslur ramma inn starfið og hafa bæði góð áhrif á samstarf heimilis og skóla og styðja við okkar sameiginlega verkefni sem er að stuðla að velgengni, vellíðan og þroska barna. Hægt er að lesa um væntingar í skólanámskrá skólans á [www.urridaholtsskoli.is](http://www.urridaholtsskoli.is). Markmið fyrir næsta skólaár er að útbúa væntingar fyrir foreldrasamfélagið og er grunnvinna hafin. Óskað verður eftir samstarfi foreldra í það verkefni. Væntingabók fyrir grunnskólastig, leikskólastig, frístund og stoðþjónustu er tilbúin og í notkun og eru í stöðugri þróun og endurskoðun. Vinna með væntingar í skólastarfi má sjá nánar í kafla hvers skólastigs.

## Ársskýrsla leikskólastigs

### Væntingar

Heimasvæði leikskólastigs styðjast við Vörðu skólans til að leggja inn væntingar um hegðun barna og Væntingabók Urriðaholtsskóla til að leggja inn væntingar til starfsfólks. Meginstefið í væntingavinnu barna er að leggja inn væntingar fyrir hvert verkefni og hverja stund dags fyrir fram, svo börnin hefðu þær á hreinu. Varðan er sýnileg inni á heimasvæðum og hjálpar t.d. í samverustundum þar sem hún minnir börn á að hafa hljóð, hlusta og passa hendur. Starfsfólk gefur börnum skýr fyrirmæli og fylgir þeim ákveðið eftir til að styðja við nám og vellíðan barna.

Lagt er upp með að farið sé yfir væntingar til barna og starfsfólks vel á haustin og þær síðan rifjaðar upp reglulega. Börnin taka þátt í að rifja væntingarnar upp með því að segja frá því hvernig gengur að fylgja þeim og hvað við getum gert til að fylgja þeim eftir. Þau hjálpa líka til við að finna hvaða væntingar eru notaðar.

Það auðveldar allt starf ef allir eru með sömu væntingar og þegar þær eru fáar er auðvelt er að fara eftir þeim. Í upphafi vetrar er lagt upp með að nota myndrænt skipulag með Vörðunni sem hangir upp á veggjum inn á deildum. Starfsfólk samræmir orðalag og fyrstu mánuði vetrarins er mikil áhersla lögð á að leggja inn væntingar til barna fyrir hvern tíma dags, til dæmis væntingar í fataklefa, á salerni, við matarborðið, í samveru o.s.frv. Starfsfólk samræmir orðalag og fyrstu mánuði vetrarins er mikil áhersla lögð á að leggja inn væntingar til barna fyrir hvern tíma dags, til dæmis væntingar í fataklefa, á salerni, við matarborðið, í samveru o.s.frv.



Samræma þarf enn betur notkun á væntingum sem og myndum þeim tengdum á næsta skólaári, með það fyrir augum að auka notkunina enn frekar. Þegar nýir starfsmenn hefja störf við skólann er farið yfir væntingabók skólans. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar koma að þessu ferli. Mikilvægt er að starfsfólk fái skýrar upplýsingar um væntingar skólans, rétt eins og börnin. Ef starfsmaður er ekki meðvitaður um hvers vegna hann fer fram á ákveðna hegðun hjá barni, er hættu á því að innlögnin verði ekki markviss og lítil sem engin eftirfylgni. Þar glatast tækifæri til að styrkja jákvæða hegðun og hjálpa börnum að finna öryggi í aðstæðum. Því er lögð áhersla á að allt starfsfólk fái sömu innlögn á væntingum og áherslum í starfi.

### Samstarf heimilis og skóla

Foreldrasamstarf var gott á öllum svæðum og sendur föstudagspóstur vikulega. Í föstudagspóstum er sagt frá því starfi sem fram fór í vikunni og til að kynna næstu viku, sem og ábendingar varðandi praktísk mál. Vala heldur utan um samskipti heimilis og skóla og þar er hægt er að senda starfsfólki skilaboð, föstudagspóstar koma þar í gegn, sem og myndir af börnum við leik og störf. Foreldrasamtöl voru á haust- og vorönn þar sem foreldrar og deildarstjórar fengu gott tækifæri til samtals. Gott samstarf var einnig vegna barna sem þurfa aukinn stuðning í námi og starfi, þar sem samskipti einkenndust af heiðarleika og virðingu. Eins voru foreldrar óhræddir við að senda tölvupóst eða hringja ef þeir vildu ræða sérstaklega við deildarstjóra eða stjórnendur.

Á vorönn buðum við foreldrum í heimsókn í tilefni af degi leikskólans. Yfirheiti dagsins var „Komdu að leika“ og komu foreldrar seinni partinn til að leika með börnunum. Þetta var einstaklega notaleg og góð stund og var einnig gaman að sjá eldri/yngrri systkini fara á milli deilda og leika. Dagur leikskólans átti að vera 6. febrúar en var færður vegnar rauðra veðurviðvarana og var honum frestað til 10. febrúar.

Í tilefni 7 ára afmæli skólans þann 23. apríl var opið hús fyrir aðstandendur á milli kl. 15 og 16. Þá gafst gestum kostur á að skoða verkefni barna sem búið var að hengja upp á deildum og í almennum rýmum skólans og heppnaðist dagurinn einstaklega vel.

## Þróunarverkefni og nýbreytni

### Samstarf við háskólanema í iðjuþjálfun

Veturinn 2024-2025 komu fjórir iðjuþjálfanemar að þjálfun 6 barna á leikskólastigi. Börnin voru á aldrinum 2-5 ára. Var aðkoma þeirra í formi þess að meta iðju barna (samskipti, að matast, salernisferðir, að klæðast, leik, félagsfærni o.fl.) út frá fínhyrfimati, grófhryfimati, skynhyrfimati, leikgleði, mati á vilja, mati á þátttöku og virkni, og framkvæmdagreiningu. Allt út frá stöðu hvers barns hverju sinni og í góðu samstarfi við deildarstjóra, þroskaþjálfara og sérkennslustjóra. Eftirfylgni mats var í formi fínhyrfiþjálfunar, grófhryfiþjálfunar, skynörvunar, aðlögunar athafna og iðju og/eða félagsfærniþjálfunar. Sótt var um hjálpartæki hjá Sjúkratryggingum Íslands/ Hjálpar-tækjamiðstöð fyrir eitt barn. Einnig sáu iðjuþjálfanemar um að skila niðurstöðum mats og þjálfunar-áætlun á teymisfundum til foreldra.

### Drullueldhúsið

Markmið verkefnisins var að búa til skapandi og aðgengilegt leiksvæði fyrir börn í útiveru með áherslu á náttúruleg efni, endurvinnslu, umhverfisvitund og hlutverkaleiki. Með tilkomu Drullueldhússanna gátum við dýpkað útkenndu og tengt leik, rannsókn og ræktun á skapandi hátt við daglegt líf barna í leikskólanum.

Við lögðum einnig áherslu á að virkja börnin í allri framkvæmd verkefnisins, allt frá undirbúningi og hönnun að notkun og þróun í daglegum leik.

### Framkvæmd og smíði drullueldhúsa:

Ræktun: Við hófum verkefnið á að taka til í gróðurgarðinum í júní 2025. Reyttum arfa og skiptum um jarðveg og börnin hjálpuðu svo til við að gróðursetja lauka, fræ og rabarbara í ræktunarkassa. Við þössuðum að velja gróður sem kæmi upp á mismunandi árstímum til að nægur efniviður væri til allt árið. Keyptar voru litlar og stórar garðkönnur, spreibrúsar svo allir gætu tekið þátt í að vökva og eins ef það vantaði vatn í matinn.

**Hönnun og smíði:** Tvö drullueldhús voru hönnuð af okkur og smíðuð af smiðum í Garðabæ og flutt til okkar með pallbíl og krana í byrjun júlí. Börnin fylgdust spennt með þegar eldhúsin komu í garðinn. Einnig var smíðaður kassi undir mold sem börnin gátu sótt til þess að nota í eldamennskuna. Það kom strax hugmynd að búa til auka kassa undir sand. Við ákváðum líka að setja borð með áföstum bekkjum hjá eldhúsinu til að skapa meira pláss til að þróa leikinn. Málning og uppsetning: Við keyptum fallega pastel liti og grunnnum grindverk í lok júní. Vegna óstöðugs veðurs hefur lokamálun dregist fram eftir sumri og þurftum við að koma tvisvar á laugardegi til að klára að mála. Myndataka og skráningar af málningarferlinu hófust í júní 2024. Við fengum foreldra leikskólabarna og íbúa hverfisins í lið með okkur til að safna dóti sem er hægt að nota í drullueldhúsi eins og pönnur, potta, diska, bolla o.fl.. Við keyptum vatnsdunka með krana og voru þeir festir á hillu fyrir ofan vaskana í

apríl 2025. Einnig keyptum við 2 borð með áföstum bekkjum til að setja í litla garðinn, kryddhillur, ausur og sleifar í maí 2025.

**Væntingabók:** Væntingabók fyrir kennara og börn um notkun drullueldhúsið var gerð í júní 2025.



**Uppskriftarbækur:**  
Uppskriftarbækurnar voru unnar í samvinnu við börnin og byggja á árstíðum. Við prentuðum og plöstuðum bækurnar og stefnum á að byrja að nota þær í útikennslu í haust 2025. Steinar voru málaðir, með posca pennum eins og grænmeti og ávextir og lakkaðir.



Niðursagaðir trjádrumbar voru nýttir sem pizzur og kökur.

## ART

Í ársbyrjun 2025 fóru fjórir starfsmenn á leikskólastigi á réttindanámskeið ART og tóku í framhaldi af því tvo hópa í ART þjálfun 6 börn í næst elsta árgangi og 8 börn í elsta árgangi leikskólans. Á meðan þær unnu að því að ljúka lokaverkefnum til ART réttinda. Í mars fór af stað félagsfærniþjálfun byggð á hugmyndum og uppsetningu ART stunda hjá nokkrum börnum sem eru of ung fyrir ART og köllum við það MiniART. ART þjálfun byggir á að sami hópur er í 12 vikur samfleytt í ART tímum 3 sinnum í viku og er unnið með þjálfun í félagsfærni, siðfræði og sjálfstjórn.

## Námskeið fyrir starfsfólk

Á þessu skólaári hefur starfsfólk tekið virkan þátt í fjölbreyttum námskeiðum sem hafa styrkt okkur í starfi með börnum og eflt fagþekkingu okkar. Allt starfsfólk leikskólastigs horfði á fræðslumyndband frá Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi, sem stuðlar að aukinni meðvitund og forvörnum í starfi með börnum. Allir starfsmenn Urriðaholtsskóla sóttu einnig hefðbundið væntinganámskeið þar sem farið var yfir vinnulag og starfshætti leikskólans, með það markmiði að tryggja samræmi milli deilda og skólasamfélagsins í heild.

Einnig sóttu allir starfsmenn námskeið um erfið foreldrasamskipti og foreldraþroska. Að auki horfðu starfsmenn á fræðslumyndbönd frá UNICEF og skiluðu diplómu til námsráðgjafa að námskeiði loknu. Menntadagur Garðabæjar var haldinn hátíðlega 1. nóvember í Urriðaholtsskóla. Okkur þótti sérstaklega ánægjulegt að taka á móti starfsfólki úr skólum bæjarins og bjóða upp á menntastofur í skólanum okkar þann dag.

Nokkrir starfsmenn sóttu einnig sérhæfð námskeið á borð við ART og TRAS, sem og skyndihjálparnámskeið. Einnig fóru fjórir starfsmenn á námskeiðið *Íslensku þorpið* sem fjallar um hvernig íslenska tengist leikskólastarfi. Þar er lögð áhersla á að læra íslensk orð sem tengjast leikskólafræðum. Þetta er liður í því að styðja við og styrkja starfsfólk okkar af erlendum uppruna.

## Viðburðir og vettvangsferðir

Viðburðir voru samkvæmt skóladagatali og voru meðal annars hrekkjavaka, bangsa- og náttfatadagur, jólaþeysu/rauður dagur, jólaball, öskudagur, dagur leikskólans, dótadagur og afmæli skólans. Skemmtilegt var að undirbúa þessa viðburði og þótti börnum einstaklega gaman að taka þátt. Heimsvæði voru skreytt á degi leikskólans ásamt afmæli skólans og var aðstandendum boðið í hús.

Í tilefni af hrekkjavöku var búningadagur og mikil gleði. Árgangar 2023 og 2022 voru með flæði á milli deilda og lauk deginum með danspartý inn í sal. Árgangur 2023 bjó til sína eigin búninga með því að koma með bol að heiman og við stimpluðum síðan með höndum og fótum á bolinn, gekk mjög vel en ekki allir nemendur voru tilbúnir að fá á sig málningu. Árgangar 2021 og 2020 voru einnig með flæði á milli deilda. Árgangur 2019 fékk unglingastig í heimsókn og skipulagði unglingastig stöðvar inn á deild.

Á haustönn stóð fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla fyrir Forvarnarviku í Garðabæ sem haldin var frá 4.-8. nóvember. Þema vikunnar var Samskiptasáttmáli Garðabæjar. Inn á svæðum var aukin Blæ vinna sett í daglegt starf ásamt samveru. Það var einnig regnbogaþema á miðvikudeginum þar sem starfsmönnum og börnum var boðið að mæta í öllum regnbogans litum ásamt því að nokkrar deildir lituðu mynd af regnboga og farið var yfir fjölbreytileikann í samfélaginu og t.d ólík fjölskyldumynstur. Forvarnarviku lauk með sameiginlegri stund þar sem það var risa danspartý með öllum nemendum í skólanum í hátíðarsalnum okkar.

Rétt fyrir jól var haldin rauður dagur eða jólaþeysudagur þar sem börnum og starfsfólki var boðið að mæta í rauðu eða jólaþeysum sem var mjög skemmtilegt. Þann sama dag borðuðum við einnig hátíðarmat í hádeginu og boðið var upp á kalkún og allt sem honum tilheyrir.

Á vorönn stóð fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla fyrir Viku 6 sem var haldin í fyrsta skipti hjá okkur upp í skóla. Vika 6 er forvarnarvika sem haldin var frá 3.-7. febrúar. Þemað þetta árið er líkaminn og kynfærin. Þessi vika er haldin til þess að bæta fræðslu og kennslu í kynheilbrigðismálum. Allar deildir tóku þátt í þessari flottu viku og nýttum við það efni vel sem var sett á vef Viku 6, þar sem þemað var vel hægt að vinna á fjölbreyttan hátt, út frá aldri og þroska hvers barnahóps.

Á Öskudegi var búningadagur og héldu árgangar danspartý ásamt því að kötturinn var sleginn úr tunnunni. Seinni partinn var síðan boðið upp á bíó fyrir eldri árganga. Yngstu árgangarnir slepptu bíóinu og voru í kósý stemningu inni á sínum svæðum.

Auk þessa voru fjölmargar vettvangsferðir þetta skólaárið þar sem við erum dugleg að nýta okkur nærumhverfi skólans hér í Urriðaholtinu. Lögð var áhersla á að njóta útiverunnar og hreyfa okkur reglulega með því að fara í gönguferðir um hverfið og niður að vatni. Elstu börnunum var boðið á viðburði í Tónlistarskóla Garðabæjar og í Hörpu sem þau nutu vel.

## Kennsluhættir

Á heimasvæðum leikskólastigs var unnið eftir eftirfarandi kennsluháttum:



## Lubbi finnur málbein:

Kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* var nýtt á fjölbreyttan hátt, meðal annars í samverustundum, hópastarfi, stöðvavinnu og gönguferðum. Einnig voru notuð ýmis spil og leikir tengdir Lubba, þar sem máhljóðaspjöldin voru nýtt. Hvert máhljóð var tekið fyrir í tveggja vikna kennslulotum, þar sem unnið var í litlum hópum til að tryggja betri skilning og dýpri innlögn hjá börnunum. Vísurnar slógu einnig í gegn og fannst börnunum rosalega gaman að læra og hlusta á þær. Afmæli Lubba var haldið hátíðlega 16. nóvember á degi Íslenskrar tungu.

Yngstu deildar fengu að kynna Lubba og voru dugleg að knúsa hann og hlusta á vísurnar sem tengdar eru við hljóðin. Klif, Klöpp og Kriki æfðu sig í því að greina fyrsta hljóðið í orðum, klappa atkvæði, ríma og auka orðaforðann. Þau æfðu sig einnig í að skrifa stafinn sem fylgdi hverju hljóði til þess að hjálpa þeim að muna betur.

Flöt og Mýri nýttu tækifærið og notuðu ferðalag Lubba um allt landið í landafræðiskennslu. Stórt kort af Íslandi var hengt upp og eftir að Lubbi var búinn að finna máhljóð vikunnar var farið í bíltúr á þann stað t.d. þegar hann var að finna M fórum við í bíltúr á Mývatn á kortinu. Stoppað var á helstu stöðum eins og t.d. Staðarskála þar sem það var píssu stopp. Einnig kom sú hugmynd að börnin myndu búa til Lubba möppu þar sem börnin æfa sig að skrifa stafina sem tengdust hljóðunum ásamt því að lita mynd af einhverju tengdu því hljóði. Þetta verkefni datt upp fyrir í vetur og var áherslan frekar á að tengja við landafræðina en gaman væri að nýta þessa hugmynd fyrir næstu ár.

Lubbafundir byrjuðu á vorönn þar sem einn starfsmaður fer á fund einu sinni í mánuði til þess að fara yfir stöðu hvernar deildar í Lubbastarfinu. Þetta var gert til þess að ýta undir samræmi milli deilda ásamt því að fá leiðsögn og stuðning til að efla starfsfólk sinnar deildar til að vinna með Lubba í almennu starfi. Þá var farið yfir mikilvægi þess að upplýsa heimilin enn frekar um vinnuna sem á sér stað með námsefnið.

## TRAS:

TRAS er skráningarlisti sem notaður er til þess að meta máltöku barna á aldrinum 2,2 ára til 5 ára. Niðurstöður úr TRAS-skráningunum voru síðan hafðar til stuðnings við að ákvarða hverjir áherslu þættir skulu vera í starfi hvernar deildar fyrir sig t.a.m í hópastarfi.

## Listsköpun:



Listsköpun var hluti af daglegu starfi allan veturinn. Þar fengu börnin að kynna mismunandi áferð og margvíslegum efnivið. Þar unnu börnin bæði listaverk fyrir ferilmöppur ásamt því að gera listaverk til þess að taka með heim.

## Vínátta forvarnarverkefni gegn einelti - Blær:

Vínátuverkefnið Blær var notað til að efla félagsfærni barna og styðja við tilfinningaþroska. Börnin sungu söngva, hlustuðu á sögur, skoðuðu myndir, ræddu málín og æfðu sig í að setja öðrum mörk og virða mörk annarra. Yngstu árgangar voru að kynna Blæ og knúsa hann, skoða myndir og átta sig á tilfinningum og hvernig þær geta litið út. Blær kennir börnum líka að það er gott að tjá sínar tilfinningar og að láta hugga sig.

### Opinn efniviður:

Stuðst var við opinn efnivið til þess að auka hugmyndaflug og gefa börnum frjálsa leið til að skapa sinn eigin leik.

### K-Pals (5 ára börn):

PALS stendur fyrir *Pör að læra saman* (Peer assisted learning strategies) og K stendur fyrir leikskóla. Aðferðin er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluáferð. Verkefnið styrkir hljóðkerfisvitund barna og kennir tengingu hljóðs og stafs og tengingu hljóða. Unnið var með hljóðkerfishluta K-pals í færnimiðuðum hópum út frá niðurstöðum Hljóm.

### Námsmat

Námsmat barna á leikskólastigi fór að stórum hluta fram í gegnum ferilmöppur og myndaskráningar. Börnin unnu ákveðin ferilmöppuverkefni yfir árið sem eru sameiginleg innan árganga og gekk vel að halda samræmi milli heimasvæða hvers árgangs. Í ferilmöppuna fór einnig myndaskráning af barninu yfir skólaárið. Á haustönn var formlegt foreldrasamtal þar sem farið var yfir virknimat nemenda. Farið var yfir líkamlegan þroska barnsins ásamt málþroska, tilfinningaþroska, félagsþroska og vitsmunalegum þroska. Einnig var farið yfir samskipti þess við börn og fullorðna.

Á vorönn hittu svo deildarstjórar foreldra aftur í óformlegu spjalli þar sem farið var yfir stöðu mála og einstaka málum fylgt eftir ef þörf var á. Á Flöt og Mýri voru hefðbundin foreldrasamtöl á haustönn, þar sem eina áskorunin var hversu mörg viðtölin voru. Á vorönn voru Flöt og Mýri með nemendastýrð samtöl þar sem börnin voru búin að undirbúa sig með því að svara spurningum um hvernig þeim líður í skólanum, hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað mætti fara betur.

Þá fór námsmat einnig fram í gegnum hefðbundna matskvarða á stöðu og námi barna eins og TRAS (börn frá aldrinum 2,2 ára), EFI-2 (börn fædd 2021) og Hljóm-2 (börn fædd 2019). Hljóm-2 var tekið beint eftir foreldrasamtölin og fóru í kjölfar þessa minni málörvunarhópar af stað til þess að vinna með þá þætti hljóðkerfisvitundar sem vantaði upp á. Þau börn sem þurfti að prufa aftur hækkuðu sig flest milli prófa. Auk þess voru notaðir AEPS listar, AHA skráningar fyrir hegðun, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil og aðrir listar notaðir eftir þörfum.

### Leikur, leikefni og námsgögn

Leikurinn er leið barna til náms og því er hann undirstaða allra hópatíma og kennsluhátta. Frjálsi leikurinn er einnig gríðarlega mikilvægur en þar þróa börnin með sér félagsfærni, æfa samskipti og máta sig í ýmis hlutverk og aðstæður. Lögð var áhersla á frjálsa leikinn í vetur og það leikefni sem boðið er upp á í leik er að mestu opinn efniviður þar sem börn skapa sinn eigin heim. Áhersla var lögð á bæði að kenna börnum að leika og hvernig þau komast sjálf inn í leik. Einnig var starfsfólki kennt að kenna börnunum þessa hæfni. Ýmislegt er notað í starfi barnanna, með áherslu á opinn efnivið; bækur, púsl, pinnar, duplókubbar, einingakubbar, dýr, bílar, föt, málning, fingramálning, litir og skæri. Þá hafa börnin einnig leikið sér með bangsa, krukkur, tuskur, spil og púsl, matardót, perlur og litlir sem og stórir plúsplús kubbar. Einnig á skólinn nokkuð af skóflum, fötum og boltum sem leikið er með úti.



Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik er afar mikilvægt. Það felst ekki eingöngu í því að fylgjast með leiknum, heldur einnig í því að styðja við hann og aðstoða börnin eftir þörfum, til dæmis með því að koma leik af stað þegar það á við. Starfsfólk gegnir einnig lykilhlutverki í því að leiðbeina og styðja við þróun leiksins, án þess þó að stýra honum beint. Mikilvægt er að starfsfólk séu jafn virkir þátttakendur í leik með börnum og börnin sjálf, vera nálægt, fylgjast með og grípa inn í þegar þörf krefst, meðal annars með því að minna á væntingar varðandi samskipti og hegðun hverju sinni.

Sama á við um útiveru. Þar sem leiksvæðið okkar úti er stórt, er jafn mikilvægt að starfsfólk sé sýnilegt og nálægt börnunum, til að geta brugðist við og stutt við leik þeirra eins og í leik inni.

Tíminn sem börn eyða í frjálsum leik gefur þeim tækifæri til að efla félagsfærni, ímyndunarafl og samvinnu. Því yngri sem börnin eru, því lengri tíma getur tekið fyrir þau að finna sig í leiknum og því mikilvægt að starfsfólk sé með í leik til þess að geta búið til leikinn fyrir þau. Leikurinn sjálfur þróast oft hratt hjá börnum, sérstaklega hjá eldri börnum sem fara fljótt inn í hlutverkaleiki.

Hlutverkaleikurinn sjálfur hefur þróast mikið innan barnahópsins – börnin skiptast á milli hlutverka, prófa sig áfram og eru dugleg að dreifa hlutverkum.

## Heimasvæði yngstu barna leikskólastigs – Kelda, Kjarr, Klettur

### Kelda – starfsfólk og nemendur

#### Kelda er heimasvæði barna fædd 2023

Deildarstjóri	Sigurlín Sæunn Sæmundsdóttir
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	4
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2023	12

### Kjarr – starfsfólk og nemendur

#### Kjarr er heimasvæði barna fædd 2023

Deildarstjóri	Elísabet Jónsdóttir
Leikskólakennarar	0
Leikskólaleiðbeinendur	6
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2023	12

### Klettur – starfsfólk og nemendur

#### Klettur er heimasvæði barna fædd 2022

Deildarstjóri	Dagbjört Ína Guðjónsdóttir (til mars 2025) María Luz Rack de Alva og Þórdís Linda Þórðardóttir (frá mars 2025)
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	5
Stuðningsfulltrúar	1
Fjöldi barna fædd 2022	21

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### 1. Á haustönn

Í september og október voru helstu áherslupættir að aðlagast leikskólanum og kynnast hvort öðru og læra að vera í leikskóla. Áhersla var lögð á læra að sitja í samverustundum, hafa hendur og fætur hjá sér, hlusta á hvort annað, heilsast og kveðjast, þakka fyrir og að æfa sig í að bíða.

Lögð var áhersla á markvissa málörvun, að lesa bækur um liti og dýr og að æfa sig að telja. Notuðum mikið sögukassa og loðtöflur til þess að gera söguna meira lifandi og fá börnin til að taka meiri þátt í því sem er að gerast. Börnin máluðu fyrsta málverkið sitt með fingramálningu. Og einnig teiknuðu þau sjálfsmynd. Í nóvember byrjuðum við svo með hópavinnu með Lubba, Blæ og YAP (Young Athletes Program).

Á þessum tíma gerðu börnin jólagjafir handa foreldrum sínum. Börn fædd 2023 gerðu jólakúlu með handafari og gervisnjó innan í og börn fædd 2022 máluðu krukku sem var kertalugt. Þau máluðu poka utan um gjafirnar og útbjuggu jólakort. Gerð var skráning um þetta ferli sem fór svo í ferilmöppuna

þeirra. Þá gerðu börnin 3-4 önnur verkefni tengd jólnum. Haldið var jólaball þar sem árgangur 2022 og 2023 voru saman og dönsuðu í kringum jólatréð við undirspil Ingvars Alfreðssonar.

## 2. Á vorönn

Á vorönn höfum við haldið áfram með þau markmið sem við vorum með á haustönn. Við héldum áfram að vinna að verkefnum og skemmtilegum leikjum sem styðja við þroska og færni barnanna. Við héldum áfram að leggja mikla áherslu á dagsskipulagið og halda rútinu inn á deild. Starfsfólk tók eftir því að þegar börnin vissu nákvæmlega hvað væri framundan og hvað væri ætlast af þeim gekk dagurinn miklu betur.

Ein af megináherslum var að efla félagsfærni barnanna – að leika saman, sýna hvert öðru virðingu og hlýju, æfa okkur að skiptast á og vinna að jákvæðum samskiptum, sama hvort það sé með tali eða líkamstjáningu. Við gerðum nokkur verkefni á önninni eins og að gera mjólkurtilraun ásamt því að lita með dóti, sem sló í gegn og vakti mikla forvitni.

Börnin fædd árið 2022 kynntust veðurfræðingnum þessa önnina. Þetta er skemmtilegt verkefni þar sem börnin fá að læra meira um veðrið okkar úti og gekk það vonum fram. Við lærðum einnig í gegnum veðurfræðinginn hvernig við ættum að klæða okkur til þess að fara út í allskonar veðrum. Árgangur 2023 fékk líka smjörþefinn að veðurfræðingnum en þau voru ekki eins viss með hvað það þýddi að vera að klæða sig eftir veðri.

Við héldum áfram að æfa okkur að klæða okkur, með mikilli hvatningu og stuðningi frá starfsfólki. Börnin hafa sýnt miklar framfarir í því og sýna mikið sjálfstæði þegar þau fá að gera þetta sjálf. Börnin fædd 2023 hafa verið í markvissri þjálfun að æfa sig á koppnum og börnin fædd 2022 hafa verið að æfa sig að fara á klósettið og hefur það gengið vonum fram þar sem nokkrir hættu að nota bleyju.

Árgangurinn 2022 hóf að ríma og klappa atkvæði í samveru og tókst það einstaklega vel. Söngstundir urðu að föstum lið á föstudagsmorgnum þar sem yngstu deildirnar hittust í salnum og sungu saman, þar var einnig sungið fyrir afmælisbörn vikunnar og hver og ein deild skipti vikunum á milli sín að sjá um söngstundina.

Öskudagurinn sló heldur betur í gegn hjá þessum aldri og mættu þau börn í búning sem höfðu áhuga á því og hittumst við inni í sal og slógum köttinn úr tunnunni, fengum rúsínur í verðlaun og dönsuðum hressilega.

## 3. Hvíld

Á yngri svæðum var aðeins sofandi hvíld. Hvert og eitt barn á sína dýnu, kotta og teppi. Þau koma inn í hvíldina og leggjast á sinn stað, hlusta á rólega tónlist og fara að sofa. Hvert og eitt barn kom með snuð og/ eða bangsa ef það átti við. Svefn barna gekk að mestu leyti vel á skólaárinu.

## 4. Göngutúrar og útivera

Ekki voru farnar langar vegalengdir í göngutúrum. Börn inn á Keldu og Kjarri voru mikið í gönguferðum innanhúss til að læra á húsnaðið og kynna skólanum okkar. Börn inn á Kletti gerðu slíkt hið sama nema fóru einnig í nokkra göngutúra í Vinagarð og fannst þeim einstaklega gaman að leika sér þar.



Lagt var mikið upp úr því að fara með börnin út og reyndum við að fara út með þau tvisvar sinnum á dag þegar veður leyfði það.

### 5. Mál og læsi

Mikil áhersla var lögð á gott málumhverfi inni á hverju heimasvæði. Öll börn fá málörvun daglega í gegnum lestur, samverustundir, matartíma, hópastarf og söng. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin til þess að skoða sjálf. Börnin fóru einnig vikulega í Lubba sem notaður var til málhljóðakennslu. Lubbastundir yngstu barnanna þ.e. þeirra sem eru fædd 2023 voru mjög einfaldar, við byrjuðum á að kynna Lubba og knúsa hann svo hlustuðum við á lagið um hljóð vikunnar og á vordögum fórum við svo að bæta við hugtökunum fyrir framan / aftan og o.s.frv. Og einnig að skoða litina og telja og klappa einföld atkvæði eins og t.d. nafnið þeirra. Þar gátu börnin tengt hljóð upphafsstafa við orð og hluti í daglegu starfi. Börnin fá tækifæri til að greina fyrsta hljóðið í orðum, klappa atkvæði, ríma, syngja og auka orðaforðann. Heimasvæðin eiga orðið ágætt safn af loðtöflusögum sem eru mikið notaðar og eins svokallaða sögukassa, börnin hafa mikinn áhuga á þeim þar sem sagan lifnar við með allskyns „persónum“ sem koma upp úr kassanum og gerir söguna enn áhugaverðari. Söngur er mikilvægur þáttur í málörvun og er lögð áhersla á endurtekningar og lögum með hreyfingum. Þar sem bókasafn er komið í Urriðaholtsskóla gátu svæðin nýtt sér það mikið til að ná í bækur og nýta í hópastarfi. Auk þessa voru nokkur börn sem fengu aukinn stuðning við málþroska og eru þá í málörvunarhóp, þannig þau fóru þá með kennara út af svæði í markvissar málörvunarstundir.

### 6. Sköpun

Sköpun var hluti af daglegu starfi allt skólaárið. Í sköpun er ekki aðeins verið að efla hugmyndaflug barnanna, heldur einnig sjálfstraust, fín- og grófhreyfingar, rökhugsun, þrautalausn og samskipti. Börnin unnu fyrir fram ákveðin verkefni sem fóru í ferilmöppur, en aðallega önnur verkefni, oft tengd árstíðum eða viðburðum. Í þessum verkefnum eru þau meðal annars að mála, teikna og líma eða jafnvel í frjálsum leik. Sköpun er góð leið til þess að tengjast umhverfinu og prófa sig áfram í ýmiss konar verkefnum. Í þessum skapandi verkefnum fá börnin frumkvæði til þess að framkvæma sínar eigin hugmyndir.

### 7. Hvað gekk vel og hvað má gera betur næst?

Það var krefjandi að aðlaga mörg börn á sama tíma og mikið af starfsfólki var nýtt í húsi og byrjaði á sama tíma og börnin. Það tók því lengri tíma fyrir starfsfólk að ná lendingu en gert var ráð fyrir, því reyndu meira starfsfólk náði ekki að kenna hinum nýju vegna tímaskorts í aðlögun. Fyrstu mánuðir annarinnar voru því þungir og bitnaði það aðeins á fagstarf inn á heimasvæðum.

Það sem stóð upp úr var hversu vel það gekk að halda í dagsskipulag og rútínu.

Áður en að skólaár hefst er því mikilvægt að ná að þjálfa nýtt starfsfólk áður en að börn hefja aðlögunartímabilið, þannig ættu allir að vita til hvers er ætlast af þeim. Einnig er mikilvægt að vera búin að sýna starfsfólki hvernig skólinn virkar og hverjar áherslur okkar eru. Væntingahandbókin kom sér vel en vantar auka kafla varðandi leik með yngri börnum og væri sniðugt að bæta því við. Gott væri einnig að bæta við kafla varðandi væntingar til stjórnenda gagnvart t.d. nýjum deildarstjórum .

Næsta haust verður unnið markvisst að kenna starfsfólki sín hlutverk, efla starfsfólk í að taka frumkvæði og upplýsa um þær væntingar sem við vinnum eftir innanhúss. Mikilvægt er að hafa sterka deildarstjóra sem geta leiðbeint starfsfólkinu sínu vel svo hægt sé að vaxa og dafna í starfi. Það voru hins vegar mikið af tilfærslum innanhúss, veikindum og fjarveru á haustönn og það bitnaði oftar en ekki á þeim verkefnum sem náðist ekki að byrja á eða klára. Tilfærslur á milli svæða, afleysingar og óstöðugleiki hafði klárlega mikil áhrif á börn inn á svæðum og er þetta einstaklega viðkvæmur aldur

fyrir nýtt fólk eða afleysingar að koma inn á. Í kjölfar krefjandi hausts og mikilla veikinda starfsfólks héldu starfsmenn þó í mikla jákvæðni og góð samheldni myndaðist inn á deildum.

Til þess að hægt sé að fara í fleiri vettvangsferðir með yngstu börnin er nauðsynlegt að það sé til kerra sem tekur að minnsta kosti 6 börn. Og enn betra ef þær væru tvær þ.e. ein fyrir hvora deild.

### Samantekt

Heilt yfir gekk skólaárið vel með tilliti til alls og samstarf á milli heimasvæða gekk mjög vel. Á Keldu og Kjarri byrjuðu 12 ný börn fædd árið 2023 og á Kletti byrjuðu 24 ný börn fædd árið 2022. Yfir heildina litið þá gekk aðlögun vel, börnin komu inn í tveimur til þremur hollum eftir aldri og tók aðlögunin tvær vikur. Þegar seinni barnahópurinn kom inn var fyrsti hópurinn búin að aðlagast að mestu á haustönn, sama á við um þriðja aðlögunarhópinn inn á Kletti. Deildarstjórar funduðu reglulega sjálfar ásamt því að hitta aðstoðarskólalastjóra á tveggja vikna fresti til að samræma starfið, sem var mjög gagnlegt. Eftir þennan skemmtilega vetur stendur upp úr hvað foreldrasamstarf gekk vel. Einnig gekk vel að halda utan um ferilmöppur og halda hópastarfi gangandi. Það sem við getum lært af þessum vetri er að hafa gott skipulag, flæði og samstillta starfsfólk enn frekar.

Mikilvægt er að halda áfram að efla allt starfsfólk í að tileinka sér þær kennsluaðferðir sem notast er við í Urriðaholtsskóla. Faglegt starf var ávallt í forgrunni og er verið að undirbúa hvað má bæta á næsta skólaári.



## Heimasvæði barna fædd 2020 og 2021– Klöpp, Kriki og Klif

### Klif – starfsfólk og nemendur

#### Klif er heimasvæði barna fædd 2020 og 2021

Deildarstjóri	Katarzyna Dreksa
Leikskólakennarar	1
Leikskólaleiðbeinendur	5
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2020	10
Fjöldi barna í maí 2021	13

### Klöpp – starfsfólk og nemendur

#### Klöpp er heimasvæði barna fædd 2020 og 2021

Deildarstjóri	Agnieszka Kolowrocka
Leikskólakennarar	2
Leikskólaleiðbeinendur	4
Stuðningsfulltrúar	1
Fjöldi barna fædd 2020	11
Fjöldi barna í maí 2021	12

### Kriki – starfsfólk og nemendur

#### Kriki er heimasvæði barna fædd 2020 og 2021

Deildarstjóri	Guðrún Fjóla Guðnadóttir (til mars 2025), Arnrún Einarsdóttir (mars til 19. Maí 2025) og Yoanna Tsvetanova Berkova frá 20. Maí 2025)
Leikskólakennarar	3
Leikskólaleiðbeinendur	3
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2020	11
Fjöldi barna í maí 2021	12

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### 1. Hreyfing

Hreyfing er ómissandi hluti af leikskólastarfi, hvort sem um ræðir hreyfingu úti eða inni. Það að standa upp frá verkefni og hreyfa sig gefur öllum nýja orku í daginn. Klif, Klöpp og Kriki notuðu salinn til hreyfingar og fóru þá til dæmis í þrautabraut eða YAP æfingar. Farið var út í gönguferðir og líka í frjálsan leik á útsvæðinu. Börnin stunduðu jóga og dönsuðu. Hópleikir voru kenndir eins og, hver er undir teppinu, bangsi lúrir, í grænni lautu, ein ég sit og sauma, enda bæði skemmtilegir og reyna bæði á hreyfingu og félagsfærni. Auk þessa hefur hreyfing verið fléttuð saman við aðra námsþætti eins og t.d. stærðfræði.

## 2. Þemaverkefni

Fuglaverkefnið var unnið eftir áramót á öllum deildum.

Börnin á Klöpp fengu kennslu um staðfugla og farfugla á Íslandi, helstu fæðu og hlustað var á hljóðin þeirra. Sungin voru lög um fuglana og unnið var með kennsluefnið Milli himins og jarðar – Hrafninn og síðu fuglavefur.is. Vísan „Krummi krunkar úti“ var mikið rædd á deildinni. Börnin gerðu krumma grímur og settu upp leikrit eftir laginu um krumma. Þau teiknuðu svo myndir úr laginu og gerðu krumma úr klósettrúllum. Tveir og tveir hópar tóku þátt í samvinnu verkefni að búa til tvo stóra krumma úr pappakössum og dagblöðum. Börnin gerðu líka lóu myndir.

Á Krika voru hengdar upp myndir af hinum ýmsu fuglum, farið í gönguferð um skólann og fuglaveggspjaldið skoðað og spjallað um fuglana. Við gerðum líka myndir af heiðlóum, sem við stimpluðum með fótum barnanna. Einnig fengum við að sjá dúfu egg og myndir af dúfu ungum. Við sungum hin ýmsu fuglalög og voru krummalögin vinsælust meðal barnanna.

Á Klif var verkefni okkar að búa til kíkí sem við notum til að fylgjast með fuglum og náttúrunni í kringum okkur. Við spilum sudoku með fuglum sem hjálpar okkur að muna þá betur. Á deildinni höfum við hengt upp myndir af mismunandi fuglategundum sem börnin skoða og ræða um. Við máluðum lunda og lærðum að lita eftir ákveðnum reglum. Við hlustuðum á fuglasöng á meðan við slökuðum og einnig í íþróttasalnum þar sem við reyndum að dansa eins og fuglar.

## 3. Slökun/jóga/núvitund

Á skólaárinu var lögð áhersla á að öllum liði vel, starfsfólk lagði sig fram við að koma til móts við börnin þar sem hugsjón skóla án aðgreiningar var í fyrirrúmi. Einnig vorum við að einbeita okkur að því hafa rólegar stundir inn á milli í starfinu okkar á skólaárinu.

Jóga æfingar eru frábær leið til að bæta samhæfingu og styrkleika barna. Jóga myndar á frábæran hátt hæfileika til að halda einbeitingu við verkefni. Með jógaæfingum sem hæfa börnum ná þau að styrkja líkamann og um leið vera í núvitund. Börnin á Klöpp tóku þátt í æfingunum á sínum forsendum í salnum og í útikennslu. Börnin á Krika fóru í hvíld eftir hádegismatinn og hlustuðu á sögu, rólega tónlist eða slökunaræfingar. Einnig vorum við með teygjuæfingar og jógaheyfingar í samverustundum. Börnin frá Klif tóku fyrst hvíld. Þriggja ára börnin hlustuðu á slakandi tónlist og bækur, en fjögurra ára börnin hlustuðu á bók sem kennarinn las. Yngri börnin hættu þó fljótlega að leggja sig, svo í hádeginu höfðum við róleg verkefni og leiki ásamt slökun og jóga. Við höfðum einnig þriðju samveru, þar sem börnin ná ró áður en þau fara heim: við lesum bækur, hlustum á slakandi tónlist og gerum jóga og teygjur. Við horfum líka á litabreytingar og stjörnur í loftinu.

## 4. Samskiptafærni

Félagsfærni er nauðsynleg öllum til að geta starfað og notið sín með öðrum. Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ hefur verið hjálplegt til að leggja okkur lið í vináttuverkefnum og eins höfum við notast við fullorðins stýrða leiki. Fullorðinn er alltaf til staðar yfir daginn til að grípa inn í aðstæður eða ef börnum vantar hjálp inn í leikinn. Hlutverk fullorðinna er að sýna jákvæð og hvetjandi samskipti, hjálpa börnum að leysa úr ágreiningi með jákvæðni, kenna börnum að nota orð

sem stuðla að góðum samskiptum og eru hjálpleg og styðja börn í að finna leiðir til að leysa úr ágreiningi.

### 5. Mál og læsi

Á skólaárinu var lögð áhersla á verkefni sem tengjast TRAS- gátlistanum, hljóðkerfisvitundinni, samsettum orðum, orðhlutaeyðingu, hljóðtengingu og margræðum orðum. Farið var í málörvandi leiki og spil til að styðja við málþroska barna. Þannig var líka gott að fylgjast með hvort börnin væru búin að ná þeirri færni sem ætlast er til og gefur starfsfólki



möguleika á að æfa það sem upp á vantar. Farið var yfir málskilning, málvitund, framburð og orðaforða. Þá var stuðst við máhljóðæfnið Lubbi finnur málbein til að læra hljóðin. Í Lubbastundum æfa börnin þau hljóð sem þau ættu að kunna miðað við aldur, þau fá tækifæri til að greina fyrsta hljóðið í orðum, klappa atkvæði, syngja og auka orðaforðann. Málörvunarstundir voru hluti af hópastarfi, vali, matartímanum og samverustundum og reynt var að hafa þær alla daga vikunnar.

### 6. Rökhugsun, tilraunir, stærðfræði o.fl.

Börnin á Klifi, Klöpp og Krika unnu mikið með kubba í vetur og þá sérstaklega einingakubba, legókubba í ýmsum stærðum og segulkubba. Þegar verið er að byggja eru börn að æfa stærðfræðihugtök og rökhugsun til þess að byggingarnar gangi upp og geti staðið og stækkað. Mikil framför var á byggingum barnanna yfir veturinn, þar sem þær styrktust og urðu fjölbreyttari eftir því sem leið á. Þau kynntust grunnformunum hring, ferning og þríhyrning auk annara forma eins og til dæmis stjörnu og sexhyrningi.

### 7. Sköpun

Í sköpun er ekki aðeins verið að efla hugmyndaflugið heldur einnig sjálfstraust, fín- og grófhreyfingar, þrautalausn og samskipti. Börnin teiknuðu, lituðu, klipptu, límdu og máluðu og nýttu mikið endurnýtanlegt efni þegar þau voru að skapa. Bæði voru unnin fyrir fram ákveðin verkefni og verkefni þar sem börnin tóku stjórnina sjálf og réðu ferðinni. Í gegnum fuglaverkefni tókst börnunum á Klöpp að búa til tvo stóra krumma úr pappakössum og dagblöðum, litla krumma úr klósettrúllum, krumma grímur og mála krumma og lóu myndir.

Börnin á Krika gerðu Lóu myndir, stimpluðu fiðrildi og gerðu alls kyns föndur. Föndur var oft í boði og vakti það mikla lukku. Einnig fengu þau að æfa skynfærin með því að leika með sandleir sem vakti mikla lukku hjá hópum.

Börnin á Klif - listsköpun gefur börnum tækifæri til að tjá sig og þjálfar bæði fín- og grófhreyfingar. Við lögðum mikla áherslu á alls konar skapandi verkefni eins og að mála, klippa, líma



og einnig að sauma. Það eru börnin sjálf sem velja hvernig þau skapa listaverkin sín og þau trúa á eigin getu.

### Samstarf milli heimasvæða og skólastiga

Deildarstjórar náðu ekki að hittast eins oft og við hefðum viljað til samráðs. Ástæðuna teljum við vera mannekla sem var mjög mikil á köflum og erfið aðlögun inn í skólann vegna mikils fjölda nýrra barna. Við vorum að vinna að svipuðum verkefnum yfir árið og leggja áherslu á sömu þætti og samskiptin voru góð milli deilda og allir voru duglegir að deila verkefnum og hugmyndum sín á milli.

Flæði milli deilda á föstudögum var reglulega og gekk það vel.

Deildirnar hittust í söngstund á föstudögum og daglega í útiveru. Við slóum saman í danspartý á hrekkavökunni og á glimmerdaginn (dagur einstakra barna). Fyrir öskudaginn var samvinnuverkefni milli deildanna að skreyta kassa sem svo var “kötturinn sleginn” úr í sameiginlegu öskudagspartýi.

### Samantekt

Veturinn gekk heilt yfir vel. Aðlögun var þung á Klifi vegna nýs starfsfólks og fjölda barna í aðlögun. Aðlögunin gekk betur á hinum deildunum.

Mannekla og rót í starfsmannahópnum hafði áhrif á starfið í húsinu. T.a.m. féllu deildarfundir niður sökum þessa sem gerði það að verkum að erfiðara var að samræma vinnu milli deilda.

Deildarstjórn á Krika var ekki í eins föstum skorðum og hugnast hefði, en þar voru skipti á þeim þrívægis í vetur. Þó svo að rótið hafi haft áhrif á börnin gekk starfið þar inni vel og voru skiptin milli deildarstjóra þannig að nokkur skörun varð á starfstíma þeirra svo hægt var að stilla saman strengi.

Við teljum mikilvægt að hafa góða eftirfylgni fyrir nýja deildarstjóra í starfi. Að það séu settar upp væntingar til þeirra svo þau viti betur til hvers er ætlast af þeim.

Við viljum árétta að það er óheppilegt að þurfa að vera háður eigin síma til að geta sinnt þeim verkefnum sem við þurfum að sinna. Ekki er hægt að gera kröfu á að við notum okkar persónulegu farsíma til starfsins án þess að bærinn leggi nokkuð til þar á móti.

Við erum mjög ánægðar með aukningu þroskaþjálfara í húsi og störf þeirra. Viljum halda áfram að þróa þetta starf enn betur og við teljum að það sé frábær viðbót og eykur gæði starfsins hjá okkur.

Innleiðing vinnu eftir farsældarlögum er í gangi og gætir nokkurs óöryggis með vinnuferla þar í. En eins og gefur að skilja eru alltaf hnökrar sem koma upp við innleiðingu nýrra verkefna og því gæti verið gott að setjast niður með sérkennslustjórum og deildarstjórum einu sinni til tvisvar sinnum á önn til að ræða hvernig ferlar eru.

Þrátt fyrir manneklu og stembna kafla í vetur gekk vel að halda rútinu og við náðum að halda okkur við það námsefni sem við áætluðum að leggja inn og vinna með. Það að hver deild eigi sitt fasta heimasvæði skapar ró og festu fyrir börn og starfsfólkið sem auðveldar rútinu og ánægju allra.

Heilt yfir erum við ánægðar með störf okkar þennan vetur og kveðjum hann þakklátar fyrir reynsluna og tókum spenntar á móti nýju skólaári.

## Heimasvæði barna fædd 2019 – Flöt og Mýri

### Flöt og Mýri – starfsfólk og nemendur

#### Flöt og Mýri er heimasvæði barna fædd 2019

Deildarstjóri	Agnes Ólöf Pétursdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (til Janúar 2025) Guðrún Gylfadóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir (frá janúar 2025)
Leikskólakennarar	2 (fyrir áramót) og 1 (eftir áramót)
Leikskólaleiðbeinendur	12
Stuðningsfulltrúar	0
Fjöldi barna fædd 2019	70

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

#### 1. Útikennsla og hreyfing

Í vetur var lög áhersla á verkefni sem heitir Hverfið mitt. Börnin fóru í göngutúra um hverfið og lærðu betur á sitt nærumhverfi. Það var tekin mynd af börnunum fyrir utan heimil sín og þau gerðu síðan veggspjald út frá því. Í hreyfingu var lært allskonar æfingar og hvað hver æfing getur verið góð fyrir líkamann.

#### 2. Sköpun

Við vorum heppin í vetur að geta verið með góða aðstöðu fyrir sköpun og gátu börnin farið inn í það rými og leyft ímyndunaraflinu að njóta sín án þess að þurfa að spá í að þurfa að ganga frá. Það voru t.d. gerðar grímur úr plastpokum og eldfjöll. Rýmið var síðan notað til að skapa leikmyndina fyrir leikritin sem börnin gerðu á vorönninni.

#### 3. Heimsóknir og ferðir

Það var farið í nokkrar ferðir í vetur. Við fórum tvisvar í Hörpuna. Fyrst sáum við Ástarsögu úr fjöllunum og síðan var farið í aðventuferð þangað. Eftir aðventuferðina fengum við okkur göngutúr um miðbæinn, fengum okkur samlokur á Austurvelli og kíktum á jólaköttinn. Samkvæmt hefð skólans var farið í aðventukaffi í Golfskálann en í ár fór 3.bekkur með okkur. Þetta gekk allt saman mjög vel og væri gaman að halda þessu áfram.

#### 4. Hópastarf

Lagt var upp með að vera með 6 hópa sem myndu rúlla yfir veturinn á stöðvum. Lýðræði/Blær, Lubbi/landafræði, útikennsla, málörvun/spil, leiklist/tónlist, sköpun og hreyfing. Ef það komu upp veikindi var lögð áhersla á að útikennslan og sköpunin myndu alltaf standa.

Hver hópur var á tveimur stöðvum á dag (þriðjud., miðvikud. og fimmtud.) nema þau sem voru í útikennslu voru í því verkefni alla þá viku.

#### 5. Dagsskipulag og valtafla

Dagsskipulagið í vetur var sett upp þannig að á mánudögum og föstudögum var flæði á milli svæða f.h. Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum var farið í hópastarf f.h. Það var alltaf borðaður hádegismatur kl.11:30 og farið beint út eftir hann. Þegar börnin komu inn úr útiveru var flæðandi

nónhressing. Þegar börnin voru búin að borða var farið í val. Við fengum valtöfluna úr frístund þar sem þau voru að færa sig yfir í rafræna töflu.

Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum var einnig farið með litla hópa á bókasafnið.

### Samstarf milli heimasvæða og skólastiga

Samstaf milli skólastiga gekk vel í vetur. Við fengum t.d. unglingastigið í heimsókn á hrekkjavökunni. Það gekk vel en að okkar mati hafði unglingastigið mátt vera virkara í samstarfinu. Væri gaman að endurtaka þetta næsta vetur.

3.bekkur er okkar vinabekkur og er alltaf gott samstarf þar á milli þó það mætti vera meira. Farið var í aðventukaffi í Golfskálann, þau voru með okkur á jólaballi skólans og yfir veturinn komu þau reglulega niður til okkar og lásu fyrir krakkana. Þetta gekk allt saman mjög vel og verður gaman að halda áfram með þetta næsta vetur.

Á vor önninni byrjuðu börnin að fara í heimsókn í frístund. Það gengur alltaf jafn vel og börnin alltaf jafn spennt fyrir því. Þetta er eitthvað sem mætti mögulega byrja fyrir



Við byrjuðum einnig samstaf við 1.bekk á vorönninni. Á mánudögum og föstudögum borðuðum við með þeim í matsalnum og fórum síðan með þeim út á skólalóðina og vorum þar alla útiveruna. Þetta gekk ótrúlega vel og er strax byrjað að tala um að halda þessu áfram næsta vetur og þá mögulega byrja fyrir.

### Samantekt

Þegar skólaárið byrjaði voru allir tilbúnir í þennan vetur enda mikill undirbúningur búinn að eiga sér stað til að grípa þennan stóra 68 barna hóp sem síðar á önninni urðu 70. Bæði börn og starfsfólk voru tilbúin í þetta stóra verkefni og sýndi það sig strax í byrjun þegar börnin fóru að detta inn eftir sumarfrí. Börnin voru öll gripin af fagmennsku enda miklar breytingar að eiga sér stað hjá þeim og mörg þeirra að flytja um deild í fyrsta skipti síðan þau byrjuðu í Urriðaholtsskóla. Það var umtalað af bæði foreldrum og starfsfólki hvað börnunum gekk vel að aðlagast nýjum stað, nýju kerfi á borði við valið, nýjum og meiri væntingum o.s.frv. Þó það hafi vissulega komið smá bakslag eins og gengur og gerist á svona tímum en það er óhætt að segja að það hafi ekki staðið lengi yfir.

Ein af ástæðunum sem við teljum að breytingarnar hafi gengið svona vel er bæði allt rýmið sem við fengum og það að áherslan var á sjálfsprottna leikinn hjá börnunum. Rýmið bauð upp á það að börnin

gátu dreift sér vel um svæðið og því notið sín betur. Hægt var að skipta hópnum upp í marga minni hópa en síðan var líka hægt að vera með stærri hópa.

Í september þegar börnin voru búin að lenda á nýju svæði og starfsfólkið líka var byrjað í hópastarfi. Það byrjaði að krafti og gekk mjög vel. Starfsfólkið var búíð að taka að sér viss verkefni fyrir hvert starf og því allir með á nótum hvað ver átti að gera.



Það voru vissulega smá byrjunarerfiðleikar eins og við mátti búast með svona stóran hóp eins og t.d. hvaða leið væri best að fara þegar börnin voru að færa sig á milli svæða, hvað hver tími ætti að vera langur o.s.frv. En það var gert ráð fyrir þessum hlutum og starfsfólkið tók samtalið og ræddu sín á milli hvað mætti betur fara og það var gert og lagað. Þegar leið á haust önnina fór að halla aðeins undan fæti. Starfsfólkið var allt orðið þreytt af álagi og þá aðalega vegna manneklu sem átti sér stað þessa önnina vegna veikinda starfsfólks. Þetta tóku deildarstjórar og annað starfsfólk skólans eftir líka. Voru allir starfsmenn sammála um að þetta skólaár yfir heildina hafi byrjað erfiðlega. Mikið um starfsmannabreytingar og veikindi settu þar strik í reikninginn.

Eftir áramót færði annar af tveimur deildarstjórum sig yfir í stoðþjónustuna. Við tók annar deildarstjóri eftir áramót og því

nýjar áherslubreytingar með því.

Í byrjun apríl var kerfið stokkað upp. Vegna niðurstaðna úr foreldra könnun, var ákveðið að ramma deildarnar meira inn. Í könnuninni kom fram að fólk var óánægt með flæðið sem að var milli svæða. Því var ákveðið að hver deild væri meira inni á sínu svæði. Dagskipulag var gert sem og einstaklings dagskipulag fyrir hvern og einn starfsmann. Einnig voru gerðar væntingar sem áttu bæði við um svæði og hvert val fyrir sig.

Þegar horft er á skólarið er heilt yfir hægt að segja að það hafi gengið vel þó upp og niður eins og við má búast. Þó að skipulagið hafi verið gott fyrir deildina og svæðið vel nýtt er einnig óhætt að segja að 70 börn er ansi stór bita sem ein deild á leikskólastigi.

## Ársskýrsla grunnskólastigs

### Viðburðir og menning á skólaárinu

- Jólalestur
- Popplestur
- Stóra upplestrarkeppnin
- Litla upplestrarkeppnin
- Hrekkjavaka
- Ferðalag á Reyki
- Skíðaferð unglíngastigs
- Hjóladagur
- Vetrarleikar
- Brennómót
- Árshátíð 7.bekkjar
- Árshátíð unglíngastigs
- Heimsókn barnabóka rithöfunda (Bjarni Fritzzson og Gunnar Helgason)
- Allir árgangar á grunnskólastigi fóru á símfóniútónleika í Hörpunni
- Frekari viðburðir eru taldir upp hjá hverjum árgangi síðar í skýrslunni

### Fræðslu- og forvarnarráð

Fræðslu- og forvarnarráð Urriðaholtsskóla var stofnað í september 2022 og starfar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Í ráðinu sitja fulltrúar frá bæði leik- og grunnskólastigi ásamt skólahjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa og forstöðumanni frístundar/félagsmiðstöðvar. Fulltrúar fyrir skólaárið 202-2026 voru: Dagbjört Ína Guðjónsdóttir (leikskóli), Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir (sérkennslustjóri á leikskólastigi), Hanna Ósk Helgadóttir (grunnskóli), Íris Ósk Ingadóttir (frístundaheimili/félagsmiðstöð), Steiney Snorradóttir (námsráðgjafi) og Hildur Ýr Hvanndal (skólahjúkrunarfræðingur). Ráðið sat reglulega samráðsfundi og skráði fundarefni í fundarskrá.

### Markmið og viðfangsefni veturinn 2024-2025

- Forvarnavika Garðabæjar var haldin í byrjun nóvember 2024 og var áhersla lögð á kynningu á nýjum samskiptasáttmála Garðabæjar þar sem einkunnarorðin eru skapandi hugsun, sjálfstæði, seigla, sjálfstjórn og samkennd
- Samskiptavika sem var haldin í janúar 2025 þar sem unnið var með félagsfærni, góð samskipti og vináttufærni.
- Vika sex var haldin í febrúar 2025 og var lögð sérstök áhersla á kynfræðslu og kynheilbrigði á grunnskólastigi en leikskólastig hvatt til þess að taka þátt í vikunni. Þema ársins 2025 var líkaminn og kynfærin og var unnið með þemað á fjölbreyttan hátt, út frá aldri og þroska hvers barnahóps.
- Fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk um réttindi barna er hluti af innleiðingu á því að Garðabær fái vottunina Barnvænt sveitarfélag frá UNICEF.
- Allt starfsfólk Urriðaholtsskóla sat netnámskeið fyrir fagfólk um kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglínginga hjá Barna og fjölskyldustofu fyrir aldur þeirra barna sem starfsfólk vinnur með.

### Fræðslur

- Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk
- Samfélagslöggan fyrir mið- og unglíngastig
- Sigga Dögg fyrir unglíngastig

- Vímuefnafræðslan Veldu fyrir unglingastig
- Algorythminn sem elur mig upp fyrir mið- og unglingastig
- Sjúk ást - rauð og græn flögg í samskiptum fyrir unglingastig
- Réttindi barna - Barnvænt sveitarfélag fræðsla fyrir alla nemendur á leik- og grunnskólastigi)

## Þróunar- og rannsóknarverkefni

### Frímínútnafjör - leikjaleiðtogar

Frímínútnafjör er byggt á norsku vinaverkefni sem er starfrækt í rúmlega 1000 skólum í Noregi og fleiri löndum í Evrópu með góðum árangri. Verkefnið í Urriðaholtsskóla hefur verið í þróun síðastliðin þrjú ár og koma þrír aðrir skólar í Garðabæ að verkefninu. Verkefnið Frímínútnafjör fékk þróunarstyrk frá Garðabæ sem gerði verkefnastjórum kleift að útbúa kynningu fyrir nemendur, kynningu fyrir Leikjaleiðtoga, bréf til foreldra um verkefnið, leikjahandbók og leiðbeiningabók fyrir verkefnastjóra.

Verkefnið er hannað fyrir nemendur í 4.-7. bekk í grunnskólum og er markmiðið að 1) að auka hreyfingu nemenda í frímínútum með skipulögðum leikjum, 2) að stuðla að vellíðan nemenda í frímínútum og vinna gegn útilokun og einelti, 3) að skapa uppbyggilegan og jákvæðan skólabrag, 4) að þjálfa leiðtogahæfni og gefa börnum tækifæri á ábyrgð.

Að taka að sér hlutverk leikjaleiðtoga fylgir ábyrgð að mæta á réttum tíma og hitta verkefnastjóra, fara í vesti, setja upp stöðina og bjóða öðrum að koma og vera með í leik í frímínútum. Mörg börn mæta beint á stöðvarnar og geta hafið leik en hlutverk leikjaleiðtoga er að virkja önnur börn á skólalóðinni og bjóða þeim að taka þátt. Lögð er áhersla á að leikjaleiðtogar bjóði börnum með nafni að vera með í leiknum. Eitt af markmiðum verkefnisins er að öll börn fái spurninguna „viltu vera með?“ í frímínútum. Verkefnið frem fram tvisvar sinnum á skólaári, að hausti og að vori og stendur yfir í tíu vikur í senn. Þegar verkefnið klárast hverju sinni koma allir leikjaleiðtogar saman úr grunnskólum Garðabæjar og eiga góðan dag sem kallast *þakkardagur leikjaleiðtoga*.

Val á leikjaleiðtogum á sér stað að í upphafi haustannar og í upphafi vorannar þar sem verkefnið er kynnt fyrir nemendum og óskað er eftir því að áhugasamir nemendur skrái sig. Einungis er óskað eftir nemendum sem eru tilbúnir til þess að sinna verkefninu að heilindum þar sem verkefnið er val og krefst bæði tíma og þátttöku. Umsjónarkennarar og verkefnastjórar velja leikjaleiðtoga hverju sinni og við valið er litið til framkomu nemenda í skólanum, vináttufærni og leiðtogahæfni. Á meðan á verkefninu stendur styðja verkefnastjórar við nemendum með því að vera með þeim úti í frímínútum ásamt því að funda reglulega með leikjaleiðtogum þar sem nýir leikir eru valdir og nemendur fá færi til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Vilhelm Már Bjarnason íþróttakennari og Steiney Snorradóttir námsráðgjafi eru verkefnastjórar fyrir Frímínútufjör í Urriðaholtsskóla.

### Innleiðing gagnreyndra kennsluaðferða í Urriðaholtsskóla

Frá því að Urriðaholtsskóli var stofnaður hefur stefna skólans verið að nota gagnreyndar aðferðir við kennslu. Haustið 2018 þegar kennsla á grunnskólastigi hófst fór samhliða af stað innleiðing á stýrðri kennslu (direct instruction) og fimipjálfun (byggð á kennsluaðferðinni precision teaching). Sú vinna stendur enn þá yfir og þjálfun nýrra kennara á sér stað á hverju skólaári með námskeiðum og þjálfun í kennslu. Vorið 2022 bauðst skólanum að fara í samstarf með Morningside Academy í Seattle í Bandaríkjunum þar sem markmiðið var að innleiða Morningside módelið í Urriðaholtsskóla. Módelið er þróað af Dr. Kent Johnson stofnanda skólans og hans samstarfsfólki frá stofnun skólans árið 1980 en það samanstendur af gagnreyndum og árangursríkum kennsluaðferðum og bekkjarstjórnunar- aðferðum. Samningurinn sem gerður var gerir ráð fyrir því að samstarfið standi yfir í þrjú ár. Markmið

Þessa annars samstarfsárs var að halda áfram að kenna kennurum að nota svokölluð hröðunnarkort (Standard celeration chart) í kennslu lesturs, skriftar og stærðfræði. Jafnframt að kenna og þjálfra kennara til að nota hröðunnarkort til að taka ákvörðun um kennslu í kennslustundum miðað við hvernig námi nemenda þróast í rauntíma. Sérstök áhersla var á bekkjarstjórn og skipulag kennslusvæðis sem og þýðingu námsefnis og námsefnisgerð. Þá var mikil áhersla lögð á þjálfun kennara sem og þjálfun þjálfara. Þjálfarar eru í þessu tilfelli deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólalastjóri grunnskólastigs.

Þá var áhersla lögð á að kenna kennurum að velja væntingar miðað við þá hegðun sem þeir vildu kenna sínum nemendahópi næst. Í því í samhengi

Þetta þriðja samstarfsár gekk afar vel og mátti sjá miklar framfarir í bæði kennslu og námi. Sérstaklega vel heppnað var innleiðing svokallaðar textafimi. Þegar hefur verið gerður samningur um næsta skólaár en þá verða áhersla á lesskilning nemenda.

### Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Þetta verkefni miðar að því að stuðla að þátttöku innflytjendafjölskyldna í menntasamfélaginu og í ferli félagslegrar aðlögunar nemenda af erlendum uppruna. Verkefnið miðar að því að mynda tengsl milli menntasamfélagsins og innflytjendahópsins og grípa inn í mennta- og félagslega þætti. Í verkefninu voru haldnir fræðslufundir með tulkum en einnig var boðið upp á páskaeggjagerð sem var mjög vinsæl og lokahóf. Sjá frekar í lokaskýrslu hjá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ.

### FabLab hugsmíði – Hönnunarsmiðja hugsmíði

Í byrjun verkefnisins, eftir heimsókn í FabLab Reykjavík, kom í ljós að FabLab hugtakið er ekki rétta hugtakið í þessari vinnu, betra hugtak er hönnunarsmiðja hugsmíði. Markmið verkefnisins er að efla hæfni nemenda í lausnamiðaðri hugsun og skapandi ferlum með því að styrkja tæknilega færni þeirra og hvetja til markvissrar nýtingar á hönnunarsmiðju-aðstöðunni í Urriðaholtsskóla. Lögð er áhersla á að innleiða hönnunarhugsun sem miðlæga nálgun í kennslu, þar sem nemendur læra að greina vandamál, þróa hugmyndir og prófa lausnir í skapandi og gagnrýnu umhverfi. Með þessu er einnig stefnt að því að auka nýsköpunarhæfni nemenda með kennslu í hugmyndavinnu, þróun og framkvæmd nýrra lausna.

Val, kaup, uppsetning og þjálfun kennara í notkun á búnaðinum tók megnið af skólaárinu en í lok árs tókst að hefja kennslu með hóp á miðstigi sem lærði grunninn á forritin fyrir tækin og fengu nemendur meðal annars að prenta út 3D mólur sem þeir hönnuðu og skera út eigin hönnun með vínlskeranum.

Til að meta árangur er horft til þess hvort þátttaka nemenda í skapandi og tæknilegum greinum aukist, hvort þeir tileinki sér notkun á nýjustu tækni og búnaði innan hönnunarsmiðjunnar og hvort þeir sýni aukna hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun. Þá er einnig lögð áhersla á að verkefni nemenda endurspegli hönnunarhugsun og nýsköpun, og að þau nýti hönnunarsmiðju-aðstöðu skólans á markvissan og skapandi hátt.

## Yngsta stig

### Lestrarkennsla, málörvun og málfræði

Nemendum í 1.-3. bekk er skipt í færnimiðaða hópa í íslensku með það að markmiði að mæta þeim þar sem þau eru stödd í lestrarnámi. Viðfangsefni hópa eru því ólík eftir því hvar nemendur standa. Nemendum var skipt á milli 15 kennara á liðnu skólaári. Áherslur kennara taka því mið af færni nemenda í hópnum hverju sinni en viðfangsefnum má í grófum dráttum skipta niður á 4 stig sem

byggja hvert ofan á annað. Sumir hópar eru þó að vinna með sameiginlega þætti að hluta eftir því hver færni viðkomandi hóps er.

Fyrstu daga skólaársins voru gerðar staðsetningarathuganir á öllum nemendum yngsta stigs og samkvæmt þeim gögnum var þeim raðað niður í færni miðaða hópa. Síðan var viðkomandi hópi öllum kennt í einu, í öllum lotum, innan kennslustundarinnar. Skipulag kennslustunda er breytilegt á milli kennara að því leiti að misjafnt er hversu langar lotur er unnið í hverju viðfangsefni en lengd lotu byggir á úthaldi nemenda í viðkomandi hópi. Markmiðið er að lengja loturnar smám saman og byggja þannig upp úthald og athygli nemenda. Þannig getur verið unnið í 4-8 mínútna lotum í einum hópi á meðan annar hópur er komin upp í 10-25 mínútna lotur. Þá er notast við tímavaka til að nemendur átti sig á hversu löng hver lota er innan kennslustundarinnar.

Sjónrænt skipulag á töflu fyrir hverja lotu með mínútufjölda. Sjónrænt skipulag eykur færni nemenda til að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og eykur einnig virkni og úthald. Með þessu vita nemendur hvers er ætlast til af þeim út alla kennslustundina. Til að ná fram virkni í námi hjá höpnum í heild sinni eða hjá einstaklingum innan hópsins er notast við ýmis konar hvatningarkerfi eins og stjórnunemandi, kennari/nemandi leikur og Good behavior game. Þessar aðferðir aðstoða nemendur við að fylgja væntingum kennslustundarinnar og til að ná sínum markmiðum með jákvæðri styrkingu.

Töfluvinnu (boardwork) er skilvirk leið til innlagnar á nýjum atriðum og auka færni í lestri en einnig leið til að tengja saman kennd atriði og fimipjálfun. Í fimipjálfun er verið að þjálfva kennd atriði í lestri eða skrift þar sem unnið er eftir einstaklingsmarkmiðum markmiðum nemenda og tryggt að færni sé náð í kenndum atriðum.

Hröðunnarkort eru notuð í fimi æfingum í lestri sem og fimi æfingum í skrift, þar sem fylgst er með framvindu hvers nemanda fyrir sig. Kortin eru ýmist fyllt út af kennara eða stuðningsfulltrúa fyrir framan nemendur eða nemendur eru komnir með færni til að fylla sín kort út sjálfir. Markmið með því að nemandi læri að fylla kortið út sjálfur er að þeir fylgist með sínum einstaklings-markmiðum hverju sinni í skrift og hljóðun bókstafa.

Staðsetningarathuganir eru teknar reglulega eftir að nemendur hafa lokið ákveðnum fjölda kennslustunda í handriti og nemendur færast þar af leiðandi á milli færni miðaðra hópa eftir námsframvindu hvers og eins.

### Stig 1

Á stigi 1 var með hljóðkerfisvitund þar sem gerðar eru æfingar eins og að ríma, tenging hljóða og orða í töluðu máli. Tengsl hljóðs og stafs kennd sem og tenging hljóða í orð og setningar samkvæmt aðferðum stýrðrar kennslu og gerðar fimiafingar á þeim hljóðum og orðum sem þegar hafa verið kennd. Nemendum er kennt að draga rétt til stafs og gerðar fimiafingar í skrift á hljóðum, orðum og setningum.

Lestrarkennsla stigsins byggir á handriti 1 sem þýtt er úr efninu How to teach your child to read in 100 easy lessons. Í handriti 1 eru undirstöðu atriði lesturs kennd sem og upphaf málfræðikennslu svo sem hástafi, lágstafi, sérnöfn og ákveðnar undantekningar í framburði á málhljóðum. Þá eru einfaldar sögur lesnar og unnið með spurningar úr texta og myndmáli. Málskilningur var kenndur með fjölbreyttu efni t.d. Tölum saman og Orðagull.

### Stig 2

Á stigi 2 eru nemendur farnir að vinna með flóknari lesskilningsverkefni og eru sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þeir grunn málfræðipættir sem kenndir voru á stigi eitt sem og viðbótarþættir eins og greinamerkjasetning eru nýttir í setningauppyggingu í lestri og ritun.

Í hverri kennslustund var farið í fimiafingar þar sem æfing var í að tengja hljóð og orð úr hljóðum og orðum sem þau hafa þegar lært. Áframhaldandi þjálfun með rétt blýantsgrip og að draga til stafs.

Unnið er með fimiafingar í skrift á hljóðum, orðum og setningum. Unnum með 100 algengustu orðin, unnum með texta þar sem markmiðið var að auka orðaforða og málskilning nemenda. Notast var við bókina "Skrift" til að ýta undir vönduð vinnubrögð og að dregið sé rétt til stafs.

### Stig 3

Á stigi 3 unnu nemendur í handriti 2–6. Í þeim handritum er lögð áhersla á lesskilning sem og málfræðiatríði svo sem samheiti og andheiti og greinamerki. Í handritunum er lögð áhersla á að þjálfva

nemendur í að svara spurningum úr texta í heilum setningum. Í hverri kennslustund var unnið með orð á töflu og orðakassa sem inniheldur þau orð sem mikilvægt er að nemendur kunni að lesa og skilji áður en texti er lesinn og bæta í mál- og lesskilning nemenda. Gerðar voru fimíæfingar í orðum og textalestri daglega.

**Stig 4**

Á stigi 4 var áhersla lögð á lesskilning, málfræði og þjálfun nemenda í sjálfstæðum vinnubrögðum. Í upphafi hverrar kennslustundar var 20 mínútna töfluvinna þar sem áhersla var lögð á orðaforða, hraðan lestur, lesskilning og aga. Nemendur fengu þjálfun í að greina aðalatriði frá aukaatriðum í texta og öðluðust þannig dýpri skilning á lesefninu. Nemendur unnu með Sestu og lestu vinnubækurnar – bæði grænu og bláu bókina – auk lesefnisins Loftur og Gullfuglarnir. Málfræðileg atriði voru einnig í brennidepli og lærðu nemendur að greina í orðflokka t.d. nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Nemendur fengu þjálfun í að greina orðflokka út frá samhengi t.d. með því að nota vinnubók sem fylgdi lestrarefninu. Nemendur fengu einnig þjálfun í fallbeygingu nafnorða og flokkun þeirra í sérnöfn og samnöfn. Auk þess var lögð áhersla á lesfimi, og náðu nemendur að ljúka stigum 1 til 5 með góðum árangri.

**Stig 5**

Á 5. stigi var áhersla á stafsetningu, ritun, lesskilning, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð. Hver dagur byrjaði á fimi æfingum í lestri, paralestri en einnig töfluvinnu í samræmi við nýjan lesskilning hverju sinni. Nemendur fengu sögur sem þau lásu og svöruðu spurningum við, þau fengu einnig ritunarverkefni sem þau fengu að spreyta sig í að afla sér upplýsinga sjálfstætt í gegnum tölvur eða nýttu hugmyndaflugið.

## Skýrslur heimasvæða á yngsta stigi

### Hlíð – árgangur 2018

Umsjónarkennarar	Finnur Jónsson Guðbjörg Pálsdóttir Hanna Ósk Helgadóttir
Atferlisfræðingar	Lára Björg Einarsdóttir Erla Sif Sveinsdóttir Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir
Þroskaþjálfari	Kristín Ösp Sigurðardóttir
Stuðningsfulltrúar	Aníta Sif Örvarsdóttir Arnar Smári Arnarsson Bragi Guðmundsson Dagur Kári Finsen Eva Lís Ingólfssdóttir Gunnar Freysson Halldóra E. Björgúlfssdóttir Hildur Hrönn Arnarsdóttir Hlynur Freyr Elvarsson Jóhann Valur Þorsteinsson Karen Rós Smáradóttir Kristófer Máni Pálsson Marlóa Björt Kristins Mikael Logi Hallsson Nova Jenn Palaca Madrinan Pálmar Sveinsson Rebekka Ásta Kristinsdóttir Shannon Dale Thompson Styrmir Björn Gunnarsson Walaa Jneid
Fjöldi nemenda ágúst 2024	73
Fjöldi nemenda maí 2025	71

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Væntingar á heimasvæði

Í upphafi vetrar var fyrst farið vel yfir væntingar í frístundarskólanum sem var í boði fyrir nemendur sem voru að byrja í 1. bekk. Í upphafi kennslu í 1. bekk var síðan haldið áfram að vinna með væntingar. Þær voru kenndar, æfðar og sýnilegar upp á veggjum alls staðar þar sem nemendur eru. Í upphafs kennslu stunda var farið yfir væntingar tímans í þeirri vinnu sem var verið að vinna.

Yfir skólaárið var unnið með væntingar á öllum svæðum, t.d. væntingar á heimasvæði, væntingar í matsal, væntingar í útiveru og fleira.

### Ritun og almenn málfræði

Kennt var að draga til stafs, hvenær nota á há og lágstafi og hvernig fyrirmyndarsetningar líta út. Lögð var áhersla á skapandi skrif þar sem nemendur gerðu 6 vikna ritun og önnur verkefni í sögubók. Garðar voru æfingar í hljóðkerfisvitund og málörvun af fjölbreyttum toga, t.d. með kennsluefninu Orðagull. Ýmis verkefni voru unnin í kjölfarið, ýmist bókleg eða skapandi en verkefnin voru svo gjarnan hengd upp á heimasvæði.

### Stærðfræði

Í stærðfræði var unnið með bækurnar Sproti 1a og 1b, aukafni af heimasíðunni Gyldendal.no, stærðfræði fimi auk annarra auka verkefna sem kennarar bjuggu til.

Unnið var með talnaskilning, talningu, lestur talna, mynstur, mælingar, form, hugtökin stærra og minna og samlagningu og frádrátt.

Á skólaárinu var lögð mikil áhersla lögð að draga rétt til stafs, telja á einum, tveim, fimm og tíu. Stærðfræðifimi var lögð inn og mun sú vinna halda áfram og byrja strax á næsta skólaári.



### Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið var með forrit í upplýsingatækni sem efla íslensku og stærðfræði. Í íslensku var smáforritið Orðagull mest notað sem og verkefni frá *Út fyrir bókina*. Í stærðfræði voru smáforritin Sproti og Georg notuð. Í smiðjukennslu fengu nemendur kennslu í forritun og lærðu á forritin *Light Bot* og *Box Island*.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Á liðnu skólaári fengu nemendur 1. bekk mikla kennslu í félagsfærni. Í smiðjum fóru öll börn í Vináttuþjálfun KVAN. Í janúar var samskiptavika Urriðaholtsskóla þar sem nemendur gerðu ýmis verkefni tengd samskiptum og vináttu. Forvarnavika Urriðaholtsskóla er haldin einu sinni á ári og gerðu nemendur verkefni í tengslum við hana.

Við fengum hjúkrunarfræðing til okkar til að kenna okkur um almennt hreinlæti. Þar fengu þau t.d. kennslu í hvernig maður þvær sér um hendurnar.

### Náttúru- og samfélagsgreinar

#### Árstíðir

Nemendur lærðu um árstíðirnar og hvað einkennir þær og aðgreinir í íslenskri náttúru. Nemendur lærðu um heiti vikudaganna og mánuðina og hvernig almanakið er uppsett. Í þeirri vinnu var stuðst við efni úr bókinni Halló heimur 1.

## Líkaminn

Í líkamapemanu lærðu nemendur heiti og staðsetningu líffæra og líkamsparta. Unnu einstaklings- og hópverkefni um líkamann.

## Húsdýrin

Nemendur fengu fræðslu um húsdýrin átta; svín, kýr, kind, hænu, hund, kött, hest og geit. Nemendur bjuggu til sína eigin húsdýrabók. Við enduðum þemað á að fara í húsdýragarðinn.

## Umferðarfræðsla

Nemendur lærðu helstu umferðarreglur gangandi- og hjólandi vegfarenda. Ásamt því var farið yfir öruggustu leiðina í skólann og önnur hugtök í umferðinni. Í þeirri vinnu var stuðst við efni úr bókinni Halló heimur 1 ásamt verkefnablöðum og úrklippu verkefni.



## Útikennsla



Í útikennslu var markmið hópsins að æfa sig í að fara í gönguferðir. Farið var í vettvangsferð í nærumhverfi til þess að skoða og skilgreina umferðarumhverfið en einnig til að fara yfir hegðun í umferðinni. Nemendur bjuggu til útilistaverk fyrir gangandi vegfarendur.



## Kennsluhættir

Í íslensku fór kennsla fram í færnimiðuðum hópum þvert á árganga þar sem kennt var með stýrðri kennslu ásamt fimipjálfun. Stærðfræði einkenndist einnig af stýrðri kennslu og fimipjálfun sem og hlutbundinni og óhlutbundinni stærðfræði. Einnig var notuð töfluvinna sem hefur reynst okkur vel í stærðfræði. Í Náttúru- og samfélagsfræði var stuðst við sýnikennslu, hópavinnu, þulunám og þjálfunaræfingar sem og umræðu og spurnaraðferðir.

Lögð var áhersla á að skapa góða námsmenningu, efla vinnusemi, vinnufrið og vináttu.

## Námsmat

Námsmat var birt í námsframvindu í Mentor. Metin fög í Mentor voru íslenska, stærðfræði, list- og verkgreinar og skólaíþróttir og sund. Allir nemendur í 1. bekk fara reglulega í staðsetningakönnun í lestri tengda framvindu lestrarnáms í stýrðri kennslu. Lesskimun, skimunarpróf var lagt fyrir í byrjun haustsins, þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu sem eru; málskilningur og orðaforði, bókstafa og hljóðaþekking og hljóðkerfis- og hljóðavitund. Þá er Lesfimi Menntamálastofnunar lögð fyrir nemendur í september, janúar og maí. Í Náttúru- og samfélagsfræðigreinum var unnið með leiðsagnarmat. Árangursviðmið voru kynnt fyrir nemendum og unnið með fjölbreytta endurgjöf og æfðu nemendur sig í að nota sjálfsmat.

## Vettvangsferðir

Á haustönn var farið í Tónlistaskóla Garðabæjar á tónlistarleikþáttinn Dýravisur í október. Það gekk mjög vel og nemendur höfðu gaman af.

Samfélagslöggan kom og var með fræðslu um umferðaröryggi og gaf þeim endurskinsmerki.



Farið var í árlega jólaheimsókn í Golskálann Odd en þar var nemendum boðið upp á kek og safa. Tveir jólasveinar mættu síðan á svæðið og sungu með nemendum og gáfu þeim mandarínur.



Í febrúar voru vetrarleikar Urriðaholtsskóla og fórum við á skauta í Egilshöll. Öll börn fóru á skauta og skemmtu sér vel.



Barnamenningarhátíð Garðabæjar er haldin í apríl og var okkur boðið í listasmiðjuna *Klapp, klapp, stapp, stapp*. Í smiðjunni dönsuðum við saman við klapp og stapp. Öll börn höfðu gaman af og lærðu þau fullt.

### Húsdýragarður

Seinustu vikur höfum við verið í þema um húsdýrin og fórum við í tilefni þess í lok þemans í Húsdýra og fjölskyldugarðinn til að skoða húsdýrin. Nemendur áttu góðan dag í garðinum, við grilluðum pylsur og við skemmtum okkur vel saman.



### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Hittum vinabekkin okkar 4. bekk í samskiptavíkunni. Þar spiluðu árgangarnir saman spil og léku sér. Hittingurinn gekk vel. Við hefðum mátt gera þetta oftar yfir skólaárið.



Í lok skólaárs byrjuðum við í samvinnu með verðandi 1. bekk (Flöt og Mýri). Alla mánudaga og föstudaga borðuðu hóparnir saman hádegismat og fóru saman út í útiveru. Markmiðið með því var að auka samskiptin á milli og árganga í leik og starfi. Árgangurinn fór inn í þetta verkefni með það markmið að vera fyrirmynd fyrir yngri börnin og kenna þeim væntingarnar í matsal og útiveru.

### Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl - Fyrsta viðtal við foreldra voru hópviðtöl þar sem nemendur komu í 6 manna hópum með foreldrum. Þar var farið yfir fyrirkomulag í skólanum, dagskipulag og þess háttar. Næsta viðtal var í október, þau viðtöl voru undirbúin þannig að nemendur voru tekin í viðtal hjá kennara. Í viðtalinu svöruðu nemendur ýmsum spurningum um skólabyrjun og líðan í skóla. Nemendur svöruðu einnig svipuðum spurningum heima. Í viðtalinu var síðan farið yfir þetta saman og rætt út frá því.

Föstudagsfréttir - Flesta föstudaga voru sendar föstudagsfréttir á forsjáraðila með upplýsingum um hvað gert var í vikunni og því sem fram undan væri.

Fræðsla til foreldra - Haldin var haustfundur fyrir foreldra og fengu þau að auki fyrirlestur frá Kvan um samskipti skóla og heimilis.

## Samantekt

Skólaárið 2024 – 2025 gekk vel. Hópurinn var fjölmennur og fjölbreyttur og náðum við að ramma þau vel inn í upphafi skólaárs. Eftir á hyggja voru opnu svæðin erfið, til dæmis matsalur, gangur og svæði á milli heimasvæða. Farið var í samhent átak með stjórnendum og fleira starfsfólki að ramma nemendur inn þegar þau fóru á milli þeirra svæða. Í lok skólaárs rýndu kennarar í skólaárið hvað gekk vel og hvað hefði mátt gera betur. Mikil vinna var lögð í hópaskiptingu með það markmið að blanda hópnum á sem fjölbreyttastan hátt. Það tókst vel að mati kennarar og þar gafst kennurum tækifæri til að kynnast hvert öðru og öllum kennurum árgangsins. Kennurum þótti ganga mjög vel að kenna nemendum færni í samskiptum og að vinna saman í hópum. Það kom sérstaklega vel í ljós þegar nemendur unnu saman í þemavinnu vetrarins. Í upphafi skólaárs var lögð mikil áhersla á ritun og stafdrátt og það skilaði sér í miklum framförum í ritun. Kennarar eru sammála um að vettvangsferðir vetrarins hafi heppnast mjög vel. Vel kom út að hver nemandi hafði sína spjaldtölvu, þannig var hægt að samtvinna notkunina betur við kennsluna.



## Höfði – heimasvæði barna fædd 2017

Umsjónarkennarar	Helena Líf Magnúsdóttir Rúna Björg Ársælsdóttir Svavar Már Ólafsson
Atferlisfræðingar	Snædís Ósk Jóhannsdóttir Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Rebekka Ásta Kristinsdóttir Hera Björg Ingadóttir Marlóa Björt Kristins Mikael Logi Hallsson Jóhann Valur Þorsteinsson Kristófer Máni Pálsson Arnar Smári Arnasson Bragi Guðmundsson Dagur E. Finsson Hlynur Freyr Elvarsson
Fjöldi nemenda í ágúst 2024	57
Fjöldi nemenda í maí 2025	58

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Vinna með væntingar á heimasvæði

Í vetur var unnið mikið með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Farið var reglulega yfir væntingar á heimasvæði, rútu, útisvæði, fótboltavelli, matsal og fleira. Sérstök áhersla var lögð á væntingar á útisvæði og fótboltavelli yfir veturinn.

## Ritun

Skólaárið 2024 – 2025 unnu nemendur ritunarverkefni í sögubók. Einnig var gert ritunarverkefni út frá leiksýningunni Krakkarnir í hverfinu ásamt því að skrifa sögur um sumarfrí, vetrarfrí, jólafrí og páskafrí. Önnur ritunarverkefni áttu sér stað í íslensku kennslu en þar æfðu nemendur sig í að draga til stafs í skriftarfimi. Einnig voru ritunarverkefni fléttuð inn í aðrar námsgreinar yfir veturinn. Bækurnar Ritrún 1 og Litla Lesrún voru notaðar til að dýpka kunnáttu nemenda á íslensku máli. Mikil áhersla var lögð á sögugerð. Þar fengu nemendur verkefni að gera sögur með upphafi, miðju og endi en einnig að velja aðalpersónu og sögusvið.

## Stærðfræði

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti í stærðfræði. Yfir allt skólaárið voru nemendur í fimipjálfun þar sem þeir reiknuðu eins mörg dæmi og þau gátu á 30 sekúndum, fjórar til fimm umferðir í einu. Tilgangur var að þjálfna færni í grunnþáttum svo sem samlagningu og frádrætti og byggja upp úthald og athygli.

Nemendur gerðu einnig fimi æfingar í að skrifa tölustafi í 30 sekúndur í einu, þrisvar til fimm sinnum í einu. Tilgangur slíkra æfinga var að festa færni í sessi, svo sem að snúa tölustöfum rétt og byggja upp góðan grunn í aðgerðum sem og að æfa úthald. Notast var við Evelytes snjallforrit og nemendabók, Sprotta 2a nemendabók og æfingahefti, Sprotta 2b nemendabók og æfingahefti, fimi blöð, fjölbreytt prentuð stærðfræðihefti, Stærðfræðispæjara 1-2, verkefni í iPad, útikennslu, hlutlæg verkefni og fleira.

Nemendur nýttu sér heimasvæðið í hinar ýmsu mælingar eftir að hafa verið í mælingakafla í Sprotta. Stærðfræðin var einnig samtvinnuð með útikennslu þar sem við leystum ýmsar stærðfræðiprautir úti.

## Upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsingatækni var unnið með Evelytes en það er kennsluleikur sem er hannaður til að kenna börnum stærðfræði með fjórum sinnum meiri hraða en sést hefur. Leikurinn er ætlaður börnum á öllum aldri en notast er meðal annars við talningu, plús og mínus, margföldun og jafnaðarmerki.

Þá var lögð áhersla á að kenna nemendum að nýta spjaldtölvur sem öflugt verkfæri til upplýsingaöflunar. Í gegnum þemakennslu lærðu nemendur að leita heimilda á netinu og nota þær á gagnrýninn hátt.

## Lífsleikni og samskiptafærni

Kennsla í lífsleikni og samskiptafærni fór fram í formi umræðna og verkefnavinnu. Í upphafi skólaárs var lögð sérstök áhersla á mikilvægi góðra samskipta og hvernig við viljum að komið sé fram við okkur. Rætt var um hvað einkennir góða vini og hvaða hegðun er dæmigerð fyrir traust og vináttu. Til að styrkja samskipti og félagsfærni nemenda fengum við KVAN inn í okkar starf, þar sem unnið var með samskipti, virðingu og félagsfærni nemenda. Þá var haldin foreldrafundur með KVAN. Auk þess heimsótti okkur yfirþjálfari knattspyrnudeildar Stjörnunnar en hann fór yfir hlutverk jákvæðra leiðtoga og mikilvægi þess að sýna öðrum virðingu - bæði innan íþróttaiðkunar og í daglegu lífi.

## Náttúru- og samfélagsgreinar

Náttúru- og samfélagsfræðigreinar voru kenndar í þemavinnu en einnig var unnið í bókinni Halló heimur 1. Þemaverkefni voru ýmist unnin í stílabók sem og í skapandi vinnu þar sem nemendur unnu bæði einstaklingsverkefni og í hópum. Skapandi verkefni voru síðan hengd upp á veggjum skólans eða sett í ferilmöppu nemanda. Þemaverkefni voru eftirfarandi:

## Ánamaðkar

Unnið var með bókina Milli himins og jarðar - Ánamaðkar. Nemendur unnu hefti sem var útbúið úr námsefninu. Börnin voru að fræðast um grunnþarfir ánamaðka og mikilvægi þeirra í náttúrunni. Í lok þessa verkefnis var farið í vettvangsferð og ánamaðkar týndir, settir í box og rannsakaðir. Mikið var unnið í hópum í þessu verkefni og samþætting mikil, meðal annars samvinna, stærðfræði og ritun.



### Jólatrésföndur


Krakkarnir í öðrum bekk föndruðu skraut á jólatréð. Föndrið heppnaðist ótrúlega vel og tók sig vel út á jólatré í hátíðarsal skólans.

### Risaeðlur

Í risaeðlupema var áhersla lögð á aðgreiningu jurtaætna og kjötætna, þar sem farið var yfir helstu eðliseinkenni þeirra. Nemendur kynntust ýmsum tegundum risaeðlna, þar á meðal grameðlu, finngákn og fleiri spennandi tegundum. Til að dýpka þekkingu þeirra fékk hver og einn nemandi það markmið að verða sérfræðingur í tiltekinni risaeðlu. Nemendur kynntu sér lifnaðarhætti hennar, svo



sem hvernig hún aflaði sér fæðu, hvernig hún varði sig og hvernig hún aðlagaðist umhverfinu. Nemendur skráðu helstu einkenni sinna risaeðlu og bjuggu svo til sín eigin útgáfu af henni. Nemendur föndruðu einnig haus á risaeðlu og fylltu hann af lýsingarorðum sem tengjast og einkenna risaeðlur. Þessi nálgun gerði námsefnið bæði lifandi og skemmtilegt, auk þess hvatti það nemendur til virkrar þátttöku og skapandi hugsunar.




### Lína Langsokkur og Astrid Lindgren

Nemendur tóku virkan þátt í skapandi verkefnum tengdum Línu Langsokk. Þeir gerðu mynd af Línu og lærðu að flétta hárið á henni, sem styrkti bæði fínhyfingar og skapandi tjáningu. Myndirnar voru síðan hengdar upp á vegg skólans. Auk þess unnu nemendur fjölbreytt verkefni í sér útbúnum heftum og í stílabókum, sem hjálpuðu þeim að dýpka skilning sinn á persónu Línu sem og höfundinum Astrid Lindgren. Nemendur hlustuðu á sögu hennar og fengu tækifæri til að vinna ritunarverkefni þar sem þeir tjáðu sig um það sem þeim fannst merkilegast við Línu Langsokk - hvort sem það var sjálfstæði hennar, hugrekki eða skemmtileg uppátæki.



### Könnum kortin

Í eftirfarandi þema var unnið með bókina Könnum kortin 1 sem veitti nemendum fjölbreytta og gagnlega innsýn í kortalestur. Markmið þessa þema var að efla skilning nemenda á áttum, lestri korta og hagnýtingu kortabóka. Nemendur unnu verkefni sem tengdust þessum viðfangsefnum, þar sem þeir lærðu að túlka og lesa kort, skilja hvernig mismunandi tákn og merkingar eru notaðar. Einnig bjuggu nemendur til sína eigin áttarós sem gerði þeim kleift að æfa áttirnar.




### Komdu og skoðuðu land og þjóð

Í þemanu land og þjóð var bókina Komdu og skoðuðu: land og þjóð notuð sem leiðarvísir í gegnum fjölbreytt efni sem sameinaði náttúru, sögu og menningu Íslands. Við fórum því yfir stórbrotna náttúru, þar á meðal jökla, eldfjöll, hverir og fossa. Við skoðuðum einnig árin frá landnámi víkinga til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og fram til dagsins í dag. Í gegnum þemað unnum við fjölbreytt og skapandi verkefni. Meðal annars útbjuggum við vegabréf, spiluðum Kahoot-leik og svöruðum spurningum. Nemendur fengu einnig að láta sköpunargleðina njóta sín með því að mála Ísland á maskínupappír. Að lokum fórum við í vettvangsferð á Árbæjarsafnið þar sem nemendur fengu að kynna daglegu lífi og vinna verk frá fyrri tíð, líkt og að kemma ull.



### Hvalir, komdu og skoðu hafið

Í þessu Hvalir: Komdu og skoðu hafið könnuðum við undraveröld hvalanna. Markmið okkar var að læra um mismunandi tegundir hvala, líffræði þeirra, hegðun og mikilvægi þeirra í vistkerfi hafsins. Við unnum fjölmörg verkefni meðal annars sköpun, listaverk, sögugerð og notast var við leiðsagnarmat þar sem við deildum þekkingu okkar með hvor öðrum.



### KVAN

Á skólaárinu nýttum við KVAN aðferðirnar mikið í kennsluháttum okkar, þá sér í lagi í lífsleikni. Í gegnum KVAN lærðu nemendur mikilvæga félagsfærni, samkennd, bekkjarhegðun og væntingar um hegðun. Þeir fengu einnig tækifæri til að þjálfa sig í því að vinna saman á árangursríkan hátt.

Við lögðum mikla áherslu á að miðla afrakstri þessarar vinnu til foreldra í föstudagspóstum. Þar deildum við fréttum af framförum nemenda, bæði í félagslegum samskiptum og í bekkjarhegðun. Við

sáum hvernig þessi nálgun stuðlaði að betri samkennd og samvinnu innan bekkjarins, sem endurspeglaðist í jákvæðara skólaumhverfi og aukinni vellíðan nemenda.

KVAN aðferðirnar hjálpuðu okkur að skapa umhverfi sem stuðlar að öryggi og stuðningi með það að markmiði að nemendur njóti sín félagslega og námslega. Við erum afar stolt af þeim árangri sem náðist og hlökkum til að halda áfram að þróa þessa mikilvægu þætti í kennsluháttum okkar.

### Kennsluhættir

Í íslensku var kennsla skipulögð í hópum sem náðu yfir mismunandi árganga, þar sem stýrð kennsla og fimipjálfun voru í forgrunni. Stærðfræðikennslan var einnig byggð á stýrðri kennslu og fimipjálfun allt árið. Við beittum sýnikennslu, einstaklingsvinnu, hópavinnu, umræður, kennslufræðilega leiki og útikennslu. Í náttúru- og samfélagsfræði var notast við sýnikennslu, útikennslu, hópavinnu, þulunám, þjálfunaræfingar, umræðu og spurningaraðferðir.

### Námsmat

Námsmat á skólaárinu var gefið í maí 2025 fyrir allt skólaárið en notast var við leiðsagnarmat og símat. Leiðsagnarmatið fór annars vegar fram með óformlegum hætti og hins vegar formlegum. Óformlegu leiðirnar voru t.d. munnleg endurgjöf, hrós og spurningar um efnið. Þær formlegu voru t.d. með því að hafa námsmarkmið eða markmið verkefna sýnileg, veita strax endurgjöf (t.d. í formi stiga, límmiða eða stimpla) og að merkja jafnóðum við villur og fá nemendur til þess að leiðrétta þær. Hæfni nemenda var því metin reglulega yfir skólaárið með verkefnum, könnunum og þátttöku í kennslustundum. Nemendur fengu námsmat á Mentor þar sem hæfni þeirra samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla var metin í öllum fögum. Allir nemendur í 2. bekk fóru reglulega í staðsetningakönnun í lestri til að fylgjast með framvindu lestrarnáms í stýrðri kennslu.

### Vettvangsferðir

Í febrúar fór hópurinn saman í vetrarferð í Skautahöllina í Egilshöll. Þar léku nemendur sér á skautum og áttu skemmtilegt stund saman. Eftir áramót fórum við á Árbæjarsafnið í tengslum við þemaverkefnið okkar, Land og þjóð. Þar fengum við tækifæri að kynnst daglegu lífi og vinna verk frá fyrri tíð.



Við nýttum nærumhverfið í Urriðaholti sem vettvang fyrir útikennslu og fórum í marga göngutúra með fjölbreytt og skapandi verkefni. Við tengdum umhverfið við stærðfræði og efni úr bókinni Halló heimur 1, en einnig dýpkuðum við skilning okkar á umferðafræðslu með því að kanna og greina umferðarmerkin. Auk þess gengum við nokkrum sinnum niður að Urriðavatni þar sem við fengum tækifæri að upplifa náttúruna á virkan og skynrænan hátt.

Í vorferðinni okkar nutum við yndislegs dags á leiksvæðinu við Elliðaárstöð. Veðrið lék við okkur, og nemendur skemmtu sér konunglega í fjölbreyttum hópleikjum. Leiksvæðið bauð upp á ótal skemmtilega afþreyingu sem allir nutu til fulls. Við grilluðum síðan pylsur og fengum safu áður en við héldum glöð upp í skóla.

### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í vetur var samstarf milli heimasvæða í DÍ lestrarkennslu þar sem nemendum var skipt í færnimiðaða hópa. Auk þess átti sér stað virkt samstarf milli heimasvæða á skertum dögum eins og hrekkjavöku, öskudegi, afmæli skólans. Á þessum dögum var nemendum skipt í hópa þvert á árganga, þar sem skemmtileg verkefni voru unnin um allan skólann á fjölbreyttum stöðvum. Þetta fyrirkomulag stuðlaði að félagslegum tengslum sem byggði á samspili aldurshópa og fjölbreytilegra nálgana. Yfir jólahátíðarnar fórum við í vasaljósagöngu með unglingastigi skólans. Börnin komu með vasaljós þar sem ímyndunaraflið réði för. Að lokum var boðið upp á heitt kakó og piparkökur.



### Foreldrasamstarf

Við upphaf skólaársins var haldin haustkynning fyrir foreldra, þar sem farið var yfir helstu þætti skólastarfsins ásamt gagnlegum upplýsingum sem stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla. Á kynningunni voru bekkjarfulltrúar kosnir og skrifuðu foreldrar undir samskiptasáttmála til að styrkja samvinnu milli foreldra. Á skólaárinu voru nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem nemendur tóku virkan þátt í að sýna foreldrum sínum verkefni sem þau hafa verið að vinna og markmið sem þau hafa sett sér. Nemendastýrð foreldraviðtöl er ætlað að virkja og valdefla nemendur með það markmið að auka trú á eigin getu. Markmiðið er að nemendur geti haft áhrif á og tjáð sig um eigið nám, viti hvar þau er stödd og hvert þau stefna.

Til að tryggja upplýsingamiðlun til foreldra voru vikulegir póstar sendir þar sem fram komu helstu fréttir af skólastarfinu og upplýsingar um væntanlega viðburði. Á vorönn var haldinn foreldrafundur með ráðgjöfum frá KVAN með það markmið að skapa vettvang fyrir foreldra að hittast og ræða líðan og félagslega stöðu barna sinna. Rætt var um hvernig við getum í sameiningu unnið að því að efla og styrkja hópinn í samskiptum og skapa liðsheild þeirra á milli.

Á afmæli skólans var haldið opið hús þar sem foreldrar fengu tækifæri til að koma í heimsókn og upplifa afrakstur vinnu barna sinna. Nemendur sýndu með stolti plöntur sem þau höfðu ræktað þar sem markmiðið var ekki aðeins að efla skilning þeirra á ræktun og náttúru heldur einnig að stuðla að ábyrgð og umhyggju þar sem nemendur lærðu að fylgjast með, vökva og hlúa að plöntunni sinni.



## Samantekt

Skólaárið 2024-2025 hjá 2. bekk var einstaklega skemmtilegt, skapandi og lærdómsríkt. Nemendum var skipt í þrjá hópa, með tilliti til þess hvað hentaði hverju svæði best. Hópaskiptingin breyttist nokkuð þétt yfir árið með flæði sem skapaði sveigjanlegt og lifandi námsumhverfi.

Þemaverkefni í náttúru- og samfélagsgreinum heppnuðust einstaklega vel en það var ánægjulegt að sjá hve skapandi og áhugasamir nemendur voru við vinnu sína. Fjölbreytt viðfangsefni og verkefni gerðu þemavinnuna að einu af skemmtilegustu og lærdómsríkustu þáttum vetrarins þar sem nemendur fengu tækifæri til að kanna, skapa og læra á lifandi hátt.

Lestrarkennslan skilaði frábærum árangri og nemendur sýndu markverðar framfarir milli lestrarprófa. Einnig gekk stærðfræðikennslan vel þar sem nemendur þróuðu skilning sinn og færni með fjölbreyttum verkefnum.

Yfir skólaárið mótuðum við skýran ramma um væntingar sem stuðlaði að markvissum framförum í námi, hegðun og framkomu nemenda. Við lögðum sérstaka áherslu á hreyfingu sem hluta af kennsluháttum okkar og innleiddum fjölmörg útinámsverkefni í samræmi við Aðalnámsskrá grunnskóla.

Í 2. bekk höfum við skapað skýran ramma en um leið haft að markmiði mæta öllum nemendum á einstaklingsbundinn hátt. Heimasvæðið hefur notið góðs af metnaðarfullum stuðningsfulltrúum, sem eru mikilvægur hluti af teyminu.

Á næsta skólaári viljum við auka upplýsinga- og tæknimennt með markvissari notkun tækja í náminu. Með því að kenna nemendum að nota tækin á ábyrgan og siðferðislegan hátt, stuðlum við að öryggi og gagnrýnni hugsun í stafrænu umhverfi. Þannig verða nemendur betur í stakk búnir til að nýta tæknina skynsamlega og með ábyrgð í námi og daglegu lífi. Við stefnum einnig að því að samþætta útikennslu við fleiri námsgreinar og nýta náttúruna í nærumhverfi skólans sem lifandi kennslusvæði. Auk þess höfum við í hyggju að endurtaka foreldrafundi þar sem foreldrar fá tækifæri til að ræða ýmis málefni innan bekkjarins sem stuðlar að sterkari bekkjaranda, gagnkvæmri virðingu og betri samskiptum. Á næsta skólaári stefnum við að því að auka flæðið enn frekar, bæði innan nemendahópsins og í kennslunni, til að skapa sveigjanlegra og samvinnumiðaðra námsumhverfi.

Heilt yfir var veturinn afar árangursríkur og sáum við miklar framfarir hjá hópnum. Nemendur tóku miklum framförum bæði í námi og skólafærni, og var ánægjulegt að fylgjast með vexti þeirra og þroska. Við erum afar stolt af nemendunum og teyminu okkar, sem lagði metnað og samvinnu í hvert skref til að skapa hvetjandi og árangursríkt námsumhverfi.

## Hnjúkar – heimasvæði barna fædd 2016

Umsjónarkennarar	Páll Arnarson, Lilja Rún Sigurðardóttir, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Milena Ganzha
Fjöldi nemenda í ágúst 2024	63
Fjöldi nemenda í maí 2025	58

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Vinna með væntingar á heimasvæði

Á skólaárinu var lögð mikil áhersla á að vinna með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Reglulega var farið yfir væntingarnar á ýmsum stöðum innan skólans, svo sem á heimasvæði, í rútu, á útsvæði, við fótboltavöll, í matsal og víðar. Sérstök athygli var þó lögð á væntingar á útsvæðinu og í rútu.

### Ritun og almenn málfræði

Á skólaárinu var lögð sérstök áhersla á skrift og málfræði. Á mánudögum var skipulögð hringekjuvinna þar sem nemendur unnu í þremur stöðvum: í einni var unnið með stærðfræðifimi, í annarri með sögugerð og í þeirri þriðju með skrift. Í tveimur síðast nefndu stöðvunum var markmiðið meðal annars að efla skýra og læsilega rithönd nemenda, auk þess sem lögð var áhersla á að þeir gætu byggt upp heildstæðar sögur með skýru upphafi, miðju og endi.

Ritun var jafnframt hluti af reglubundnu starfi og fór fram á um það bil sex vikna fresti. Þá skrifuðu nemendur sögur sem tengdust ýmist fríum (svo sem sumar-, vetrar-, jóla- og páskaleyfum) eða þeim þemaverkefnum sem unnið var með hverju sinni.

Við tókum einnig þátt í ritlistarkeppni á vegum Ungra umhverfissinna þar sem nemendur skrifuðu sögur með umhverfisþema. Kennarar sendu sögnar inn og vakti verkefnið mikla ánægju meðal nemenda, sem sýndu því mikinn áhuga og metnað.

### Stærðfræði

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti í stærðfræði yfir skólaárið. Kennsla í stærðfræði fór fram fjórum sinnum í viku og var áhersla lögð á reglulega stærðfræðifimi til að þjálfa undirstöðuatriði, einkum í samlagningu og frádrætti. Nemendur unnu með tvær möppur sem innihéldu æfingadæmi, og fengu ákveðinn tíma, 30 sekúndur í senn, til að leysa sem flest dæmi og reyna að ná settum markmiðum. Þessi fimikennsla var endurtekin fjórum sinnum og hafði það markmið að efla hraða og öryggi í útreikningum.

Að auki unnu nemendur með námsbækurnar *Sproti 3a* og *3b*, bæði nemendabækur og æfingahefti. Einnig voru notuð fjölbreytt verkefnahefti sem voru sérstaklega út prentuð fyrir nemendur. Hluti hópsins fékk tækifæri til að vinna með stafræna stærðfræðiforritið *Evolytes*, sem þó var eingöngu aðgengilegt fyrir hluta bekkjarins, við hefðum þó viljað fá þetta fyrir allan hópinn.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsinga- og tæknimennt fór fram í smiðjukennslu hjá nemendum í 3. og 4. bekk. Um áramót fengu allir nemendur úthlutað sinni eigin spjaldtölvu, sem þeir báru sjálfir ábyrgð á. Spjaldtölvurnar voru nýttar á markvissan hátt í náminu, meðal annars til að kenna nemendum að afla upplýsinga í tengslum við þemaverkefni.

Að auki nýtti hluti nemenda spjaldtölvurnar til að vinna í stærðfræðiforritinu *Evolytes*, en aðrir notuðu þær til aðstoðar við þýðingar á verkefnum og fyrirmælum, eftir þörfum. Þessi notkun tækninnar studdi við sjálfstæði nemenda og eflingu í upplýsingalæsi og tungumálafærni.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Kennsla í lífsleikni fór fram bæði í gegnum umræðu og verkefnavinnu. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir þar sem tekin voru fyrir ýmis málefni sem komu upp í bekkjarstarfinu og þörf var á að ræða í sameiningu. Slíkir fundir stuðluðu að opnu og heiðarlegu samtali í bekknum og styrktu félagsfærni nemenda.

Einnig var unnið með lífsleikni í smiðjukennslu þar sem notast var við námsefni frá KVAN. Markmið þess verkefnis var að efla samskiptahæfni, styrkja félagslega tengslamyndun og beina athyglinni að jákvæðum leiðtogum innan nemendahópsins.

### Náttúru- og samfélagsgreinar

**Eldgos** - Við unnum með þema um eldgos á sama tíma og eldgosið átti sér stað í Grindavík. Það var einstaklega dýrmætt að geta tengt námsefnið við raunverulegar aðstæður og nýtt fréttir og umfjöllun úr samfélaginu til að fræða nemendur betur um eldgos og áhrif þeirra. Við ræddum meðal annars hvernig eldgosið hafði áhrif á samfélagið í Grindavík.

Við notuðum bókina *Komdu og skoðaðu eldgos* ásamt fjölbreyttu efni af netinu sem studdi vel við kennsluna í þessu þemaverkefni. Nemendurnir unnu svo allir að því að búa til sitt eigið eldgos. Þeir komu með hálf lítra flösku í skólann og út frá henni bjuggu þeir til eldfjall úr dagblöðum og veggfóðurslími. Þegar verkið var þornað, var það málað og spreyað með lakki.

Að lokum fórum við út á skólalóðina þar sem hver og einn fékk að láta sitt eldfjall gjósa með hjálp matarlitar, matarsóða, ediks og vatns – öllum til mikillar gleði!



**Himingeimurinn** - Í vetur lögðum við af stað í spennandi ferðalag um himingeiminn með nemendum í 3. bekk. Við kynntumst sólkerfinu og reikistjörnunum í gegnum fræðandi lestur úr bókinni *Komdu og skoðaðu himingeiminn*, sem vakti mikla forvitni og áhuga meðal nemenda.

Að lokinni fræðslu unnu börnin skapandi verkefni þar sem þau hönnuðu sinn eigin himingeim. Þau mældu út stærðir pláneta, klipptu þær út og máluðu með fjölbreyttum litum og mikilli nákvæmni. Afraksturinn var glæsilegur og endurspeglaði bæði fræðilega þekkingu og sköpunargleði barnanna.



Verkefnið sameinaði vísindi og listsköpun á lifandi hátt og vakti dýpri skilning og áhuga á undrum alheimsins.

### Erlend tungumál

Kennsla í ensku fór fram í gegnum smiðjukennslu á skólaárinu. Sjá nánar undir smiðjuna *Ensk leiklist*, þar sem enskukennslan var samþætt leiklist og skapandi tjáningu. Ekki var svigrúm í stundatöflu til að kenna ensku á heimasvæði, og því var sú leið valin að samþætta enskunám

við aðra þætti í smiðjunum.



### Kennsluhættir

Í íslenskukennslu var unnið með hópum sem náðu yfir mismunandi árganga, þar sem áhersla var lögð á stýrða kennslu og fimipjálfun. Stærðfræðikennslan var einnig byggð á stýrðri kennslu og fimipjálfun í gegnum allt skólaárið. Við notuðum fjölbreyttar kennsluaðferðir, þar á meðal sýnikennslu, einstaklingsvinnu, hópavinnu, umræður, kennslufræðilega leiki og útikennslu.

Í náttúru- og samfélagsfræði var nýtt sama fjölbreytta aðferðarfræði, þar sem sýnikennsla, útikennsla, hópavinna, þulunám, þjálfunaræfingar, umræðu og spurningaraðferðir voru notaðar til að efla skilning og þátttöku nemenda.



### Námsmat

Námsmat fyrir skólaárið var útfært í maí 2025 og náði yfir allt skólaárið. Notast var við leiðsagnarmat og símat, þar sem bæði óformlegar og formlegar aðferðir voru notaðar. Óformlega matið fór fram með munnlegri endurgjöf, hrósi og spurningum um námsefnið. Formlega matið fólst í því að hafa námsmarkmið eða markmið verkefna sýnileg, veita strax endurgjöf, til dæmis í formi stiga, límmiða eða stimpla, og að leiðrétta villur með nemendum strax þegar þær komu upp.

Hæfni nemenda var metin reglulega í gegnum skólaárið með verkefnum, könnunum og þátttöku í kennslustundum. Nemendur fengu námsmat á Mentor þar sem hæfni þeirra var metin samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla í öllum fögum. Lesskilningspróf (Orðarún) var lagt fyrir í október og apríl. Allir nemendur í 3. bekk tóku einnig reglulega þátt í staðsetningakönnunum í lestri til að fylgjast með framvindu þeirra í lestrarnámi sem var unnið í stýrðri kennslu.





### Vettvangsferðir

Við nýttum nærumhverfi Urriðaholts sem vettvang fyrir útikennslu og fórum í margar ferðir um nærumhverfi þar sem fjölbreytt og skapandi verkefni voru í fyrirrúmi.

Jólahefðin okkar var á sínum stað og fórum við upp í Golfskála í jólakakó.

Í febrúar fór allur árgangurinn saman í vetrarferð á skauta í Egilshöll, þar sem við nutum góðs af skemmtilegri samveru og íþróttum.

Við heimsóttum Hörpu og tókum þátt í sínfóniútónleikum sem bar heitið *Ástarsaga í fjöllunum*. Það var ótrúlega skemmtileg upplifun

og allir nemendur skemmtu sér konunglega.



Við fengum einnig heimsókn frá slökkviliðinu, þar sem nemendur fengu fræðslu um eldvarnir og höfðu svo tækifæri til að skoða bæði slökkviliðsbílinn og sjúkrabílinn.

Það var einnig óvænt og skemmtilegt uppbrot þegar eitt foreldri í hópnum kom með þrjá krabba úr sjónum og sýndi nemendum. Það var mikil gleði og hamingja meðal nemenda yfir þessu óvænta viðbótarviðburði.



Við fengum boð frá Hönnunarsafninu til að skoða sýninguna *Manndýr*. Við fórum í tveimur hópnum og voru allir til fyrirmyndar á sýningunni.



Að lokum var okkur boðið að fara á tónleika í Tónlistarskólanum í Garðabæ, þar sem tónleikarnir báru heitið *Fiðurfé og furðuverur*. Tónleikarnir voru bæði skemmtilegir og minnstæðir fyrir alla sem tóku þátt.

Í vorferðinni okkar héldum við út á Álftanes í fjöruferð. Nemendur nutu sín afar vel, léku sér í fjörunni, týndu skeljar og fundu litla krabba. Ferðin var bæði fræðandi og skemmtileg, og vakti mikla gleði meðal nemenda og kennara.



### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Á skólaárinu hélt áfram vinna með færnimiðaða hópa í lestrarkennslu fyrir 1.–3. bekk. Hóparnir voru settir saman út frá lestrarfærni nemenda og kennslan aðlöguð að þörfum hvers og eins.

Í 3. bekk var gott samstarf við elstu deild leikskólans. Nemendur heimsóttu leikskólann nokkrum sinnum yfir veturinn og lásu fyrir yngri börnin. Þeir völdu sjálfir bækur af bókasafni skólans sem þeir töldu henta aldri og áhugasviði leikskólabarna. Nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og fengu dýrmæta reynslu af því að lesa upphátt fyrir aðra.

Á uppbrotsdögum, eins og til dæmis á hrekkjavöku, öskudegi og afmæli skólans, var aukið samstarf milli heimasvæða sem styrkti tengsl og samskipti meðal nemenda á mismunandi aldri.

## Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs var haldin haustkynning fyrir foreldra þar sem farið var yfir helstu þætti skólafarsins sem fram undan voru. Á fundinum var lögð sérstök áhersla á mikilvægi góðs samstarfs milli heimilis og skóla. Í framhaldi af kynningunni skrifuðu foreldrar undir samskiptasáttmála sem hafði það markmið að efla traust og gagnkvæma ábyrgð í samskiptum heimilis og skóla.

Foreldraviðtöl voru haldin þrisvar sinnum yfir skólaárið, þar af tvö nemendastýrð. Í þeim viðtölum völdu nemendur sjálfir verkefni sem þeir vildu sýna foreldrum sínum og settu sér markmið fyrir áframhaldandi nám og þroska.

Reglulegar upplýsingar voru sendar til foreldra með póstum þar sem fram komu fréttir af liðinni viku og yfirlit yfir verkefni og viðburði næstu vikna. Auk þess stóðu bekkjarfulltrúar fyrir skipulagningu á bekkjarkvöldum þar sem nemendur og foreldrar komu saman og styrktu tengsl sín á milli.

## Samantekt

Skólaárið í 3. bekk var bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Nemendahópnum var skipt upp í þrjá hópa sem héldust óbreyttir út skólaárið. Hóparnir voru jafnir og sambærilegir bæði hvað varðar fjölda og samsetningu nemenda, sem skapaði góðan grunn fyrir markvissa kennslu og jákvæða samveru.

Unnið var með fjölbreytt þemaverkefni sem vöktu mikinn áhuga meðal nemenda og heppnuðust mjög vel. Lestrarkennslan bar ríkulegan ávöxt og mátti greina verulegar framfarir hjá öllum nemendum. Því má meðal annars þakka markvissri lestrarkennslu og góðu samstarfi heimila sem stóðu vel að heimalestur.

Mikil vinna fór fram í stærðfræði yfir veturinn og einnig þar voru framfarir greinilegar hjá öllum nemendum. Í kennslunni var markvisst unnið að því að skapa skýran ramma í námi og samskiptum, en á sama tíma var lögð áhersla á að mæta hverjum og einum nemanda á einstaklingsbundinn hátt.

Námsmat fór fram með stöðuprófum og símati þar sem farið var yfir árangur nemenda í hverju viðfangsefni. Þetta hjálpaði við að meta framfarir og veita nemendum viðeigandi endurgjöf til að styrkja frekari námsferil þeirra.

Heilt yfir var skólaárið afar árangursríkt. Nemendur sýndu mikinn þroska bæði í námi og skólafærni og var virkilega ánægjulegt að fylgjast með framförum þeirra. Við erum stolt af nemendunum okkar og öflugtu teyminu sem lagði sig fram í að skapa jákvætt, hvetjandi og árangursríkt námsumhverfi allt skólaárið.

## Stilkur – heimasvæði barna fædd 2015

Umsjónarkennarar	Margrét Kristín Jónsdóttir, Sandra María Bergþórsdóttir og Theodór Sigurgeirsson
Proskabjálfar	Kristín Ösp Sigurðardóttir Selma Ramdani
Stuðningsfulltrúar	Alma Rún Guðfinnsdóttir Aníta Sif Örvarsdóttir Dagur Kári Finsen Guðjón Helgi Friðriksson

	Gunnar Freysson Hlynur Freyr Elvarsson Pálmar Sveinsson
Fjöldi nemenda í ágúst 2024	42
Fjöldi nemenda í maí 2025	42

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Vinna með væntingar á heimasvæði

Væntingar voru kynntar í byrjun skólaársins og unnið var markvisst með þær yfir allt skólaárið, þar sem þær voru reglulega endurskoðaðar eftir þörfum. Við unnum einnig með gildi skólans, þ.e. **Virðing, Umhverfi og Ábyrgð**, og ræddum hvernig þessi gildi tengjast samskiptum nemenda og umgengni í skólanum.

### Ritun og almenn málfræði

Nemendur unnu reglulega ritunarverkefni sem tengdust því sem var á döfinni hverju sinni. Verkefnin voru meðal annars um sumarfrí, jólafrí og páskafrí. Einnig var unnið með verkefni þar sem nemendur áttu að búa til og skálda eigin sögu eða frásagnir. Áhersla var lögð á að skrifa rétt, nýta bil á milli orða, vanda skriftina og búa til fyrirmyndar málsgreinar. Einnig var unnið með upphaf, miðju og endi í frásögnum eða sögum. Ritun var samþætt með öðrum námsgreinum, svo sem náttúru- og samfélagsfræðum, ensku og lífsleikni.

### Stærðfræði

Kennsluhættir einkenndust af stýrðri kennslu og fimi þjálfun (Morningside efni), töfluvinnu (e. *Board work*) sem og sýnikennslu. Stuðst var við námsefni frá Morningside og Sprota 4a-b. Viðfangsefni skólaársins voru hnitakerfi, klukkan, margföldun, deiling, almennar reikniaðferðir, tölfræði, almennbrot og mælingar.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsingatækni var lögð áhersla á að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt. Nemendur unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni með það að markmiði að auka færni sína í upplýsingalæsi. Þeir tóku þátt í æfingum í rétttri fingrasetningu og unnu ritunarverkefni þar sem áhersla var lögð á að beita rétttri aðferð. Nemendur nýttu upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldrar verkefna og unnu með hugbúnað til að vinna ritunarverkefni og setja fram töluleg gögn á skýran hátt. Einnig var notaður einfaldur hugbúnaður til myndvinnslu og miðlunar þekkingar á aðgengilegan hátt. Í kennslunni var stuðst við frjálst verkefnaval og samþættingu við þemanám, íslensku, lífleikni og ensku. Skemmtileg verkefni sem unnið var með samþættingu í þema voru t.d. Búkolla þar sem nemendur bjuggu til stuttmynd og notuðu Stop motion appið. Annað þemaverkefni var að útbúa skyggnikynningu um refinn, sem var svo kynnt fyrir foreldrum. Í samþættingu við íslensku voru unnin ýmis ritunarverkefni eins og t.d. uppáhaldsbókin mín og drauma páskafríð mitt. Í samþættingu við lífsleikni var t.d. unnið með jákvæða og neikvæða leiðtoga. Lögð var áhersla á að fylgja einföldum reglum um ábyrga netnotkun og að nemendur væru meðvitaðir um siðferðislegt gildi þeirra.

Í upplýsingatækni var unnið með að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt. Unnin fjölbreytt og skemmtileg verkefni til þess að auka færni nemenda í upplýsingalæsi. Æfingar í fingrasetningu, ritunarverkefni með rétttri fingrasetningu, rit og myndvinnsla, grunnatriði í Google ritvinnslu (word/docs), töflureikni (excel) og skyggnum (power point). Þar sem unnið var með frjálst verkefnaval ásamt samþættingu við þema, íslensku, lífleikni og ensku. Nemendur gerðu æfingar þar sem þeir beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu, leituðu

upplýsinga og nýttu við verkefnavinnu. Þá nýttu nemendur upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna. Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra



### Lífsleikni og samskiptafærni

Markviss vinna var með leiðtogaþjálfun og bekkjaranda nemendahópsins jafnt og þétt yfir skólaárið. Nýtt var efni úr *Verkfærakistunni* eftir Vöndu Sigurðardóttur (KVAN). Áhersla var á að vinna með hvaða eiginleikum jákvæðir og neikvæðir leiðtogar búa yfir, hvers konar leiðtogi/vinur við viljum sjálf vera og hvaða eiginleika við þurfum þá að tileinka okkur. Kennsla var bæði einstaklingsmiðuð sem og unnið í hópum eins og átti við hverju sinni.

Útikennsla var einnig nýtt sem vettvangur til að bæta bekkjaranda og farið var í samskipta og samvinnu leiki.



### Náttúru- og samfélagsgreinar


Náttúru- og samfélagsgreinum var skipt upp í fjórar lotur eða þemu. Markmið þema vinnunnar var að efla lesskilning, upplýsingalæsi og samvinnuhæfni nemenda. Einnig var lögð áhersla á að þjálfar nemendur í munnlegri tjáningu og sjálfsöryggi í kynningu fyrir áhorfendur.

### Líkaminn

Hér var bókin *Komdu og skoðaðu líkamann* og annað ítarefni nýtt, svo sem myndbönd. Nemendur kynntu sér mannlíkamann og bjuggu til dúkkulísu hefti þar sem hvert blað var tileinkað ákveðnu viðfangsefni, svo sem uppbyggingu vöðva, beina og tauga. Nemendur teiknuðu líkamsbyggingu og stimpluðu eigið fingrafar í heftið sitt.


### Þjóðsögur

Þó nokkrar þjóðsögur voru nýttar og reynt að taka eina sögu úr hverjum flokki þjóðsaga svo sem tröllla, drauga- og álfasögur og sögur um huldufólk. Sagan um Búkollu var nýtt til að bæta orðaforða nemenda og hvetja þá til að nota ímyndunaraflíð við að túlka og endursegja söguna. Nemendur bjuggu til myndasögur og skrifuðu verkefni tengd sögunni. Með hjálp Stop Motion forritsins endursögðu nemendur söguna með eigin persónum og sögusviðum. Nemendur fóru einnig í vettvangsferð á Þjóðminjasafnið sem hluta af verkefninu.



### Tæknin

Lesin var bókin *Komdu og skoðaðu tæknina*. Nemendum var síðar skipt upp í fjögurra manna hópa og fékk hver hópur eitt viðfangsefni úr bókinni. Nemendur áttu síðan að finna heimildir, bæði í bókinni og á veraldarvefnum, um sitt viðfangsefni og búa til veggspjald með þeim upplýsingum. Nemendur fengu síðan foreldra sína í heimsókn í skólann og var formleg kynning á verkefnum og veggspjöldum.



### Refurinn

Í þessu verkefni var sambætt náttúrufræði og upplýsingatækni. Nemendur horfðu á fræðslumynd um refinn, bjuggu til hugarkort og söfnuðu upplýsingum um dýrið, svo sem feld, litabreytingar, fæðu og dvalarstaði. Síðan unnu þeir í hópum að því að búa til skyggnusýningu sem útskýrði helstu eiginleika refsins. Nemendur kynntu verkefnið sitt fyrir foreldrahópnum.

### Erlend tungumál

#### Enska

Nemendur lærðu ensku í gegnum kennslubækurnar *Yes We Can 4* ásamt *Hickory, Dickory og Dock*. Í mars voru nemendur að lesa "Arthur and the Sword in the Stone" og unnu verkefni út frá þeirri sögu. Einnig var notað annað ýtarefni svo sem efni frá *British Council* þar sem nemendur unnu hin ýmsu verkefni.

Lagt var áherslu á að efla orðaforða nemenda og þjálf þá í hlustun, munnlegri tjáningu og lesskilningi. Meginmarkmiðið er að stuðla að hagnýtri notkun enskunnar í daglegum aðstæðum.

### Kennsluhættir

Í íslensku fór kennsla fram þvert á árganga þar sem kennsluhættur endurspegluðust í stýrðri kennslu (sjá nánar hér að ofan). Stærðfræði einkenndist að mestu leiti af stýrðri kennslu, sýnikennslu og fimi þjálfun. Í náttúru- og samfélagsgreinum, ensku, lífsleikni og útikennslu var stuðst við að mestu leiti við leitarnám, sýnikennslu, hópavinnu, þulu og þjálfunaræfingar sem og umræðu og spurnaraðferðir.

### Námsmat

Beitt var bæði leiðsagnarmati og símati, þar sem nýttar voru fjölbreyttar aðferðir, bæði formlegar og óformlegar. Óformlegt mat fór meðal annars fram með munnlegri endurgjöf, hrósi og spurningum tengdum námsefninu. Formlegt mat byggðist á því að nemendur tóku skrifleg próf þar sem þau fengu endurgjöf þegar niðurstöður lágu fyrir. Námsmat nemenda var metið á fimm tákna matskvarða á Mentor. Lesfimi var lögð fyrir þrisvar sinnum yfir skólaárið í september, janúar og maí. Lesskilningspróf (Orðarún) var lagt fyrir í október og apríl. Niðurstöður voru settar inn á Mentor.

### Vettvangsferðir

#### Þjóðminjasafn

Nemendur fóru í vettvangsferð á Þjóðminjasafnið í tengslum við þjóðsögubema. Þar fengu nemendur leiðsögn um safnið, sjá minjar frá því á árum áður og tengingu þeirra við þjóðsögurnar okkar.



#### Hönnunarsafn

Nemendur fengu boð á Hönnunarsafn Íslands þar sem þau fengu tækifæri á að sjá nýja sýningu „Barbie fer á hönnunarsafnið“. Þar kynntust nemendur ólíkri nálgun sjö íslenskra fatahönnuða á að hanna klæðnað á Barbie.

Í kjölfar sýningarinnar fengu nemendur tækifæri til að setja sig í spor fatahönnuða og hanna föt á dúkkulísur. Afraksturinn var til sýnis á Hönnunarsafninu sem hluti af Barnamenningarhátíð Garðabæjar.





### Bókasafn Garðabæjar

Í tilefni Norrænu bókmenntavikunnar sem var haldin 11. til 17. nóvember 2024 voru nemendum boðið á bókasafn Garðabæjar í upplestur með Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfundu sem einkenndist af 40 mínútna ferðalag um Norðurlöndin. Þar var lesið og kynnt fyrir nemendum barnabækur norðurlandanna og persónur á borð við Línu Langsokk, Einar Áskel og Múminálfana.

### Harpa

Nemendur í 4.b fóru ásamt miðstigi skólans að hlýða á tónverkið Eldfuglinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Halldóra Geirharðsdóttir var sögumaður og sagði frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu

og gulleplunum.

### Golfskálinn Oddur

Hefð hefur skapast að Golfskálinn Oddur bjóði nemendum í heimsókn í aðdraganda jólanna. Nemendur áttu saman notalega stund, snæddu á smákökum og hittu rauðklædda sveina.



### Litla Upplestrarkeppnin

Litla upplestrarkeppnin var haldin hátíðleg. Nemendur voru búnir að æfa sig síðan um áramót að lesa upp allskyns texta. Foreldrum var boðið á uppskeru hátíð vegna þessa og stóðu nemendur sig með mikilli þrýði. Nemendur fengu smá glaðning fyrir að taka þátt og viðurkenningarskjal.



## Vorferð

Skapast hefur hefði fyrir því undanfarin ár að 4. bekkur fari í hjólaferð. Nemendur komu með hjólin sín og við hjóluðum saman í Ásgarð í fínu veðri og góðum félagsskap. Það var einstaklega gaman að fara út úr skólastofunni, fá ferskt loft og njóta hreyfingar og náttúru. Nemendur stóðu sig frábærlega, sýndu ábyrgð, hjálpuðust að og voru til fyrirmyndar í umferðinni. Slíkar ferðir eru dýrmætur hluti af skólagöngunni og geta skapað minningar sem lifa lengi.



## Samstarf milli heimasvæða og skólastiga

Nemendur voru í íslensku hópum þvert á árganga í 4. -7. bekk. Lítið var um samstarf að öðru leiti milli annarra árganga þetta skólaárið.

## Foreldrasamstarf

Lögð var sérstök áhersla á reglulegt upplýsingaflæði til foreldra og forráðamanna til að tryggja gott samstarf heimilis og skóla. Allt skólaárið var sendur út vikulegur tölvupóstur á föstudögum þar sem farið var yfir helstu viðburði vikunnar í skólastarfinu, verkefni nemenda og annað sem var efst á baugi. Foreldrum/forráða fólki var boðið í skólann á kynningar hjá nemendum bæði í þemanu um tæknina og refinn sem og á Litlu upplestrarkeppnina.

Foreldrasamtöl voru í upphafi skólaárs þar sem foreldrar, nemendur og kennarar hittust og fóru saman yfir væntingar vetrarins. Í þessum samtölum var lögð áhersla á að skapa traust og opna samskiptaleiðir milli heimilis og skóla.

Foreldrar í árganginum fengu einnig fræðslu frá KVAN snemma á skólaárinu. Tilgangur fræðslunnar var að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og efla samstarf milli heimila og skóla.

## Samantekt

Skólaárið hefur verið viðburðaríkt, lærdómsríkt og á sama tíma krefjandi. Á árinu lögðum við áherslu á að efla námsumhverfið, styrkja félagsfærni nemenda og byggja upp jákvæðan og hvetjandi bekkjaranda þar sem allir fá að njóta sín.

Stuðningur við jákvæð samskipti og virðingu í daglegu skólastarfi var ávallt í forgrunni meðal annars unnið með það í gegnum hópefli og markvissa félagslega þjálfun. Við unnum mikið með þau gildi sem skólinn okkar byggir á: virðingu, ábyrgð og umhverfi. Í útiveru voru samskipti stundum erfið, en það var ánægjulegt að sjá nemendur vaxa og bæta sig í þessum aðstæðum þegar leið á skólaárið.

Það var sérstaklega gaman að fylgjast með nemendum í vettvangsferðum á vorönn, þar sem þeir voru til fyrirmyndar.

Einn af hápunktum vetrarins var þegar foreldrar komu í heimsókn til að hlusta á upplestur í litlu upplestrarkeppninni og kynningu á verkefnum sem tengdust námsefni um tæknina og refinn.

Heilt yfir hefur skólaárið gengið vel, við erum stolt af þeim árangri sem við náðum og erum þakklát fyrir frábært samstarf fagfólks innan skólans.

## List og verkgreinar á yngsta stigi

List- og verkgreinar voru kenndar eftir árgöngum. Ólíkar smíðjur voru fyrir alla aldurshópa og réðist það af hvaða kennarar tóku að sér kennsluna hvaða smíðjur voru kenndar í hverjum árgangi.

### Hönnun og smíði

Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, þjálfa vinnusemi og einbeitingu, verkfærni og stuðla að vinnugleði. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum verkfærum, efni og tækni og að hver nemandi öðlist færni sem hann getur yfirfært á önnur svið. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í hönnunarferli og móti uppbyggingu og útlit hluta með notagildi þeirra í huga og þar fléttast inn áhersla á hagnýtingu þekkingar og nýsköpun og virðing fyrir umhverfinu.

#### 1. bekkur


Nemendur í 1. bekk fengu kynningu á smíðastofunni, helstu verkfærum og væntingum í fyrsta tíma og síðan var upprifjun í hverjum tíma eftir það. Nemendur smíðuðu krókódílahljóðfæri þar sem þau söguðu tvö horn af furuborði og notuðu svo raspa til að búa til rákir í bak krókódílsins. Þá þússuðu þau og máluðu. Að lokum límdu þau á fætur úr filtefni og plastaugu. Nemendur úr unglíngadeild tálguðu prik sem nemendur í 1. bekk þússuðu og lituðu og notuðu svo til að spila á krókódílinn sinn. Nemendur gerðu einnig broddgölt þar sem þau notuðu sömu verkfæri og við krókódílinn auk þess að negla nagla í bak broddgaltarins fyrir broddana. Ef tími vannst til unnu nemendur að frjálsum, skapandi verkefnum þar sem þau æfðu þá færni sem þau höfðu lært.



#### 2. bekkur

Hóparnir fengu kennslu í hönnun og smíði í tveimur lotum yfir kennsluárið; fyrir áramót og eftir áramót.

Fyrir áramót smíðuðu nemendur krókódílahljóðfæri þar sem þau söguðu tvö horn af furuborði og notuðu svo raspa til að búa til rákir í bak krókódílsins. Þá þússuðu þau og máluðu. Að lokum límdu þau á fætur úr filt efni og plastaugu. Nemendur fengu svo ýmist tilbúin prik eða tálguðu sjálf prik til þess að nota til að spila á krókódílinn sinn. Einnig unnu nemendur samvinnuverkefni í hönnun og smíði og textílmennt. Nemendur hönnuðu sinn blómastilk, teiknuðu á 5 mm. krossviðsplötu og söguðu út. Þá þússuðu þau og máluðu og svo þæfðu þau blóm úr íslenskri ull og skreyttu með tölum í textílmennt.



Eftir áramót gerðu nemendur sjávardýr og veiðistöng. Þau teiknuðu sitt sjávardýr á 5 mm krossviðsplötu og söguðu út, pússuðu og máluðu. Að lokum var segull límdu á sjávardýrið og veiðistöngina þannig að hægt væri að veiða.

### 3. og 4. bekkur

Nemendur í 3. og 4. bekk gerðu púsl í vetur. Þau byrjuðu á að teikna mynd með ramma á 5 mm krossvið sem þau söguðu síðan í púsl. Þá pússuðu þau bæði rammann og púslbitana sína og límdu svo rammann á aðra 5 mm. krossviðsplötu. Eftir það unnu nemendur að frjálsum, skapandi verkefnum þar sem þau æfðu þá færni sem þau höfðu lært. Sum smíðuðu kassa utan um púslin sín, einhverjir smíðuðu hillur og margt fleira.

Nemendur unnu þá einnig samvinnuverkefni með textílmennt þar sem þau bjuggu til fánastöng í smíði og fánann í textíl.




### Sjónlist

Á árinu fengu allar nemendur skólans sjónlistarkennslu í 12-14 manna hópum. Þau mætu 6-8 vikur í senn tvisvar 60 mínútur. Kennt var út frá kveikjum eins og listamönnum eða öðrum viðfangsefnum. Einnig var unnið með ímyndunaraflið en ávallt í tvívídd og þrívídd. Grunnþættir myndlistar eins og forgrunnur, miðja og bakgrunnur, fjarvídd, grunnformin og litfræði var kennd í gegnum mismunandi aðferðir í teikningu, prentun og málun. Það má nefna olíukrítar- og pastelkrítar teikningu, vatns-, akrýl – og gouache málun.

Mynsturshönnun, dúkristur og stimplagerð voru einnig á dagskránni enda í miklu uppáhaldi hjá flestum nemendum. Í leirmótun var unnið með steinleir og framandi glerunga þar sem litur og áferð kom ekki í ljós fyrr en eftir brennslu. Í pappamassa verkefnum var unnið með ímyndunaraflið og karaktersköpun. Nemendur lærðu eitt skref í einu þar til lokamarkmiðinu var náð.

Í sjónlistarrýminu erum við að æfa okkur í góðri umgengni, nægjustemi og virðingu fyrir efniviðnum sem nemendur fá í hendur. Áhersla er lögð á vandvirkni og metnað svo að nemendur geti verið stolt af verkum sínum.










## Heimilisfræði



Nemendur lærðu grunnþætti heimilisfræðinnar þar sem áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu og ábyrgð á eigin verkefnum.

Markmiðið var að bæta þekkingu nemenda á þáttum sem tengjast heimilislífi, svo sem bakstri, matargerð, húsverkum og frágangi. Nemendur fengu tækifæri til að fræðast um hollustu í matargerð sbr. tann- og líkamlega heilsu, flokkun á úrgangi og sóun á matvælum. Einnig lærðu nemendur að nota og ganga um varasöm verkfæri sem finnast í eldhúsum.

### 1 – 2. bekkur

Áhersla var lögð á þrif, hreinlæti og frágang sem og að nemendur kynntust tækjum og verkfærum sem finna má á heimilum. Nemendur fengu að útbúa einfaldar uppskriftir með aðstoð.

### 3 – 4. bekkur

Áhersla áfram á þrif, hreinlæti og frágang sem og efla frekara sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nemendur fengu að spreyta sig á flóknari uppskriftum og þjálfun í að fara eftir uppskriftum og nota til þess rétt mælitæki.

## Textílmennt

Textíl- og vefnaðarvara er alls staðar í umhverfi okkar og gegnir stóru hlutverki í daglegu lífi. Heimili okkar og umhverfi eru full af alls konar hlutum gerðum úr textíl; fötin okkar, handklæði, rúmföt, teppi, gardínur, áklæði á húsgögnum og margt fleira. Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu og má þá nefna útsaum, þrjón og vefnað sem mikilvægt er að nemendur fái að kynna. Í

nútímasamfélagi er einnig mikilvægt að huga að endur nýtingu og endurvinnslu til þess að vinna gegn mengun og sóun efna. Allir hópar á yngsta stigi unnu verkefni úr endurunnu efni.

Í öllum verkefnum var lögð áhersla á að verkefnin höfði til sköpunargleðinnar og unnið var eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Nemendur fengu þjálfun í að vinna út frá eigin hugmynd í margvíslegan efnivið. Nemendur kynntust einföldum verkfærum greinarinnar, lærðu að beita þeim og þjálfuðu fínhyringar ásamt því að bæta nýjum orðum í orðaforðann.



### 1. bekkur

Hóparnir komu í eina lotu hver yfir veturinn. Fyrst var farið yfir stofuna, áhöld og væntingar í textílmenn. Nemendur fengu þjálfun í að þræða nál og gera einfaldan, tvöfaldan og þrefaldan hnút. Eftir það fengu þau kennslu í að sauma þræðispor og æfðu sig á java nokkrar umferðir. Síðan unnu nemendur verkið Sjálfsmynd á striga, þar sem nemendur teiknuðu sjálfsmynd og yfirfærðu á striga. Nemendur lituðu síðan myndina á striganum og saumuðu með þræðispori í útlínur.



### 2. bekkur

Hóparnir fengu kennslu í textílmenn í tveimur lotum yfir kennsluárið; fyrir áramót og eftir áramót.

Í fyrstu lotu unnu nemendur formkarla úr filtefni og gerðu hendur og fætur með því að ræða perlur og filtefni á perlugarn. Þar fengu nemendur þjálfun í að sauma tunguspor og þræðispor, notuðu reglustiku til þess að mæla lengd útlíma eftir leiðbeiningum og æfðu sig að klippa í efni og þræða á nál og spotta.



Einnig var unnið samvinnuverkefni í hönnun og smíði og textílmenn. Nemendur þæfðu blóm úr íslenskri ull og skreyttu með tölum en gerðu stilkinn í hönnun og smíði.



Í seinni lotu lærðu nemendur að sauma útsaumsspor í java. Þræðispor og krosssaum í fjórum umferðum. Nemendur teiknuðu einnig upp handafarið sitt á filtefni og saumuðu með þræðispori. Að lokum var sett tréprík í efnið og nemendur lærðu að búa til snúningsbönd til þess að hengja það upp. Í báðum lotum unnu nemendur í harmónikkubók með verkefnum þeirra í textílmennt. Þar æfðu nemendur að taka upp snið, þræða nál og binda hnúta ásamt því að fræðast um íslensku ullina og þæfa lítið teppi úr ull. Sem aukaverkefni lærðu nemendur að búa til dúska í ýmsum stærðum, fingurprjón og garðaprjón fyrir þá sem lengra voru komin.



### 3.-4.bekkur

Fyrstu tímarnir fóru í að læra á saumavél. Nemendur fengu ítarlega kynningu og sýnikennslu á saumavél og æfðu sig síðan á þremur verkefnum úr *Leiknisæfingum í vélsaumi*. Þar æfðu nemendur bein spor, að bakka í byrjun og enda og losa verkefnið úr saumavélinni án þess að þurfa þræða vélinu eftir hvert skipti.

Nemendur saumuðu púða með ýmsum aðferðum. Á bakhlið púðans æfðu nemendur sig í útsaumi og saumuðu út stafinn sinn með perlugarni. Nemendur æfðu sig einnig í að þræða nál og binda hnút.

Á framhlið púðans unnu nemendur með hveitibatik og hönnuðu mynd eftir eigin hugmynd. Efnið var síðan málað með textíl málningu og hveitilímið kroppað af. Nemendur lærðu að strauja efni og áttuðu sig á mikilvægi þess að hafa efnið sem verið er að vinna með vel straujað. Áður en púðinn var saumaður saman í saumavél þurfti að læra að setja títuprjóna í efnið og mæla upp hvar ætti að sauma. Púðinn var síðan saumaður saman í saumavél.



Nemendur gerðu snák úr þæfðri ullarkúlu, filtefni og perlum. Þá fengu nemendur fræðslu um íslensku ullina og hvernig hægt sé að þæfa ull.

Samvinnuverkefni í textílmennt og hönnun og smíði.

Nemendur gerðu fánastöng í hönnun og smíði og gerðu fána á stöngina í textílmennt. Efnið í fánann var fengið úr gömlum gardínum og var því endurunnið.

Sem aukaverkefni lærðu nemendur að búa til dúska í ýmsum stærðum, fingurprjón og garðaprión fyrir lengra komna.

### KVAN og Hugarfrelsi - 1.bekkur

Í KVAN og Hugarfrelsi var markmiðið að efla sjálfsmynd einstaklinga, jákvæðni, núvitund, einbeitingu, tilfinningagreind, draga úr kvíða og auka kyrrð og ró. Hver hópur fékk tólf kennslustundir sem skiptist í sex KVAN stundir og sex Hugarfrelsi stundir. Nemendur bjuggu til Ofurhetjubók þar sem verkefni hvers tíma fóru í. KVAN verkefni voru *Hvað er góður vinur, hrós, hver munurinn á að segja frá og að klaga og jákvæður og neikvæður bekkjarfélagi*. Í Hugarfrelsis tímunum fóru nemendur í slökun þar sem róleg tónlist var spiluð, lesnar slökunaræfingar og sögur. Að því loknu teiknuðu og lituðu nemendur það sem gerðist í sögunni.



### KVAN vináttuþjálfun og leikir og spil

KVAN vináttuþjálfun var kennd með smiðjunni leikir og spil. Við tvinnuðum saman KVAN og hvernig ætti að nota samvinnu og jákvæða leiðtogahæfni í leikjum og spili. Við nýttum mikið að vera í leikjum bæði inni og úti ásamt því að spila allskyns borðspil. Við tókum umræður um jákvæða leiðtoga, hvernig væri hægt að vera jákvæður leiðtogi og góður vinur. Við nýttum einnig Hugarfrelsi í þessum smiðjum. Við horfðum á myndina Ron er í rugli (Ron's gone wrong) og með henni sköpuðust allskyns umræður og enduðum við á að gera verkefni úr þeirri mynd.

### Ensk leiklist

Smiðjan er tvíþætt þar sem verið er að kenna leiklist ásamt því að vinna með tungumálakennslu. Nemendur nýttu sér stuttar enskar útgáfur af Rauðhettu og Grísirnir Þrír til að leika og efla ensku sína. Einnig voru mjög margir leikir úr bókinni "Leikjabókin Leikir í listinni" teknir fyrir. Þessir leikir voru flestir stundaðir á ensku með aðstoð kennara. Markmið leikjanna er að kenna tungumál á nýjan máta sem gefur fleiri tækifæri fyrir nemendur að tjá sig á erlendu máli.

### Upplýsinga og tæknimennt

Í upplýsingatækni hjá 3. og 4. bekk tóku nemendur þátt í fjölbreyttum og skapandi verkefnum þar sem þeir þjálfuðu hæfni sína í að afla upplýsinga, vinna með þær á gagnrýninn hátt og koma eigin hugmyndum á framfæri með stafrænum verkfærum. Í gegnum notkun iPad-tækja fengu nemendur tækifæri til að þróa tæknilega og skapandi færni með því að vinna með ýmis smáforrit (öpp) sem ýta undir sjálfstæða hugsun og tjáningu.

Meðal þeirra forrita sem notuð voru í kennslunni voru Book Creator, Stop motion og Freeform, þar sem lögð var áhersla á ritun, sögugerð og sjónræna framsetningu. Nemendur bjuggu til eigin bækur, sögur og persónur og æfðu sig þannig í að byggja upp frásagnir og nota stafræna miðla til að miðla efni á skapandi hátt. Einnig var farið í kynningu á grunnhugtökum forritunar með notkun forritsins

Osmo og Sphero edu, þar sem nemendur fengu innsýn í rökhugsun, mynstraviðurkenningu og lausnaleit í gegnum leik og gagnvirka nálgun.

Verkefni voru liður í því að efla stafrænt læsi nemenda og stuðla að skapandi og gagnrýnni notkun á upplýsingatækni í námi og leik.

## Skólaípróttir á yngsta stigi

Ípróttatímarnir yfir veturinn í 1. og 2. bekk fóru fram í Legoland. Nemendur í 3. bekk stunduðu ípróttir bæði í Legoland og í Miðgarði. Í 4. bekk fór kennslan fram í þreksalnum í Miðgarði og að hluta til í stóra salnum, knattúsinu, þegar aðstæður leyfðu.

Úti kennsla ípróttta fór fram í Vinagarði og í nær umhverfi skólans, í byrjun og í lok skólaárs. Áherslan var á leiki og léttari æfingar. Nemendum var skipt í hópa eftir aldri og allir fengu verkefni við hæfi. Nemendur fengu að kynast margvíslegum ípróttagreinum. Mikið var um stöðvaþjálfun þar sem nemendur fengust við fjölbreytt verkefni sem efla hreyfifærni. Nemendur fóru í ýmsa leiki og gerðu fjölbreyttar æfingar.

Í september var Ólympíuhlaup ÍSÍ haldið, þar er hlaupið hringinn í kringum Urriðavatn. Mörg börn hlupu fleiri en einn hring og var þátttaka foreldra og starfsmann frábær. Brennómótið var haldið í janúar í Miðgarði og allur skólinn var þar saman að keppa. Því miður tapaði lið kennara þetta árið á móti nemendum á unglíngastigi. Nemendur voru mjög ánægð með þessa niðurstöðu á mótinu og skemmtu sér vel. Í febrúar fóru nemendur grunnskólastigs á skauta í Egilshöll og var það gert í tvennu lagi eða vetraleikar yngri nemendur og vetraleikar eldri nemendur á grunnskólastigi. Ferðin gekk vel að mestu og var almenn ánægja með ferðina. Í maí var ákveðið að hafa hjólatíma í ípróttum. Þar var ípróttatímanum skipt í tvennt og fóru krakkarnir í þrautabraut og hjólafimi í Vinagarði. Þar voru þau undir handleiðslu nemenda á unglíngastigi. Einnig var farið yfir stillingu á hjálm, bremsur, keðjur og dekkjaþrýsting við anddyri skólans.

Karatedeild Stjörnunnar kom í heimsókn í þriðja skiptið og kynnti sína starfsemi fyrir nemendum í öllum árgöngum. Heimsókn karate deildarinnar er alltaf mjög vinsæl þar sem þau fá að sparka eða kyla í púða sem kennara og þjálfari halda á.

Sundkennsla fór fram einu sinni í viku allt skólaárið hjá 1. til 4. bekkjar. Kennt var í Álftaneslaug. Áherslan í fyrsta og öðrum bekk var að læra að vera ekki hrædd við vatn í gegnum allskonar leiki og að ná grunn færni í skrið- og baksundi. Mikil áhersla var lögð á vatnsaðlögun og leiki til þess að undirbúa þau undir helstu grunnþætti allra sundaðferða. Áhersla var lögð á að auka við grunnþekkingu 3. - 4. bekk í skriðsundi, bringusundi, baksundi, skólabaksundi og kynning á björgunarsundi). Þátttaka í tímum var 70% af lokaeinkunn.

## Miðstig

### Lestur

Nemendum í 4.–7. bekk var skipt upp í færnimiðaða hópa í íslensku og fengu kennslu fjórum sinnum í viku í 60 mínútna lotum. Áhersla var lögð á þjálfun í lestri, lesskilningi, málfræði, ritun og málörvun. Færni nemenda var byggð upp með kerfisbundnum hætti og stigvaxandi kröfum, og framvinda kennslunnar stjórnaðist af framförum hvers og eins. Hver hópur vann að þessum þáttum út frá eigin getu og námsframvindu. Nemendum var skipt í níu færnimiðaða hópa strax í upphafi haustannar, og færni þeirra endurmetin í byrjun vorannar.

Kennslan var fyrirfram skipulögð og byggð á markvissri bekkjarstjórnun (sjá nánar í kaflanum *Lestrarkennsla, málörvun og málfræði*, bls. 56). Kennsluhættir krefjast virkrar þátttöku nemenda á öllum námsstigum, allt frá undirstöðufærni til dýpri skilnings og hraðari vinnubragða.

Námsmat var markvisst og fjölbreytt í öllum hópum, unnið með það að markmiði að meta framför nemenda í lestri, lesskilningi, málfræði, ritun og framsögn, bæði í gegnum próf og fjölbreytt verkefni.

#### Hópar 1-4

Í þessum hópum var unnið með nemendur sem þurftu að efla grunnatriði í lestri og málnotkun ásamt því að byggja upp sjálfstæði, skipulagðar námsvenjur og traust á eigin getu. Áherslur hópsins voru á grunnlestrarfærni, málfræði og ritun. Kennslan fólst í að bæta orðaforða, auka málvitund, lesskilning og hlustunarskilning. Í málfræði og ritun var uppbygging kennslunnar aðlöguð að málfærni nemenda til að auka skilning t.d. merkingu orða, reglur um málnotkun og uppbyggingu texta.

Kennslan fór fram með kerfisbundnum hætti, með stöðugri hækkun í kröfum eftir því sem færni nemenda jókst. Framvinda kennslunnar miðaðist við stöðu og framfarir hvers og eins.

Til að styðja við þessa námsþætti var notast við færnimiðað námsefni og fjölbreyttar kennsluaðferðir þar á meðal hljóðafimi, textafimi, PALS-efni, töfluvinna og markvissa kennslu (sýna, leiða, prófa). Málörvun var hluti af kennslustundum þar sem nemendur lærðu endursögn með markvissum hætti, myndræna túlkun, yfirhugtök og undir flokka þeirra. Í ritun var meðal annars unnið með frásagnir og verkefni sem þróðu skýra setningagerð og rökhugsun.

Hluti nemenda vann með TAPS (Think Aloud Problem Solving), sem er kennsluaðferð sem eflir lesskilning, rökhugsun, samvinnu og þrautseigju við textavinnu. Nemendur lærðu að draga upplýsingar úr texta og beita markvissri námstækni við lausn viðfangsefna.

Kennsluaðferðir byggðu á stýrðri leiðsögn, einstaklingsmiðaðri verkefnavinnu og markvissri bekkjarstjórnun þar sem unnið var að því að mæta ólíkum þörfum innan hópsins og styðja við jafnari námsframvindu nemenda.

#### Hópur 4

Í þessum hópi var megináhersla lögð á að efla lesskilning, lesfimi og málfræði. Nemendur unnu að fjölbreyttum verkefnum, þar sem það var til dæmis markvisst unnið með lesfimi með það að markmiði að bæta hraða, skýrleika og auka blæbrigði í lestri. Í lesskilningi var notast við námsefnið *Smell 1, Orðspor 1* og texta úr litabókum á Skólavefnum. Í málfræði var unnið með *Málrækt 1* og verkefni sem kennarar settu saman. Nemendur lærðu að skrá eigin framvindu í lesfimi daglega, sem veitti þeim innsýn í eigin þróun. Einnig var unnið með orðaforða áður en textar voru lesnir og þjálfuð framburður erfiðra orða með aðstoð kennara í töfluvinnu. Nemendur lásu til skiptis með kennara, tóku þátt í spurningaleikjum og útbjuggu eigin vinnubækur. Hjá einum kennara var unnið með tvær bækur, *Fólkið í blokkinni* og *Kennarinn sem hvarf*, og hjá öðrum aðeins með þá fyrirnefndu. Nemendur unnu m.a. bókarýni sem hluta af lokaverkefni.

Unnið var með fjölbreyttar kennsluaðferðir, þar á meðal má nefna stýrða kennslu, töfluvinnu, vinnubókarkennslu, útlistunarkennslu og umræðu- og spurnaraðferðir

## Hópur 5

Í hópi 5 var megináhersla lögð á lesskilning og málfræði. Auk þess var unnið með skrift, framsögn og hlustun. Nemendur í hópnum höfðu almennt náð góðum tókum á lestri og lesskilningi og því var lögð áhersla á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og styrkja viðeigandi námstækni.

Nemendur lásu fjölbreytta texta til að afla sér þekkingar og efla lesskilning. Þar má nefna efni um Forn-Grikki, landafundi, Rómaveldi og Víkinga, ásamt skáldskapstextum eins og *Pissupása 1–2* eftir Ævar Þór Benediktsson og jólabæklingum (*Jólasveinahefti 1–3*). Einnig var notað þjálfunarefni í lesfimi frá læsisvefnum (*Æfingin skapar meistarann*). Nemendur nýttu þekkinguna úr textunum til að skapa eigið efni og þjálfuðu þannig bæði ritun og sköpun.

Kennsluaðferðir miðuðu að því að styrkja nemendur sem sjálfstæða lesendur og hugsandi einstaklinga. Með því að samþætta lesskilning, ritun, framsögn og gagnrýna hugsun náðist góð breidd og dýpt í íslenskukennslunni. Markviss vinna fór fram með orðaforða og lesskilningi í gegnum bókmenntatexta, og sérstök áhersla var lögð á rökhusun, gagnrýna og skapandi hugsun – bæði í ræðu og riti.

## Hópur 6

Í hópi 6 voru nemendur almennt komnir með góð tók á lestri og því var lögð sérstök áhersla á málfræði, einkum fallorðafræði, auk þess sem lesskilningur og endursögn voru í forgrunni. Kennslan byggðist á námsefni sem þróað var út frá aðferðum Morningside og var unnið markvisst með hópnum. Námsgögnin voru m.a. *Málrækt 3*, bækur eins og *Kennarinn sem hvarf sporlaust*, *Dýragarðurinn*, *Trunt, trunt og tröllin*, og *Heimur í hendi*, auk ýmissa verkefna sem kennarar settu saman. Einnig var unnið með stafsetningu, ritun, orðaforðakennslu og rafræna orðabókarnotkun.

Kennsluaðferðirnar voru fjölbreyttar og innihéldu töfluvinnu, vinnubókarkennslu, útlistunarkennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, hópinnubrögð og leitaráðferðir.

## Fimiþjálfun í stærðfræði

Stærðfræði á miðstigi var kennd í færnimiðuðum hópum þvert á árganga í vetur. Í upphafi skólaárs var tekin staðsetningarathugun í stærðfræðiefni frá Morningside á öllum nemendum á mið- og unglingastigs. Gögn voru greind og nemendum skipt upp í færnimiðaða hópa. Nemendur færðust síðan á milli hópa eftir því sem færni þeirra jókst. Jöfn áhersla var lögð á fimiþjálfun frá Morningside; æfingar í grunnþáttunum; samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Einnig var farið yfir orðadæmi frá Morningside þar sem nemendur æfðu sig í að lesa orðadæmi og átta sig á því hvaða upplýsingar þyrfti að nota. Kennt var fjórum sinnum í viku í klukkustund.

### Stig 1

Lítill hópur þar sem unnið var með fimiaefingar sem efla grunnþætti í stærðfræði eins og að skrifa tölur frá 0-9 og sjá/segja tölur. Þegar nemendur höfðu náð færni í þessum grunnþáttum færðust þeir yfir í  $+$ / $-$  og  $\times$ / $\div$ . Nemendur æfðu margföldunartöfluna heima til að auka á færni sína í fimi-margföldun. Í kjölfarið var farið yfir deilingu. Nemendur unnu helming tímans í fimiþjálfun og helming tímans í aðlöguðum áætlunum úr Stiku 1a og b ásamt öðru ítarefni frá kennara. Í fimiþjálfun vann hópurinn í fyrstu tveimur möppunum,  $+$ / $-$  og margir fóru í þriðju möppuna  $\times$ / $\div$  seinni hluta skólaársins. Reglulega voru kannanir úr hverjum námshluta úr Stiku í samvinnu við hina hópana. Efnið var aðlagð að nemendum.

## Stig 2

Unnið var með fimíæfingar sem efla grunnþætti í stærðfræði. Nemendur æfðu margföldunartöflurnar heima til að auka á færni sína í fimi- margföldun. Í helmingi tímans var unnið í fimipjálfun og helming tímans í áætlunum úr Stiku og ítarefni frá kennara. Reglulega voru kannanir úr hverjum námshluta í Stiku í samvinnu við hina hópana.

## Stig 3

Kennslustundunum var skipt í tvennt, annars vegar fimipjálfun og hins vegar almenn stærðfræði. Fimipjálfunin fór fram með möppuvinnu í 4 möppum, *talnaskilning í samlagningu og frádrætti, fimi í samlagningu og frádrætti, talnaskilning í margföldun og deilingu og fimi í margföldun og deilingu*.

Með þessari nálgun í stærðfræði er verið að mæta hverjum nemenda á sínum forsendum. Með Morningside námsefninu er færni nemenda betur kortlögð þar sem hægt er að sjá hvaða færni er komin og hvað nemendur þurfa að læra. Í stærðfræði þarf að byggja góðan grunn í reikniaðgerðunum samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu til að hægt sé að kenna nemendum flóknari stærðfræði. Með fimipjálfun erum við að gera nemendur leiknari við að reikna grunn reikniaðgerðirnar í stærðfræði og stuðlum þannig að því að færnin viðhelst og nemendur verða fljótari að reikna einföld stærðfræðidæmi. Með fimi efninu fengu nemendur strax leiðsögn um hvað þurfti að laga og hvað væri vel gert. Nemendur skrá í hæfnikort framfarir sínar, sem er mikil hvatning fyrir nemendur, þar setja þau sér markmið og sjá strax framfarir sínar.

Námsefnið frá Morningside er til fyrirmyndar og frábær viðbót inn í stærðfræðina og mátti sjá miklar framfarir í færni, úthaldi og námsástundun allra nemenda. Það er spurning hvort á næsta skólaári þurfi að skoða betur þegar nemendum er skipt í hópa og hvort það sé betra að allir séu í stærðfræði á sama tíma, því þá er hægt að færnimiða hópana betur.

## Viðfangsefni

Nemendum í 5.-7. bekk var skipt í sex hópa í almennri stærðfræði þar sem unnið í lotum með eftirfarandi námsefni: tugakerfi, tugabrot, námundun, negatífar tölur, rúmfræði, tölfræði, líkindi (einungis 7. bekkur), hnitakerfið, almenn brot og prósentur. Nemendur fengu innlögn frá kennara um hvern námsþátt. Nemendur fengu áætlun sem þau höfðu ákveðinn tíma til að ljúka. Nemendur unnu hópaverkefni m.a. í tölfræði og rúmfræði. Eftir hvern námsþátt/kafla tóku nemendur námsmatsverkefni.

Námsefni: Stika 1a nemendabók og æfingahefti, Stika 1b nemendabók og æfingahefti (5. bekkur) Stika 2a nemendabók og æfingahefti, Stika 2b nemendabók og æfingahefti (6. bekkur). Stika 3a nemendabók og æfingahefti, Stika 3b nemendabók og æfingahefti (7. bekkur). Nemendur fengu einnig fjölbreytt verkefni frá kennurum.

## Skýrslur heimasvæða á miðstigi

### Skolli – heimasvæði barna fædd 2014

Umsjónarkennarar	Ásdís Heiðarsdóttir og Ellen Marta Baran
Þroskajálfar	Kristín Ösp Sigurðardóttir Selma Ramdani
Stuðningsfulltrúar	Bragi Guðmundsson Fríða Rún Westmann Friðþórsdóttir Guðjón Helgi Friðriksson

	Gunnar Freysson Halldóra E Björgúlfsdóttir Magnús Hafsteinsson Marlóa Björt Kristins
Fjöldi nemenda í ágúst 2024	38
Fjöldi nemenda í maí 2025	40

## Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

### Íslenska

Fjölbreyttar stafsetninga- og málfarsæfingar bæði í stílabók og í tölvu.

Nemendur gerðu ritunarverkefni á 6 vikna fresti og skrifuðu þá um sumarfríið sitt, hrekkjavöku sögu, jólafríið sitt, regnbogaritun (saga með aðalpersónu, aukapersónu, sögusviði og atviki), og svo draumafríið mitt.

### Væntingar á heimasvæði

Í vetur var unnið með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Farið var reglulega yfir væntingar á heimasvæði, væntingar í rútu, væntingar á útisvæði og væntingar í matsal. Væntingar í útiveru voru viðfangsefni sem þurfti að fara oftast yfir með lang flestum.

Annar hópurinn vann með væntingar með markmiðið að verða best í einbeitingu, vinnufrið og tímasetningu (að mæta inn á réttum tíma) og hvernig ætti að laga það sem ekki væri eins og best verður á kosið í þeim efnunum. Þetta var gert með innblæstri úr KVAN verkfærakistunni.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur gerðu ýmsar æfingar í upplýsinga- og tæknimennt. Nemendur gerðu færni verkefni í Google umhverfi eins og Docs og Slides.

### Lífsleikni og samskiptafærni

Í lífsleikni var notað bókina Ég og sjálfmyndin. Úr bókinni var mikið unnið með verkefni sem beina að samskiptafærni, félagsfærni og kynþroska. Einnig voru vikur eins og Vika 6, samskiptavika og mannréttindavika nýtt í lífsleikni og verkefni unnin með viðfangsefnum. Þá hafa nemendur fengið mikla þjálfun í samskiptafærni þrátt fyrir að það hafi ekki verið í lífsleikni en þá hefur áhersla verið lögð á hvernig við komum fram og hvernig vinaleg samskipti eru.

### Erlend tungumál

#### Enska

#### Ágúst – Desember

Enskukennslu vetrarins var tvisvar í viku og var því skipt í tvennt. Annar tíminn fór í bóklega vinnu í Yes We Can 5 og 7, hinn tími vikunnar fór í þemavinnu tengda kaflanum.

Fyrsti kaflinn í Yes We Can 5 fjallaði um íþróttir og skrifuðu nemendur því smásögur tengdar umfjöllunarefnum. Efni annars kafla voru galdrar og tóku nemendur því fyrir ýmis hrekkjavökuverkefni. Þriðji kaflinn fjallaði um borgina London og gerðu nemendur því veggspjöld um Bretland.

Fyrst kaflinn í Yes We Can 7 tók fyrir enskt tungumál og mismunandi hreima og mállýsku þess. Verkefni nemenda þar var því að útskýra helsta mun tungumálsins í Bretlandi og Bandaríkjunum, bæði á riti og á upptöku. Annar kaflinn tók fyrir mismunandi útgáfur fótbolta um allan heim. Nemendur útfærðu því kynningu sem útskýrir muninn á evrópskum og bandarískum fótbolta.

Leyfilegt var að búa til kynningu í gegnum upptöku og kom leiklist þar skemmtilega inn í verkefnið. Þriðji kafli fjallaði um ferðalög í Bandaríkjunum. Þemaverkefnið var því að búa til ímyndaða ferð um Bandaríkin og kynna það fyrir hópnum.

#### Febrúar – Júní

Ákveðið var á vorönn að minnka enskukennslu í 5. bekk þar sem nemendur fengu fleiri kennslustundir á haustönn. Nemendur voru því einu sinni í viku í enskukennslu á vorönn. Nemendur fengu þjálfun í málfræði, þau verkefni voru fengin úr námsbókinni Enskar málfræðiæfingar A.

Nemendur hlustuðu á skáldsöguna Charlie and the Chocolate Factory. Nemendur hlustuðu á 1-3 kafla í einu og unnu svo verkefni í vinnubók í kjölfarið í vinnubók frá kennara. Að lokum fengu nemendur að horfa á bíómyndina sem gerð var úr bókinni. Verkefnin voru fjölbreytt, en þar var með annars spurningar úr bókinni, eyðufyllingar og orðarugl.

#### Námsmat

**Skriftarhefti** sem nemendur fengu með heim og skiluðu 4 skriftarverkefnum á 4 vikum. Metið var hvort nemendur kláruðu verkefnið og skiluðu til kennara.

**Námsmat í lífsleikni** nemendur unnu með markmiðasetningu og framtíðarsýn sem var metið. Einnig var þátttaka og umræða í tímum metin. Stuðst var við leiðsagnarmat.

**Framkoma** nemenda var metin út frá samskiptum, hlustun, hvernig nemendur gættu tungu sinnar og sýndu viðeigandi kurteisi, nemendur voru metnir með símati.

**Lesfimipróf** voru tekin þrisvar yfir skólaárið.

**Orðarún** próf í lesskilningi var tekið tvisvar yfir skólaárið.

#### Vettvangsferðir

Sinfónían í Hörpunni - allt miðstig

Vísindasmiðja HÍ - 5. bekkur

Bókasafn Garðabæjar - ritsmiðja fyrir 5. bekk með Gunnari Helgasyni

Bíóferð Ung-RIFF - allt miðstig

Orri Óstöðvandi - allt miðstig

Trommusmiðja - 5. bekkur

Jól á Árbæjarsafninu - 5. bekkur

FlyOver Iceland – 5. bekkur

#### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í þematímum í lok hvers dags frá 12:40-14:00 kennir hver kennari mismunandi hóp eftir dögum og kemur hver og einn kennari á miðstigi að öllum hópum á einhvern hátt.

Jólahittingur 5. bekkjar og 2022 árganginum á leikskólastigi átti sér stað í Vinagarði með huggulegri stund með kakó, piparkökum og samveru. Þetta var gert til þess auka samstarf milli skólastiga og efla vináttu og samkennd.



## Foreldrasamstarf

### Foreldraviðtöl

Þrjú foreldraviðtöl fóru fram á skólaárinu. Fyrsta var þegar skólasetning var þar sem nemendur settu sér markmið fyrir veturinn og sögðu frá sumarfríi sínu. Annað var í október þar sem var farið yfir líðan og markmiðasetning. Þriðja og síðasta var nemendastýrt þar sem nemendur fóru yfir með foreldrum hvar þeim gengur vel og hvað megi bæta, markmiðasetning og verkefnasýning.

### Föstudagsfréttir

Við sendum föstudagspóstinn í gegnum Smore forrit þangað til í mars. Eftir það breyttum við yfir í forritið Swift.

### Bekkjarhittingur

Bekkjarhittingur í skólanum sem foreldrar skipulögðu. Málaðar piparkökur á skólatíma með kakó.

## Samantekt

Skólaárið 2024-2025 hjá 5. bekk hefur verið fjörgt, krefjandi og lærdómsríkt. Námsfnið og kröfur hafa þungst frá því í yngri deild og skóladagur nemenda hefur lengst. Þemavinnan stóð upp úr þar sem allir kennarar á miðstigi kenndu öllum nemendum. Við vorum sérstaklega ánægð með hvað nemendur hafa tileinkað sér betri námshæfni og eru mörg orðin sjálfstæðari í námi sínu. Við höfum mikið þurft að vinna með samskipti og orðbragð í hópnum. Það hefur verið gott samstarf með Steiney náms- og starfsráðgjafa og Þóru skólafélagsráðgjafa en þær hafa hjálpað einstaka nemendum og hópnum í samskiptum og þegar koma upp ágreiningar. Einnig höfum við fengið aðstoð frá atferlisfræðingum og stjórnendum.

Það sem hefði betur mátt fara var hvernig gripið var inn í aðstæður þegar slæm samskipti áttu sér stað. Það sem við hefðum viljað einnig gera voru nemendaviðtöl þar sem kennari tekur létt spjall með hverjum nemenda og fara yfir líðan í skóla og heima, til þess að kynnst þeim betur, kynnst áhugamálum þeirra og finna betur út hvar gleymdu börnin eru.

Þematímar gengu ótrúlega vel ásamt samstarfi kennara á miðstigi. Heimahópstímarnir okkar voru líka góð gæðastund með hópnum okkar og tækifæri fyrir hópinn að kynast. Umgengni hjá 5. bekk hefur farið mikið fram. Heilt yfir hefur árið verið gott og mikill þroski átt sér stað hjá hópnum.

### Skerpla – heimasvæði bara fædd 2012 og 2013

Umsjónarkennarar	Agatha Alexandersdóttir (frá febrúar 2025), Anton Helgi Hannesson (út desember 2024), Hrafninnna Grettisdóttir og Sólveig Björnsdóttir
Atferlisfræðingur	Eyrún Kristín Eyjólfsson
Stuðningsfulltrúar	Guðjón Helgi Friðriksson, Gunnar Freysson, Magnús Hafsteinsson, Marló Björt Kristins, Arnar Smári Arnarsson.
Fjöldi nemenda fædd 2012	23
Fjöldi nemenda fædd 2013	35
Fjöldi nemenda í maí 2025	53 ( 33 fædd 2013 og 20 fædd 2012)

### Viðfangsefni nemenda á skólaárinu

#### Íslenska

Nemendur unnu 6 vikna ritun í heimahópum. Þar var lögð áhersla á stafsetningu og lengd málsgreina. Markvisst var unnið með stafsetningu í gegnum öll fög en einnig var lögð mikil áhersla á málfræði í gegnum allt skólastarf.

#### Væntingar á heimasvæði

Í vetur var unnið mikið með væntingar sem gerðar eru til nemenda. Farið var reglulega yfir væntingar á heimasvæði, væntingar í rútu, væntingar á útisvæði og væntingar í matsal. Væntingar í matsal og væntingar í rútu voru viðfangsefni sem þurfti að fara oft yfir með öllum heimahópum.

#### Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur fengu chromebook tölvu til notkunar í haust. Þau byrjuðu skólaárið þó með spjaldtölvum. Á skólaárinu var ekki markmiss upplýsinga- og tæknimennt kennsla, heldur var notað og kennt á forritin líkt og docs og slides í almennri kennslu. Einnig notuðu nemendur í gegnum skólaárið forritið Classroom en þar fengu nemendur verkefni og verkefnalýsingar.

#### Lífsleikni og samskiptafærni

Lífsleikni var kennd 2 sinnum í viku þar til í apríl en þá var einn tími í viku í lífsleikni.

**Námöggn:** *Ég og samfélagið* og annað efni frá kennara.

**Viðfangsefni:** Vika 6, umgengni og mörk, klukkan, kynfræðsla, samskipti

#### Erlend tungumál

##### Enska

##### Águst – Desember

Enskukennsla vetrarins var tvisvar í viku og var því skipt í tvennt. Annar tíminn fór í bóklega vinnu í Yes We Can 7, hinn tími vikunnar fór í þemavinnu tengda kaflanum.

Fyrst kaflinn í Yes We Can 7 tók fyrir enskt tungumál og mismunandi hreima og mállýsku þess. Verkefni nemenda þar var því að útskýra helsta mun tungumálsins í Bretlandi og Bandaríkjunum,

bæði á riti og á upptöku. Annar kaflinn tók fyrir mismunandi útgáfur fótbolta um allan heim. Nemendur útfærðu því kynningu sem útskýrir muninn á evrópskum og bandarískum fótbolta. Leyfilegt var að búa til kynningu í gegnum upptöku og kom leiklist þar skemmtilega inn í verkefnið. Þriðji kaflinn fjallaði um ferðalög í Bandaríkjunum. Þemaverkefnið var því að búa til ímyndaða ferð um Bandaríkin og kynna það fyrir hópnum.

## Febrúar – Júní

Enskukennslan var breytt á vorönn. Umsjónarkennarar tóku við enskukennslunni. Unnið voru verkefni úr bókinni Action. Nemendur unnu einnig verkefni með snjallforritið Stop Motion. Þar nýttu þau sér spjaldtölvur og tók upp smásögu með leir eða öðrum skólagögnum. Þau töluðu einnig inn á söguna.

### Danska


**Markmið:** Að kynnast tungumálinu, hvað er líkt og ólíkt með íslensku og dönsku og tilganginum með því að læra dönskuna. Nemendur eiga að geta þekkt algeng orð, að telja og læra litina og kynnst danskri menningu; þjóðþekktum einstaklingum, sjónvarpsþáttum og tónlist. Nemendur sem höfðu góðan grunn í dönsku fengu sambærileg verkefni en unnu einnig í þyngri verkefnum með það að markmiði að efla orðaforðann sinn og stafsetningu.

**Helstu viðfangsefni:** Start lesbók og vinnubók: tölur, litir og föt. Töfluvinnu - læra tölurnar og litina. Horft á Klassen á [https://www.dr.dk/drtv/saeson/klassen\\_271932](https://www.dr.dk/drtv/saeson/klassen_271932). Orð sem komu fyrir í þáttunum voru glósuð áður en þau horfðu. Umræður með kennara eftir þáttinn. Nemendur svöruðu spurningum í Google DOCS eftir þáttinn. Horfðu einnig á „danskar krakkafréttir“ [https://www.dr.dk/drtv/episode/ultra-nyt\\_-der-bor-prinser-og-prinsesser-i-stroeby-egede\\_503228Ræddum](https://www.dr.dk/drtv/episode/ultra-nyt_-der-bor-prinser-og-prinsesser-i-stroeby-egede_503228Ræddum) innihald fréttaráttanna og áttum í sameiginlegum umræðum.

Nemendur með betri grunn í dönsku unnu sömu verkefni og aðrir en voru í les- og vinnubókinni TAK. Unnu í tíma og tóku verkefni með heim. Lásu líka ævintýri á dönsku og þýddu orð úr sögunum, þau

verkefni voru fengin af

[www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is).



**Kennsluhættir:** Umræður, kennslumyndbönd, stýrð kennsla og vinnubókarvinna. Sjálfstæð vinna í upplýsingaöflun.

**Námsmat:** Spurningar sem nemendur svöruðu eftir að hafa horft á Klassen ásamt því að farið var yfir glósubók nemenda.

Sjálfstæð upplýsingaöflun um konungsfjölskylduna þar sem nemendur áttu að búa til bók um dönsku konungsfjölskylduna með

myndum af meðlimunum og texta.

## Vettvangsferðir

**Sinfónían í Hörpunni:** Allir nemendur fóru á sýningu í Hörpu hjá Sinfóníu Íslands. Sýningin var um Eldfuglinn sem er um Ívani prins. Sögumaður sýningunnar var Halldóra Geirharðsdóttir.

**Hvar er Valli á bókasafni Garðabæjar** - 6. Bekkur fór á bókasafn Garðabæjar í viðburð sem bókasafnið er að bjóða upp á. Þar fóru nemendur í gegnum ratleik á safninu og voru um leið á læra um það sem bókasafnið hefur upp á að bjóða.

**Glæpasagnahátíð í Tónlistarskóla Garðabæjar** - 7. bekkur fór á Glæpasagnahátíð í Tónlistarskóla Garðabæjar. Þar tók Ævar Þór Benediktsson á móti okkur og sagði okkur frá hinum ýmsu bókum sem hann hefur skrifað. Gestur á glæpasagnahátíðinni var enginn annar en Alex Falase Koya, breskur rithöfundur, sem skrifaði bækurnar um Ævintýri morgunverðarklúbbsins. Þessar bækur skrifaði hann með fótboltamanninum Marcus Rashford. Alex sagði okkur frá því hvernig hann komst inn í heim bókanna og hvernig hann fór að því að skrifa sínar fyrstu bækur.

**Bíóferð Ung-RIFF** – Nemendur fóru saman með rútu í Smárabíó á opunarhátíð Reykjavík film festival. Forseti Íslands kom og sagði nokkur orð. Horfðum við svo á skemmtileg bíómynd saman sem heitir Lars er LOL. Myndin fjallar um Amöndu og bekkjarfélaga hennar Lars sem er með Downs heilkenni. Þau verða vinir en svo svíkur hún Lars. Eftir það þarf hún að sýna í hvað henni raunverulega býr. Þar fengu þau að upplifa alvöru bíó stemmingu þar sem hægt var að kaupa sér popp eða nammi til að njóta á meðan á myndinni stóð.

**Tónlistaskólinn í Garðabæ:** Nemendum í 6. – 7. bekk var boðið á sýningu en þar var farið yfir með nemendum nokkrar af einkennisperlum jazzins ásamt því fara yfir landafræði og fróðleiksmolar sem tengjast jazz. Að lokum var svo spurningakeppni sem nemendur tóku þátt í.

**Orri Óstöðvandi** – Allir nemendur á miðstigi fóru á sýninguna Orri Óstöðvandi í Þjóðleikhúsinu. Orri Óstöðvandi var stutt leikrit og voru leikið fyrir nemendur þrjár mismunandi sögur úr bókunum ásamt lögum sem voru samin af Jóa P og Króla.

### Samstarf á milli heimasvæða og skólastiga

Í þematímum í lok hvers dags frá 12:40-14:00 kennir hver kennari mismunandi hóp eftir dögum og kemur hver og einn kennari á miðstigi að öllum hópum á einhvern hátt.

Jólahittingur 6. og 7. bekkjar og 2023 árgangsins á leikskólastigi átti sér stað úti á skólalóð með huggulegri stund með kakó, piparkökum og samveru. Þetta var gert til þess auka samstarf milli skólastiga og efla vináttu og samkennd.

### Foreldrasamstarf

#### Foreldraviðtöl

3 foreldraviðtöl á skólaárinu. Fyrsta var þegar skólasetning var þar sem nemendur settu sér markmið fyrir veturinn og sögðu frá sumarfríi sínu. Annað var í október þar sem var farið yfir liðan og markmiðasetning. Þriðja og síðasta var nemendastýrt þar sem nemendur fóru yfir með foreldrum hvar þeim gengur vel og hvað megi bæta, markmiðasetning og verkefnasýning.

#### Föstudagsfréttir

Við sendum föstudagspóstinn í gegnum Smore forrit þangað til í mars. Eftir það breyttum við yfir í forritið Swift.

#### Bekkarhittingur

Bekkarhittingur í skólanum sem foreldrar skipulögðu. Málaðar piparkökur á skólatíma með kakó.

### Samantekt

Fyrstu mánuði skólaársins voru 5.-7. bekkur blandað þvert á árganga á Skerplu og Skolla í fimm heimahópa. Ákveðið var í samstarfi við kennara og stjórnendur og skipta þeim upp, 5. bekkur í tvo

heimahópa í Skolla með Ellen og Ásdísi H. sem umsjónarkennara og 6. - 7. bekkur í þrjá heimahópa á Skerplu með Sólveigu, Hrafninnu og Anton/Agöthu sem umsjónarkennara. 5.-7. bekkur blandast í list- og verkgreinum. Samstarf á milli kennara gekk vel fyrir sig. Við höldum hefðbundinni umsjónarkennslu fyrir hádegi og svo flökkuðu kennarar á milli eftir hádegi í þema tímum. Sigrún Edda umsjónarkennari á unglíngastigi kenndi með okkur í þema tímum og kom hennar sérhæfing sem náttúrufræðikennari inn í það. Okkur fannst þetta flæði ganga einstaklega vel, við fengum að kynna öllu miðstiginu og tóku nemendur einnig vel í þetta fyrirkomulag.

Skólaárið 2024 – 2025 var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Þó hefðum þó kosið að hafa strax árgangaskiptinguna vegna þess að það er mikli þroska munur á nemendum sem eru að byrja á miðstigi og á þeim sem eru að klára það. Teymiskennslan gekk mjög vel fyrir sig og var mikið samstarf á milli allra kennara á miðstigi. Samstarfið náði yfir öll fög en var sérstaklega mikið í þemakennslunni.

## Náttúru- og samfélagsfræði á miðstigi

Náttúrufræði- og samfélagsfræði nemenda á miðstigi fór fram í gegnum þematengt nám þvert á árganga, þar sem oft samvinnuðust námsgreinarinnar náttúru- og samfélagsfræði. Þemur voru:

- Fjölbreytt fána
- Mannlíkaminn
- Trúarbragðafræði
- Vísindalæsi
- Goðafræði
- Næring og heilsa
- Frá Róm til Þingvalla
- Hljóðheimur náttúrunnar
- Áhugasviðsverkefni

### Fjölbreytt fána:

**Markmið:** Átta sig á helstu dýrategundum jarðar.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Bókin Náttúrufræði 3 var notuð í þessu þema þar sem nemendur notuðu bæði lesbók og unnu verkefni í vinnubók. Þemað var skipt upp í hryggleysingja, svampa og hryggdýr, þá fiska, skriðdýr, fugla og spendýr. Nemendur unnu ýmis verkefni eins og spendýra plaköt, fuglaverkefni og síðan hvala verkefni glæsur og síðan fiskabúr sem var metið.

**Kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, vinnubókarvinna, spurningakeppnir, útikennsla.

**Námsmat:** Námsmat var metið með vinnuframlagi og virkni nemenda í tímum og síðan sérstaklega í hvalaverkefni og fiskabúrinu. Þar fengu nemendur matslista með leiðbeiningum sem þau áttu að fara eftir.

### Mannlíkaminn

**Markmið:** Átta sig á helstu líffærkerfum líkamans og hvernig þau vinna saman. Vinna saman í hópaverkefni í ólíkum hópum.



Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar: Öll innri líffæri líkamans. Blóðrásarkerfið, hjarta, heili, lungu, æðar, vöðvar, húð.

**Heili og lungu:** Maðurinn hugur og heilsa. Unnu í vinnubók úr Maðurinn hugur og heilsa og bjuggu sjálf til spurningar úr viðfangsefninu.


**Blóð og æðar:** Maðurinn hugur og heilsa. Kennslumyndbönd og vinnubókarvinna í Maðurinn hugur og heilsa.

**Melting:** Kúkur og piss eftir Sævar Helga Bragason ásamt upplýsingum á netinu. Spurningakeppni og upplýsingaöflun.

**Beinin og vöðvar:** Maðurinn, hugur og heilsa ásamt kynningu frá kennara. Svöruðu spurningum í vinnubók. Skoðuðu bein- og vöðvafrumur í smásjám.

**Kennsluhættir:** Hver kennari fjallaði um mismunandi líffæri. Kennarar notuðu útlistunarkennslu og notuðust við spurningakeppnir og vinnubókarvinnu áður en farið var í hópavinnu.

**Námsmat:** Hverjum heimahóp var skipt upp í minni hópa og unnu þau saman að því að skapa mannlíkamann í fullri stærð. Nemendur teiknuðu líffæri inn í mannlíkamann og skrifuðu skýringartexta um líffærin. Nemendur unnu einnig í hópum sem þau fengu ekki að velja sjálf. Markmiðið með hópavinnunni var að þjálfa hæfni til þess að vinna með ólíkum samnemendum og skipta með sér verkum.



- Kennaramat
- Sjálfsmat - nemendur gátu sagt frá sínu vinnuframlagi og gátu kennarar í framhaldi metið vinnuframlag nemenda í hópavinnunni.

*Trúarbragðafræði:*

**Markmið með þemavinnunni:** Kynna nemendur fyrir helstu trúarbrögðum heimsins.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:**

Við nýttum þessa heimasíður við undirbúning kennslustundanna:

<https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html> Við nýttum þessa heimasíður við undirbúning kennslustundanna: <https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html> ásamt kennslumyndbanda af MMS og fleiri síðum.

- **Islam:** Nemendur unnu tvö verkefni um grunnstoðir Islam. Annað var stór fimma, henni var skipt niður í 5 hluta og í hvern hluta átti að teikna mynd af hverri grunnstoð og skrifa nafnið á íslensku og arabísku fyrir ofan.
- **Hindúismi:** Nemendur unnu verkefni um guðina í Hindúisma, fundu helstu upplýsingar um einn guð og teiknuðu mynd.
- **Búddhismi:** Nemendur unnu príhyrningaverkefni. Kennslan var mjög stýrð þar sem nemendur skrifuðu texta upp eftir kennara og útfærðu myndskreytingarnar sjálf.
- **Gyðingdómur:** Nemendur unnu hugarkort um sögu gyðingdóms. Einnig unnu nemendur glærुकyningu um hátíðir og siði.
- **Kristin trú:** Nemendur glósuðu um trúna og teiknuðu mynd af trúartákni kristinnar trúar.

**Kennsluhættir:** Hlustun, útlistunarkennsla, kennslumyndbönd.

**Námsmat:** Við unnum námsmat úr 4 af 5 trúarbrögðum.

- Í **Búddhisma** var unnið var þríhyrningaverkefni (einstaklingsverkefni). Sjá má fyrirmyndarverkefni hér fyrir neðan.
- Í **Islam** trú var búin til bók um 5 helstu grunnstoðir Islam trúar (einstaklingsverkefni).
- Í **gyðingdómi** (6. og 7. bekkur) unnu þau vinnublað og hugarkort um Önnu Frank eftir að hafa hlustað á hlaðvarpsþátt um Önnu Frank. Linkur: <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/i-ljosi-krakkasogunnar/32341/9kdm2p>
- Í **gyðingdómi** (5. bekkur) fengu nemendur að velja sér í hópa og fengu úthlutað eitt trúarbragð. Þau áttu að gera veggspjald. Afla sér upplýsinga um trúarbragðið í gegnum trúarbragðafraeðivefinn. Þar átti að koma fram hvar trúarbrögðin væru algengust, upplýsingar um eina hátíð, teikna trúartáknið og upplýsingatexta um trúarbrögðin.
- **Kristin trú:** Lögð var fyrir þau rafræna könnun í gengum Google forms.



*Vísindalæsi*

**Markmið:** Að nemendur þjálfist í því að rýna í texta, leita sér útskýringa á orðum sem þeir þekkja ekki og noti til þess ýmsar aðferðir. Lögð var áhersla á að nemendur skilji að allt læsi er þjálfun og til þess að efla vísindalæsi þurfi að leggja sig fram við að kynna sér þýðingu óþekktra orða.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Notast var við stuttan texta um krabbaveiðar. Nemendur lásu saman textann, strikuðu undir orð sem þeir þekktu ekki og eftir það var umræða um orðin þar sem nemendur reyndu að giska á þýðingu þeirra. Næst áttu nemendur að glósa orðin á snyrtilegan og skýran máta í stílabækur. Nemendum var kennt að búta niður lengri orð og reyna að átta sig á þýðingu þeirra þannig, skoðaðar voru ýmsar orðabækur sem eru aðgengilegar á netinu og rætt um það hvað við getum gert þegar orðin er ekki að finna í orðabókum. Notast var meðal annars

við [www.m.is](http://www.m.is) og <https://islenskordabok.arnastofnun.is/>. Í lokin var farið yfir þau orð í sameiningu sem nemendur höfðu glósað og þau unnu saman að því að bæta skilning sinn á textanum.

**Kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, leitarnám og samvinnunám.

**Námsmat:** Í þessu þema fengu nemendur leiðsagnarmat á meðan verkefni stóð, en ekki var framkvæmt formlegt námsmat á afurðum nemenda.

**Næring og heilsa**


**Markmið:** Að nemendur fái grunn í næringarfræði, læri að lesa utan á umbúðir matvæla, kynnist betur þörfum líkamans og hvaða næringarefni við fáum úr þeim mat sem við borðum. Að nemendur læri um uppruna matvæla og hvað er að finna í umbúðum matvæla.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Í byrjun fengu nemendur kynningu á helstu næringarefnum sem talin eru upp á umbúðum matvæla. Samhliða því unnu nemendur verkefni í verkefnahefti. Nemendur unnu verkefni í vinnubókinni Maðurinn, hugur og heilsa og útbjuggu svo hugarkort út frá efni lesbókar. Farið var yfir mikilvægi heimildaskráninga í verkefnavinnu og áreiðanleika heimilda.


**Kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, vinnubókarvinna, samvinnunám, hópavinna og leitarnám.

**Námsmat:** Í þessu þema voru nokkur verkefni sem færð voru til námsmats í Mentor. Notast var við matsramma til að meta hugarkortið og paraverkefnið Diskurinn minn.

- Vinnuhefti þemans voru metin hjá nemendum í 6.-7. bekk.
- Allir nemendur á miðstigi unnu hugarkort sem einstaklingsverkefni. Nemendur þurftu að skrá allar heimildir aftan á hugarkortið. Nemendur söfnuðu upplýsingum um prótein, fitu, trefjar, steinefni, vítamín og kolvetni.



- Nemendur unnu paraverkefni sem bar heitið Diskurinn minn. Verkefnið var sett upp sem plaggat og byggist námsmat á bæði afurð nemenda og jafningjamati sem var framkvæmt við lok verkefnis. Lögð var áhersla á að nemendur væru jákvæðir gagnvart vali kennara á vinnufélaga og stýðji við félagi sinn með því að gefa honum tækifæri til að bera ábyrgð á sínum parti í verkefninu. Nemendur áttu að skipta verkefnum jafnt á milli sín og hafði vinnuframlag hvers og eins áhrif á námsmatið.



**Goðafraði**

**Markmið:** Markmiðið með þemavinnunni var að kynna nemendum fyrir goðafraði og tengingu hennar við íslenska menningu.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Við notuðumst við bækurnar *Óðinn og bræður hans – Heimur verður til og Lífið í Ásgarði - gullnar töflur í grasi*. Þar sem þær bækur eru ætlaðar til íslenskukennslu þá gripum við tækifærið til að auka orðaforða nemenda. Nemendur glósuðu því þau orð sem þóttu flókin í glósubók. Unnin voru ýmis verkefni; vinnubókarvinna, spurningakeppnir, frjáls túlkun á listrænuformi (teikningar).

**Kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, vinnubókarvinna, spurningakeppnir, minnispunktar

**Námsmat:**

- Lítil bók þar sem texti var skrifaður um afkvæmi Loka og teiknuð mynd af hverju afkvæmi
- Stórt hópaverkefni þar sem nemendur unnu saman í smærri hópum og fengu úthlutað hluta af heim Ásanna. Verkefnið var unnið á maskínupappír og má sjá afraksturinn hér fyrir neðan. Kennaramat og jafningjamat/sjálfsmat.



## Frá Róm til Þingvalla

**Markmið með þemavinnunni:** Markmið með þemavinnunni er að kynna fyrir nemendum hvernig samfélagið hefur þróast í gegnum tímann.


**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Við notuðumst við bókina Frá Róm til Þingvalla þar voru helstu viðfangsefni voru Rómverjar og saga þeirra, landnám Íslands, víkingar og sögu kristni hjá Íslendingum. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í hverjum tíma. Dæmi um verkefni voru teikningar, ritun, vinnubókavinna og fleira.

**Kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, Hlustun, Vinnubókavinna

**Námsmat:** Virkni og þátttaka í kennslustund

### Aukaverkefni - Frá Róm til Þingvalla

Nemendur unnu 2-3 saman. Völdu sér einn kafla úr bókinni og skráður niður allt sem þau mundu úr kaflanum og það sem kom þeim á óvart. Notast var við „mottuaðferðina“ en nemendur skipta blaðinu á milli sín og fengu 40. mín til að skrifa. Hver hópur fór síðan yfir hvor skrifaði meira og kynnti a.m.k. eitt atriði fyrir bekknum sem þau skrifuðu niður. Verkefnið var ekki námsmat heldur einungis til þess að taka saman allt það sem við höfum lært úr þemanu.




## Hljóðheimur náttúrunnar

**Markmið með þemavinnunni:** Markmiðið var að nemendur könnuðu nærumhverfi sitt með því að hlusta frekar en horfa. Nemendur áttu að nálgast hljóðheim nærumhverfisins eins og vísindamenn og listamenn.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Nemendur útbjuggu náttúruhljóðakort þar sem þeir sjálfir voru staðsettir í miðjunni og hljóðin sem heyrðust voru teiknuð inn á kortið umhverfis nemandann. Náttúruhljóðakortið var einstaklingsverkefni sem reyndi á einbeitingargetu nemenda og eftirtekt.

**Kennsluhættir:** Útikennsla, uppgötvunarnám, reynslumiðuð kennsla, skynjunarnám.



**Aukaverkefni í náttúrufræði: Dagatöl**

Nemendur útbjuggu í sameiningu dagatöl fyrir sína heimahópa. Hverjum nemanda eða pari var úthlutaður einn mánuður, nemendur áttu að finna einhvern sérstakan dag sem tilheyrði þeim mánuði og notuðum við heimasíðuna <https://www.nationaldaycalendar.com/> til þess að finna skrítna og öðruvísi daga. Inn á dagatölin áttu nemendur að skrá afmæli bekkjarfélaga sinna og aðra skemmtilega daga sem þau vildu setja inn. Þegar allir mánuðir voru tilbúnir voru eintökin ljósrituð og allir nemendur fengu að taka heim dagatal.



**Áhugasviðsverkefni**

**Markmið með þemavinnunni:** Markmiðið var að nemendur gætu fengið tækifæri að vinna sjálfstætt við verkefni sem þau hefðu áhuga á. Nemendur áttu að velta fyrir sér heima með foreldrum/forráðamönnum hvað þau vildu gera, fylla út í hefti sem þau fengu heim og kennari fer svo yfir og samþykkir verkefnið.

**Helstu viðfangsefni/verkefni þemavinnunnar:** Nemendur skiluðu kynningu á verkefni á mjög fjölbreyttan hátt, myndband, plaggat, bók.

**Námsmat:** Lykilhæfni- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.

**Kennsluhættir:** Sjálfstæð vinnubrögð.





## List og verkgreinar á miðstigi

List- og verkgreinar voru kenndar í 8 hópum þvert á árganga á miðstigi. List- og verkgreinar voru kenndar tvisvar sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Hver hópur fór einu sinni yfir skólaárið í hverja smiðu.

### Hönnun og smíði

Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, þjálfa vinnusemi og einbeitingu, verkfærni og stuðla að vinnugleði. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum verkfærum, efni og tækni og að þeir öðlist færni sem þeir geta yfirfært á önnur svið. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í hönnunarferli og móti uppbyggingu og útlit hluta með notagildi þeirra í huga og þar fléttast inn áhersla á hagnýtingu þekkingar og nýsköpun og virðing fyrir umhverfinu.

Nemendur á miðstigi æfðu samsetningar í vetur með því að setja saman tvo hluta úr krossvið sem þau höfðu sagað út og sem saman mynduðu eina heild. Þegar nemendur höfðu lokið við krossviðarverkefnið tóku við frjáls, skapandi verkefni og smíðuðu nemendur þá m.a. axir, skildi, skurðarbretti og fótboltamörk.

Áhersla var lögð á að nemendur æfðu sig í að teikna upp málsettar vinnuteikningar og hugsuðu um allt ferlið áður en hafist var handa við að smíða.




### Sjónlist

Á árinu fengu nemendur á miðstigi sjónlistarkennslu í 12-14 manna hópum. Þau mætu 6-8 vikur í senn tvisvar 60 mínútur. Kennt var út frá kveikjum eins og listamönnum eða öðrum viðfangsefnum. Unnin var einnig með ímyndunaraflíð en ávallt í tvívídd og þrívídd. Grunnþættir myndlistar eins og forgrunnur, miðja og bakgrunnur, fjarvídd, grunnformin og litافرæði var kennd í gegnum mismunandi aðferðir í teikningu, prentun og málun. Það má nefna olíukrítar- og pastelkrítar teikningu, vatns-, akrýl – og gouache málun. Einnig var mynsturshönnun, dúkristur og stimplagerð á dagskránni enda í miklu uppáhaldi hjá flestum nemendum. Í leirmótun var unnið með steinleir og framandi glerunga þar sem litur og áferð kom ekki í ljós fyrr en eftir brennslu. Í pappamassa verkefnum var unnið með

Ímyndunaraflíð og karaktersköpun. Nemendur lærðu eitt skref í einu þar til lokamarkmiðinu var náð. Í sjónlistarrýminu erum við að æfa okkur í góðri umgengni, nægjusemi og virðingu fyrir efniviðnum sem nemendur fá í hendur. Áhersla er lögð á vandvirkni og metnað svo að nemendur geti verið stolt af verkum sínum.







### Heimilisfræði

Nemendur lærðu grunnþætti heimilisfræðinnar þar sem áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu og ábyrgð á eigin verkefnum.

Markmiðið var að bæta þekkingu nemenda á þáttum sem tengjast heimilislífi, svo sem bakstri, matargerð, húsvörkum og frágangi. Einnig lærðu nemendur að nota og ganga um varasöm verkfæri sem finnast í eldhúsum.

Lögð var áhersla á að nemendur unnu sjálfstætt í þörum að lesa uppskriftir og framreiða þær. Þá var einnig lögð áhersla á að nemendur sinntu frágangi á framúrskarandi hátt, þá svo sem uppvas og ganga frá áhöldum á rétta staði.

Nemendur fengu einnig tækifæri til þess að koma með hugmyndir af uppskriftum sem þau hefðu áhuga á að prófa og framreiða þær.

Námsmat var metið út frá frammistöðu og virkni.

### Textílmennt

Fyrstu tímarnir fóru í að læra á saumavél. Nemendur fengu ítarlega kynningu og sýnikennslu á saumavél og æfðu sig síðan á þremur verkefnum úr *Leiknisæfingum í vélsaumi*. Þar æfðu nemendur bein spor, að bakka í byrjun og enda og losa verkefnið úr saumavélinni án þess að þurfa þræða vélina eftir hvert skipti. Nemendur fengu sýnikennslu í að þræða saumavél.

Nemendur saumuðu sundpoka með ýmsum aðferðum. Á bakhlið pokans æfðu nemendur sig í útsaumi og saumuðu nafnið sitt eða skammstöfun með perlugarni. Nemendur fengu frjálssar hendur í vali á saumspori. Nemendur æfðu sig í að þræða nál og binda hnút.

Á framhlið pokans máluðu nemendur efnið með textílmálningu. Nemendur notuðu svampa til þess að þrykkja á efnið og mynduðu þannig mynstur eða



mynd eftir eigin hugmynd. Málningunni var leyft að þorna og nemendur lærðu síðan að strauja efnið vel.

Áður en sundpokinn var saumaður saman þurfti að læra að setja títuþrjóna í efnið og mæla upp hvar ætti að sauma í efnið. Sundpokinn var að lokum saumaður saman í saumavél og töskubönd þrædd í efnið og bundin saman.



Nemendur lærðu að þæfa ull með nál. Þá fengu þeir fræðslu um íslensku ullina og hvernig hægt er að þæfa hana með nál eða vatni og sápu. Viðfangsefnið var frjálst og nemendur gátu t.d. þæft mat úr ull eða broskarla.

Ýmis aukaverkefni voru unnin, svo sem dúskagerð, fingraprjón, garðaprjón og fjáls einföld saumaverkefni.

### KVAN vináttuþjálfun

Á skólaárinu nýttum við KVAN aðferðirnar í list og verkgreinum á miðstigi. Í gegnum KVAN lærðu nemendur mikilvæga félagsfærni, samkennd, bekkjarhegðun og væntingar um hegðun. Þeir fengu einnig tækifæri til að þjálfast í því að vinna saman á árangursríkan hátt.


Þessi nálgun stuðlaði að betri samkennd og samvinnu innan árganganna, sem endurspegladist í jákvæðari skólaumhverfi og aukinni vellíðan nemenda.

KVAN aðferðirnar hjálpuðu okkur að skapa umhverfi þar sem allir nemendur fundu fyrir öryggi og stuðningi, og gátu þannig blómstrað bæði félagslega og námslega.

Námsmat var byggt á tveimur hæfniviðmiðum úr lykilhæfni 5.-7.bekkjjar.



## Vísindasmiðja




Í vísindasmiðju lærðu nemendur að framkvæma einfaldar tilraunir bæði inni og úti, skrifa skýrslur þar sem farið var yfir efni og áhöld, tilgátu, framkvæmd og niðurstöður. Eitt af aðalatriðum smiðjunnar er að nemendur kynnist vísindalegri aðferð, lærðu að leggja fram tilgátur og prófa þær. Meðal tilrauna sem eru framkvæmdar er athugun á eðlismassa vökva, efnahvörf matarsóða og ediks, nemendur fá að búa til filatankrem og nota víðsjár og smásjár. Nemendur læra um efnalausnir með því að búa til sykurkristalla.

Námsmat byggir á þátttöku nemenda í tímum, getu til samvinnu við aðra og skýrslum sem er skilað.



Upplýsinga og tæknimennt – STEAM smiðja



Markmiðið smiðjunnar var að sýna nemendum hvað STEAM er stórt, fjölbreytt og áhugavert svið og tengja það við námsefnið sem nemendur læra í grunnskóla eins og til dæmis stærðfræði, vísindi og listir. Í smiðjunni lærðu nemendur fyrst hvað felst í STEAM kennsluaðferðinni og sem hluti af því þá skoðuðu nemendur störf í STEAM geiranum til að sjá hvað það er mikil vidd í þessum geira. STEAM störf geta verið störf sem flestir þekkja eins og forritari en líka störf eins og grafísk hönnun, tannsmíði, lego hönnun, tækniteiknun, rafvirkjun og svo má lengi telja.

Unnið var með lítil forritanleg Sphero vélmenni og einnig voru gerðir einskonar einnota lava lampar þar sem tækifæri gafst á því að útskýra af hverju vatn og olía skilja sig að. Nemendur reyndu við brúarsmíði þar sem brýr voru smíðaðar með sykurmolum og tannstönglum. Hér gafst tækifæri á að ræða um brýr, og sérstaklega burðarþol þar sem brýrnar urðu að hafa nægt burðarþol til að geta borið heilt strokleður!

Nemendur byggðu einnig katapúlt þar sem þeir lærðu hvernig efni getur geymt orku (eins og t.d. viður sem búið er að beygja) og hvernig sú orka getur verið leist úr læðingi og notuð til að henda hlutum langa vegalengd. Hér gafst einnig tækifæri til að ræða um horn og gráður og hvaða áhrif mismunandi kast stillingar hafa á það sem katapúltið var að henda frá sér. Notaðir voru sykarpúðar í katapúltin við mikla lukku nemenda og höfðu nemendur mikinn áhuga á þessari tilraun. Einnig var

farið yfir það hvað tölvur eru, hvaða íhlutir eru í tölvum, hvað íhlutirnir heita og hvaða hlutverki þeir gegna í tölvum. Nemendur lærðum um loftaflfræði þegar smíðaðar voru bréfskutlur og horft var á myndband af heimsmeistararnum í bréfskutlugerð. Seinni hópar á árinu fengu einnig tækifæri til þess að læra þrívíddarhönnun í Tinkercad og skera út eigin hönnun í vínlskera.

## Tónmennt

Águst – Desember

Nemendur lærðu um helstu tónlistarstefnur, hljóðvinnslu og hljóðfæri vestrænnar menningar. Má þar nefna tónlistarstefnurnar blús, djass, popp, rapp og rokk. Hljóðfæri sem nemendur lærðu um voru helstu hljóðin á trommusetti, bassi, hljómborð, gítar og söngur. Gefin voru dæmi með mismunandi lögum og hljóðum frá alnetinu. Námsmat fór fram í gegnum skrifleg hópverkefni og þátttöku í tímum.

Febrúar – Júní

Breytingar urðu í tónmennt í febrúar þar sem annar kennari tók við. Í tónmennt á vorönn lærðu nemendur um mismunandi tónlistastefnur og hvað einkenni þeirra voru. Einnig var farið yfir mismunandi lög sem fylgja hverri tónlistastefnu. Nemendur bjuggu til glærुकynningu í hópum. Það voru 2 – 3 saman í hóp en í einstaka tilvikum voru nemendur stakir að vinna glærुकynningunni. Nemendur kynntu glærुकynninguna svo fyrir hópnum sínum. Metið var glærुकynninguna og hvort allt var til staðar í kynningunni sem átti að vera ásamt því að nemendur svöruðu jafningamati.

## Skólaíþróttir á miðstigi

Íþróttatímarnir fóru fram yfir veturinn í þreksalnum í Miðgarði og einstak sinnum í stóra salnum (knaþhúsinu). Úti kennsla íþróttá fór fram í Vinagarði og í nær umhverfi skólans, í byrjun og í lok skólaárs. Áherslan var á leiki og léttari æfingar. Nemendum var skipt í hópa eftir aldri og allir fengu verkefni við hæfi. Nemendur fengu að kynnst margvíslegum íþróttagreinum. Mikið var um stöðvaþjálfun þar sem nemendur fengust við fjölbreytt verkefni sem eflðu hreyfifærni. Nemendur fóru í ýmsa leiki og gerðu fjölbreyttar æfingar.

Í september var Ólympíuhlaup ÍSÍ haldið, þar er hlaupið hringinn í kringum Urriðavatn. Mörg börn hlupu fleiri en einn hring og var þátttaka foreldra og starfsmann frábær. Í október var 6. bekkur að taka þátt í skólahandboltamót Handboltasambands Íslands (HSÍ) sem fór fram á tveimur stöðum, Safamýri og Víkinni. Krökkunum fannst mjög gaman.

Brennómótið var haldið í janúar í Miðgarði og allur skólinn var þar saman að keppa. Því miður í ár tapaði lið kennara á móti nemendum í unglíngastig. Nemendur voru mjög ánægð með þessa niðurstöður í mótinu og flest allir skemmtu sér vel.

Í febrúar fór skólinn að skauta í Egilshöll og var það gert sem vetrarleikar yngstu nemendur og vetrarleikar eldri nemendur. Ferðin gekk vel að mestu og var almenn ánægja með ferðina. Í maí var ákveðið að hafa hjólatíma í íþróttum. Þar var íþróttatímanum skipt í tvennt og fóru krakkarnir í þrautabraut og hjólafimi í Vinagarði, þar voru þau undir handleiðslu nemanda í unglíngastig. Einnig var farið yfir hjálm, bremsur, keðjur og dekkjaþrýsting við anddyri skólans.

Einnig kom Karatedeild Stjórnunnar í annað skiptið og kynnti sína starfsemi fyrir nemendum í öllum árgöngum, heimsókn karatedeildarinnar er alltaf mjög vinsæl þar sem þau fá að sparka eða kýla í púða sem kennara og þjálfari halda á.

Sundkennsla var kennt í lotum í ár hjá miðstigi, fyrir áramót og eftir áramót. Kennt var í Álftaneslaug. Áhersla var lögð á að auka við grunnþekkingu miðstigs í skriðsundi, bringusundi, baksundi, skólabaksundi og björgunarsundi. Þátttaka í tímanum var 70% af lokaeinkunni.

## Unglingastig

### Stekkur – heimasvæði Unglingastigs

Umsjónarkennarar	Felix Exequiel Woelflin, Maríanna J. Maríudóttir og Sigrún Edda Halldórsdóttir
Atferlisfræðingur	Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir
Stuðningsfulltrúar	Jóhann Valur Þorsteinsson Brimar Breki Brynjarsson Bragi Guðmundsson Magnús Hafsteinsson Marlóa Björt Kristins Hlynur Freyr Elvarsson
Fjöldi nemenda fædd 2009	3
Fjöldi nemenda fædd 2010	19
Fjöldi nemenda fædd 2011	14
Fjöldi nemenda í maí 2025	36

### Væntingar á heimasvæði

Reglulega var rætt við nemendur um væntingar á heimasvæði, meðal annars um hvar mætti og mætti ekki geyma námsgögn. Nemendur á unglíngastigi fengu aðgang að einstaklingskápum sem þau gátu læst til að geyma námsgögn eða persónulega muni. Rætt var við nemendur um umgengni á klósettum heimasvæðisins og notkun námsgagna sem eru í eigu skólans.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur fengu Chromebook tölvu til notkunar í haust. Á skólaárinu var ekki markmiss upplýsinga- og tæknimennt kennsla, heldur voru forrit líkt og docs og slides notuð í almennri kennslu. Nemendur fengu kennslu í vísindalæsi í náttúrufræði þar sem farið var stuttlega í notkun orðabóka sem er að finna á netinu ásamt því að rætt var um áreiðanleika ólíkra heimilda.

### Lífsleikni og samskiptafærni

PEERS félagsfærninámskeið fyrir stelpur á unglíngastigi. Sérkennari með diplómu í hagnýtri atferlisgreiningu og þroskajálfi sáu um fræðsu/kennslu fyrir hópinn. Fræðslan fjallaði um vinasambönd, sambönd kynjanna og farið var yfir samskipti á netinu.

Sjúkást er fræðsla á vegum Stígamóta sem er gefin út á hverju ári. Þema ársins 2025 var græn og rauð flögg í samskiptum og samböndum. Öll fræðslan er unnin af Stígamótum og fá fræðarar fræðslugögn og leiðbeiningar frá þeim. Forstöðumaður Urra og námsráðgjafi sáu um fræðsluna fyrir unglíngastig. Fræðslan var skilyrði fyrir þá nemendur sem mæta á Samfestinginn, sem er ball á vegum Samfés. Aðrir nemendur unglíngastigs nutu góðs af því að sitja fræðsluna og fræðast um þetta mikilvæga málefni sem snertir okkur öll.

Fyrir kennarateymið á unglíngastigi, eins og fyrir skólann allan, er samskipti grundvallaratriði. Þess vegna ræddum við við foreldra nemenda í upphafi skólaársins um samskiptasáttmála, sem allir foreldrar undirrituðu og var síðan hengdur upp á hurð kennslustofunnar.

Í ár hefur lífsleikni ekki haft fastan tíma í stundatöflu nemenda, heldur hefur hún verið unnin þvert á nokkur námsgreinar, í samstarfi við flesta kennara sem kenna þessum nemendum.

Í september fjölluðum við, í gegnum þáttinn „Mannasiðir“ frá RÚV, um málefni tengd kynferðisofbeldi og sérstaklega mikilvægi skýrs samþykkis.

Í október fengum við hjúkrunarfræðing í heimsókn með vímuefnafræðsluna VELDU frá Heilsulausnum. Fræðslan var fyrir nemendur á unglíngastigi og fjallaði um fíkn, vímuefni og afleiðingar þeirra. Allt fræðsluefnið er byggt á gagnreyndum og nýlegum heimildum, ásamt reynslu fræðara úr starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur. Í október fengu nemendur einnig kynningu á starfi Ungra umhverfissinna og upplýsingar um hvernig ungt fólk getur haft áhrif á umhverfis- og loftslagsmál.

Í nóvember var forvarnavika Garðabæjar, þar sem nemendur fræddust um samskiptasáttmála Garðabæjar.

Í janúar fengu nemendur kynningu frá Siggú Dögg kynfræðingi um mörk, samskipti, ábyrgð, orðnotkun og virðingu.

### Vettvangsferðir

Unglíngastig fór í nokkrar skemmtilegar vettvangsferðir í vetur. Ásamt þeim ferðum sem hér eru taldar upp var farið með nemendur í ferðir og útikennslu í nánasta umhverfi skólans, svo sem Maríuhella og að Urriðavatni.

### RIFF kvikmyndahátíð

Nemendur fóru á kvikmyndahátíðina RIFF og sáu norsku myndina Lars er LOL eftir Eirik Sæter Stordahl og Iben Akerlie.

### Hönnunarsafn Íslands

Nemendum í 8. bekk var boðið í listasmiðjuna „Að teikna er að sjá“ í Hönnunarsafni Íslands, þar sem nemendur veltu fyrir sér formum í þeim hlutum sem voru til sýnis á safninu. Nemendur fengu blöð með einföldum formum og áttu að teikna inn á formin hluti sem þeir fundu á safninu. Í seinni hluta smiðjunnar áttu nemendur að leira einn af þeim hlutum sem þau teiknuðu.

### Brennómót

Í janúar var haldið Brennómót skólans og fóru nemendur í íþróttahúsið Miðgarð til að taka þátt í brennómóti skólans sem var skipulagt af íþróttakennurum. Nemendum var skipt í lið og spiluðu nemendur 5 leiki. Í ár var í fyrsta skipti sem lið nemenda sigraði lið kennara í lok mótsins, en var það lið Grænlands sem bar sigur úr býtum.

### Vetrarleikar

Í febrúar voru vetrarleikar nemenda. Þá var farið á skauta í Egilshöll.

### Gönguferðir

Farið var í nokkrar gönguferðir með nemendur yfir veturinn. Í byrjun skólavetrar fóru nemendur í gönguferð að Urriðavatni þar sem notaðir voru plöntugreiningarlyklar til að skoða þær plöntur sem er

að finna við vatnið. Tvisvar yfir veturinn fóru nemendur út að leita að hlutum til að skoða í víðsjám, í seinna skiptið veltu nemendur fyrir sér þeim frumefnum sem er að finna í hlutunum.

### Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl voru haldin þrisvar yfir skólaveturinn. Í byrjun skólaárs og í október voru hefðbundin foreldraviðtöl, þar sem kennarar hittu einn nemanda í einu með forráðafólki. Í febrúar voru haldin nemendastýrð foreldraviðtöl, þar sem nemendur undirbjuggu kynningar fyrir forráðafólk um nám sitt. Þónokkur undirbúningur fór fram fyrir þau viðtöl þar sem nemendur veltu fyrir sér framvindu sinni, markmiðum og þeim verkefnum sem var búið að vinna.

Flesta föstudaga voru sendir föstudagspóstar til nemenda og aðstandenda þar sem upplýst var um hvað hafði staðið upp úr þá vikuna ásamt mikilvægum upplýsingum sem þurfti að koma á framfæri.

### Samantekt

Á unglिंगastigi voru 36 nemendur og þrjár umsjónarkennarar, einn með 8. bekk og tveir með 9.-10. bekk. Samstarf kennara gekk almennt vel en það var ókostur að umsjónarkennari 8. bekkjar kenndi hópnum almennt lítið bóklegar greinar og var með vinnuherbergi annars staðar og var því ekki virkur þátttakandi í undirbúningi og utanumhaldi með ýmislegt. Samstarf og sambúð nemenda í 8.-10. bekk gekk heilt yfir vel og hafði jákvæð félagsleg áhrif á marga nemendur en þó nefndu sumir nemendur í 8. bekk það nokkrum sinnum yfir veturinn að þeim þótti erfitt að vera alltaf með eldri krökkum og vildu síður vera með þeim í hópaverkefnum. Við prófuðum bæði að hafa hópa aldursskipta og aldursblandaða en aldurlöndunin hafði ekki þau jákvæðu áhrif sem við vorum að vonast eftir, nemendur tengdust almennt ekki betur eftir löndun. Það sem var jákvætt við þessa aldurlöndun var meðal annars það að yngri nemendur upplifðu aukna trú á eigin getu þar sem þau voru í námsefni sem var ætlað eldri nemendum og þeim fannst þau komin með ágætt "forskot" í náminu.

## Faggreinar á unglिंगastigi

### Íslenska

Nemendum í 8-10. bekk var skipt upp í þrjá færnimiðaða hópa í íslensku og fengu kennslu fjórum sinnum í viku í 55 mínútna lotum. Áhersla var lögð á þjálfun í lestri, lesskilningi, málfræði, ritun og málörvun.

#### Hópur 1

Lögð var áhersla á lesskilning en einnig grunn málfræði og ritun. Náms efni var valið út frá færni og áhuga hópsins þar sem hver og einn nemandi fékk mikinn stuðning frá kennara og stuðningsfulltrúa. Unnið var á hraða sem að hentaði hópinn og reynt að velja efni sem var við hæfi miðað við færni og þroska/áhuga. Unnið var með fræðilega texta af skólavefnum sem fjölluðu um mismunandi efni til dæmis mannkynssögu, pólitík, stríð, goðafræði og svo framvegis. Einnig var nýtt sjónvarpsefni frá RÚV um Vigdísí Finnbogadóttir (sjá nánari umfjöllun hér fyrir neðan) og erlendar bækur sem voru þýddar yfir á íslensku (Frankenstein). Málfræði hefti sem voru við hæfi miðað við færni hópsins voru tekin af internetinu.

Námsmat: kafla próf og verkefni (bæði einstaklings og hóp) sem reyndi á ýmsa þætti til dæmis ritun, samantektum, túlkun, skapandi hugsun og kynning á mismunandi efni.

#### Hópur 2

Í þessum hópi voru nemendur sem eru komnir með góð tök á lestri og lesskilning. Í vetur var lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir sem miðuðu að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda

við lausnir viðfangsefna. Unnið var markvisst með orðaforða og lesskilning í gegnum mismunandi bókmenntatexta. Ein af megináherslum vetrarins var einnig að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda í bæði ræðu og riti ásamt því að efla skapandi hugsun og lausnaleit.

Unnið var markvisst með fjölbreytt lesefni sem gafst nemendum tækifæri á því að kynnst mismunandi textaformum og efla um leið lesskilning og orðaforða. Má þar nefna sögur, ljóð, ævintýri, þjóðsögur, Íslendingasögur, fræðitexta og fleira. Í vetur lásu nemendur meðal annars Frankenstein, Draugaslóð, Gísla sögu og kjörbók að eigin vali, ásamt styttri textum eftir fjölbreytta höfunda.

Í ritun var unnið með margvísleg ritunarverkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í því að skipuleggja og orða texta sem hæfir tilefni ritunar ásamt því að skoða texta annarra höfunda og nýta sér þá við eigin ritun. Kennari nýtti meðal annars ritunarvef MMS og ritunarverkefnið skrifað í skrefum ásamt því að gefa nemendum reglulega tækifæri til þess að skrifa sjálfstæða og skapandi ritun. Á meðan nemendur unnu að ritunarverkefnum gekk kennari á milli nemenda og átt við þá ritunarsamtöl með það að markmiði að styðja við og efla ritun nemenda. Nemendur héldu auk þess lestrardagbækur í vetur þar sem þau skrifuðu dagbókarfærslu upp úr efni bókmennta. Í ritunarverkefnum var lögð áhersla á helstu atriði íslenskrar málfræði og stafsetningar þar sem nemendur beittu þekkingu sinni við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.

Hægt og rólega hefur dregið úr málfræðikennslu á unglingastigi og fengu nemendur því eina stutta lotu í málfræði þar sem farið var í orðflokkinn óbeygjanleg orð. Þar skiluðu nemendur skapandi verkefni í gegnum hópavinnu þar sem hver hópur fjallaði um einn orðflokk. Úr vinnunni urðu til stuttmyndir, spil, spurningaleikir og veggspjöld svo dæmi séu nefnd.

### **Sameiginleg verkefni þvert á íslenskuhópa**

Nemendur á unglingastigi fóru í tvö stór þemaverkefni í íslensku þar sem nemendum var blandað þvert á hópa.

Annað verkefnið var hópaverkefnið nútímajólasveinar þar sem nemendur unnu saman við að búa til tvo nýja jólasveina og þurftu þeir meðal annars að gera baksögu fyrir nýju jólasveinana, teikna þá, hanna veggspjald og kynna jólasveinana fyrir aðra nemendur á unglingastigi.

Í hinu verkefninu var horft á Vigdís þættina á RÚV. Allir nemendur gerðu samantekt eftir hvern þátt þar sem þeir fóru yfir hvað gerðist í þættinum í grófum dráttum. Hver nemandi gerði einnig myndasögu úr þáttunum og unnu nemendur svo saman í hópum við að gera kosningar plakat fyrir Vigdís. Einnig svöruðu nemendur spurningum úr þáttunum sem kennari setti fram.



## Stærðfræði

### Stig 1

Lögð var áhersla á að mæta hverjum nemanda út frá hans færni í stærðfræði. Viðfangsefni var breytt í samræmi við vinnuhraða hvers nemanda þ.e.a.s. hver og einn nemandi lærði á sínum hraða og fór ekki úr einu efni í öðru fyrr en hann hafði náð góðum tókum á því sem hann var að læra. Notað var efni frá Morningside Academy í fimis kennslu, efni af netinu og íslenskar stærðfræðibækur (Sproti/Stika). Lögð var áhersla á grunnfærni í stærðfræði (plús, mínus, margföldun, deiling, klukkan og orðadæmi) til að auka færni, sjálfstraust og vinnubrögð. Einnig var unnið markvist að því að auka vinnuþol nemenda með því að auka jafnt og þétt kröfurnar yfir önnina. Áhersla var á að nemendur lærðu sem mest í tímum og því var heimanám lítið notað. Námsmat: kafla próf.

### Stig 2

Stærðfræðikennslan var byggð á stýrðri kennslu. Þar sem kennarar notuðu hugmyndafræði Direct Instructions. Nemendur fengu færnið námssefni og áætlun.

Viðfangsefnum vetrarins var skipt niður í 6 lotur: veldi, algebra, Pýþagórasarregluna, rúmfræði, rúmmál ferstrendings, þrístrendings og sívalnings, hnitakerfi og jöfnu beinnar línu. Eftir hverja lotu tóku nemendur námsmatsverkefni úr viðfangsefninu. Eftir hvert námsmatsverkefni höfðu nemendur tækifæri til að bæta einkunn sína með leiðsagnarmati.

Námsefni: Kennarar nýttu námsefni úr ýmsum bókum og á veraldarvefnum. Vikuáætlun var úr eftirfarandi námsbókum: Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla bók 1, 2 og 3. Skali 1, 2 og 3. Nemendur fengu einnig fjölbreytt verkefni frá kennurum.

## Erlend tungumál

### Enska

Enskukennslan fór fram þrjú daga í viku, 50 mínútur í senn. Skipulag kennslunnar miðaðist við að þróa fjóra meginþætti: *lesskilning, hlustun, málfræði og orðaforða*. Sérstakt efni var notað fyrir hvern þessara þátta. Lesskilningur var sérstaklega unninn út frá kennslubókunum "Spotlight" fyrir 8., 9. og 10. bekk, eftir því sem við átti. Hlustun var unnin með efni frá Cambridge University sem er hannað sem undirbúningur fyrir IELTS-prófið. Í málfræði var notað efnið "Enskur málvísir" sem Skólavefurinn gefur út. Að lokum var notað bókina "600 Essential Words for the TOEIC Test" til að efla orðaforða nemenda.

Auk þess lásu nemendur eina bók á hvorri önn. Á haustönninni lásu við bókina *The Outsiders* eftir S.E. Hinton og á vorönninni lásu við *The Perks of Being a Wallflower* eftir Stephen Chbosky. Aðferðin sem var notuð var eftirfarandi: á hverjum föstudegi lásu við einn kafla saman í kennslustund. Á sama tíma hlustuðum við öll á hljóðbókina sem fylgdi kaflanum. Að lestri loknum unnu nemendur verkefni tengd kaflanum (svöruðu spurningum, leituðu að merkingu nýrra orða o.s.frv.). Þegar bókina var lesin til enda horfði allur bekkurinn saman á kvikmyndina sem gerð var eftir bókinni.

Í ensku höfum við notað leiðsagnarmat. Flest verkefni voru unnin yfir daginn og skoðuð saman í lok kennslustundarinnar. Í flestum tilvikum enduðum við tímunn á því að lesa svörin upphátt til að æfa tjáningu einnig. Í lok hverrar annar var haldið hefðbundið skriflegt próf þar sem metnir voru allir þeir þættir sem unnið hafði verið með yfir önnina. Einnig innihélt lokamat nemenda verkefni tengd lestri bókanna sem nefndar voru hér að ofan.

### Danska

Danska var kennd tvisvar í viku, 45 mín í einu, allt skólaárið. Í byrjun skólaárs voru tveir hópar í dönsku á unglingsstigi. Hópur 1 var með námsefnið *Smart* og hópur 2 var með námsefnið *Dejlige Danmark*. Þessu var breytt eftir nokkrar vikur í kennslu á haustönn og báðir hópar fengu námsefnið *Tak*, nemendabók og verkefnabók A. Farið var yfir kafla 1 í *Smart* um gæludýr og bls. 1-4 í *Dejlige Danmark* áður en skipt var um námsefni. Í *Tak* var farið yfir fyrstu fjóra kafla bókarinnar og verkefnabók A kláruð. Hægt væri að halda áfram með *Tak* á næsta skólaári og nota verkefnabók B.

Lögð var áhersla á að nemendur auki orðaforða sinn á dönsku og geti lesið sér til gagns einfaldan texta á dönsku. Nemendur hlustuðu á dönsku í hverjum tíma með það markmið að þjálfar skilning nemenda á talaða dönsku og venjast danskan framburð. Þá er meginmarkmið að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota dönsku í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Nemendur unnu ýmiss konar verkefni í tímum og í heimanámi sem þjálfuðu ritun, hlustun, lesskilning, frásögn, samskipti og menningarläsi á dönsku.

Notast var við símat og formlegt og óformlegt leiðsagnarmat. Unnin voru nokkur stærri verkefni yfir skólaárið í hópavinnu og einstaklingsverkefni. Einnig var kaflapróf reglulega yfir skólaárið. Námsmat voru metin á skalanum A-D og út frá hæfnivíðmiðunum 5 (framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð). Í upphafi stærri verkefna fengu nemendur matskvarða til að átta sig betur á væntingum kennara, hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla og hvernig verkefnið yrði metin.

## Samfélagsgreinar

Í samfélagsfræði höfum við unnið með þrjú meginþæmi. Annars vegar, á haustönninni unnum við með efni tengt félagsfræði, nánar tiltekið: hvað það þýðir að lifa í samfélagi, hvernig samfélagið hefur

áhrif á einstaklinga og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á samfélagið, hefðir og menningarlegan fjölbreytileika.

Aðalheimildin sem notuð var bókin *Á ferð um samfélagið*, og við unnum með fyrstu fjóra kaflana:


1. Hvað er samfélag?
2. Sinn er siður
3. Félagsmótun
4. Menning og samfélag

Sem lokaverkefni bjuggu nemendur til veggspjald þar sem þeir áttu að sýna með ljósmyndum/myndefni hvernig samfélagið mótar einstaklingana.

Sem annað þema unnum við með deiluna milli Palestínu og Ísraels, með það að markmiði að fræða nemendur um þetta afar viðkvæma og mikilvæga málefni samtímans. Sú nálgun sem notuð var fólst í því að kenna nemendum um rætur átakanna, sérstaklega hlutverk nýlendustefnunnar í upphafi 20. aldar við myndun Þjóðríkja á þessu svæði heimsins. Jafnframt var minnst á að átökin hafi um það bil 2000 ára sögu.

Sem heimildir voru annars vegar notuð bókin *Frelsi og velferð – Saga 20. aldar II* og hins vegar fræðigreinar, meðal annars frá Vísindavefnum og einnig úr öðrum fræðilegum heimildum.

Sem lokaverkefni var lögð áhersla á að efla samkennd nemenda, og það var gert með því að efna til bréfaskipta við nemendur úr neyðarskóla í GAZA.



Að lokum unnum við með svonefnt faggreinaleysi, það er að kenna nemendum hvernig fræðimenn á sviðinu vinna með mismunandi heimildir. Til þess notuðum við bókina *Fyrstu samfélögin*, en meginmarkmiðið var ekki að nemendur lærðu staðreyndir og „sannleika“ úr bókinni, heldur að þeir næðu að draga fram aðalatriðin og útbúa hugakort.

Aðferðin sem notuð var fólst í því að nemendur lásu einn kafla í hverri kennslustund og unnum við svo saman hugakort á töflunni sem samantekt á kaflanum. Í lokin unnu nemendur í hópum að því að búa til hugakort um einn af síðustu tveimur köflunum í bókinni.

### Náttúrugreinar

Í náttúrufræði lærðu nemendur í 8.-10. bekk efnafræði. Notast var við bókina *Efnisheimurinn* ásamt efni frá kennara. Kennsluhættir voru fjölbreyttir en notast var meðal annars við beina kennslu, samvinnunám, leitarnám, verklega kennslu og skapandi skil.

Notast var við orðalista í heimavinnu til að hjálpa nemendum að kynnast hugtökum og undirbúa sig fyrir kennslustundir. Nemendur þurftu einnig að vinna dæmalista þar sem farið var yfir eðli og eiginleika frumefna. Orðalistar og dæmalistar eru metnir út frá hæfni nemenda. Nemendur unnu stærri verkefni heima og í tímum, bæði í hópum og einstaklingsverkefni.

**Markmið:** Að nemendur öðlist grunnþekkingu í efnafræði, geti tengt þekkinguna við daglegt líf (til dæmis með næringu og þarfir líkamans í huga), læri að framkvæma tilraunir út frá vísindalegri aðferð og efli vísindalæsi sitt.


**Viðfangsefni 1: Heimur efnafræðinnar (Kafli 1 í Efnisheiminum)**

Nemendur fengu kynningu á sögu efnafræðinnar, lærðu ýmis grunnhugtök og framkvæmdu tilraunir. Í þessum hluta unnu nemendur hópaverkefni þar sem þeir völdu sér ákveðin hugtök og bjuggu til plaggöt sem útskýrðu þau. Farið var yfir hvað frumefni, efnasambönd og efnablöndur eru, hamur efna, formúlur efnasambanda, efnabreytingar, bræðslumark og suðumark. Markmiðið með þessu viðfangsefni var að undirbúa nemendur fyrir næstu kafla og frekara nám í efnafræði.

Í lok þessa viðfangsefnis tóku nemendur kaflapróf. Nemendur fengu að undirbúa glósur sem þeir höfðu meðferðis í kaflaprófinu og þegar því var lokið tók við sjálfsmatsvinna og ígrundun um prófkvíða og prófundirbúning.

**Viðfangsefni 2: Frumeindir og sameindir (Kafli 2 í Efnisheiminum)**

Nemendur kynntust frumeindakenningu og tengdu hana við eðli og eiginleika frumeinda og sameinda. Nemendur veltu fyrir sér hegðun frumeinda og sameinda eftir því í hvaða ham efnin eru. Bygging frumeinda var skoðuð og farið yfir hvað öreindir eru, hvernig þær haga sér og hvernig þær stjórna eiginleikum efna.



Nemendur kynntust lotukerfinu og skoðuð voru hugtökin sætistala, rafeindaskipan, frumeindamassi og sameindamassi. Farið var yfir hvernig frumeindir verða jónir og hvað er að gerast þegar járn ryðgar.

Í þessu viðfangsefni var farið yfir hvað steinefni eru og hvernig þau tengjast mannlíkamanum. Nemendur unnu plaggöt í hópum þar sem þeir völdu sér eitt lífsnauðsynlegt steinefni, teiknuðu upp ramma efnisins úr lotukerfinu og sýndu rafeindaskipan. Nemendur skrifuðu texta um hlutverk steinefnisins í líkamanum, skortseinkenni, eitrunareinkenni og í hvaða fæðu steinefnið finnst helst.

Í lok viðfangsefnisins tóku nemendur kaflapróf. Aftur fengu nemendur að undirbúa glósur í tímum fram að prófinu sem þeir höfðu meðferðis í prófinu sjálfu.

**Viðfangsefni 3: Lotukerfið (Kafli 3 í Efnisheiminum)**

Nemendur kynnst lotukerfinu betur og farið er yfir einkenni ólíkra flokka þess. Unnin voru verkefni sem æfðu nemendur í því að lesa í og nota lotukerfið. Nemendur lærðu einnig um muninn á málmum, hálfmálmum og málmleysingjum, fengu stutta kynningu á náttúrulegum og manngerðum

frumefnum, lífrænni efnafræði og tengigetu frumefna. Tekin var upprifjun á þýðingu gildisrafeinda og kafað dýpra í það hugtak, hvernig fjöldi þeirra og flokkun frumefna tengist og það hvernig tengigeta frumefna stjórnast meðal annars af fjölda gildisrafeinda.

Í þessu viðfangsefni voru verklegir tímar sem snerust meðal annars um að nemendur veltu fyrir sér frumefnum sem finnast í þeirra nánasta umhverfi, skoði rafleiðni mismunandi málma og bjuggu þeir til oobleck.

Í lok viðfangsefnisins unnu nemendur stutt einstaklingsverkefni, þar sem þeir fengu að velja á milli nokkurra fyrir fram ákveðinna verkefna. Verkefnin voru metin út frá innihaldi og gæðum, sem og útfærslu nemenda á afurð. Meðal verkefna sem nemendur unnu voru þrívíddar líkön af frumefnum, bæklingar með leiðbeiningum um hvernig eigi að lesa í lotukerfið og ritgerðir um hugtökin hvarfgjörn og óhvarfgjörn frumefni.



#### **Viðfangsefni 4: Efnabreytingar (Kafli 4 í Efnisheiminum)**

Nemendur köfðu dýpra í hugtakið efnabreytingar og hvað það felur í sér. Í þessum hluta var meiri tíma eytt í efnahvörf en leysingar og hamskipti. Nemendur fengu kennslu í stillingu efnajafna og unnu verkefni út frá því. Framkvæmdar voru tilraunir þar sem


nemendur gátu séð betur fyrir sér hvað felst í efnahvörfum og leysingum. Sem dæmi prófðu nemendur að hita hjartarsalt yfir loga, en þegar það er gert hverfur duftið smám saman, en nemendur finna lyktina af ammóníaki sem er ein af þeim gastegundum sem myndast við efnahvarfið. Nemendur fengu að kynna muninum á innvernum og útvernum efnahvörfum, bæði með kennslu og tilraunum.

Í þessum hluta lærðum við einnig um sýrustig. Ekki var unnið lokaverkefni úr þessum kafla.

#### **Önnur viðfangsefni:**

Auk efnafræðinnar fóru nemendur í samþætt verkefni í samfélagsfræði og náttúrufræði, sem hét "Umhverfi okkar". Þar lærðu nemendur um loftslagsmál og var efnið tengt við efnafræði, umhverfisáhrif og félagsfræðileg áhrif. Nemendur horfðu á heimildarmyndina "David Attenborough: A Life on Our Planet" og fengu kynningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Starfsmaður Landverndar kom og kynnti keppnina þeirra Umhverfisfréttafólk. Nemendur unnu hópaverkefni með frjálsum skilum og var markmiðið að hvetja nemendur til þátttöku í keppni Landverndar. Tveir hópar

sendu sín verkefni í keppnina og komust áfram í úrslit. Annað af þeim verkefnum lenti í 2. sæti í flokki grunnskólaverkefna og var sá hópur hvattur af stjórnendum keppinnar að senda verkefnið út í alþjóðlega keppni.



**Námsmat:** Notast var við símat og formlegt og óformlegt leiðsagnarmat. Lögð var áhersla á að nemendur geti ávallt bætt verkefni sín út frá leiðsögn kennara og námsmati og skilað aftur, til að hækka námsmat sitt. Metin eru verkefni nemenda, bæði þau sem eru unnin heima og í tímum, og kaflapróf. Námsmatsverkefni voru metin á skalanum A-D og út frá hæfniviðmiðunum 5 (framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð), en voru sett inn á Mentor jafn óðum og verkefni voru metin. Í upphafi stærri verkefna fengu nemendur matskvarða til að átta sig betur á væntingum kennara, hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla og hvernig verkefnið yrðu metin.

Eftir stærri verkefni framkvæmdu nemendur sjálfsmat þar sem þeir veltu fyrir sér hvað þeir lærðu, hvað var erfitt og skemmtilegt, hvaða færni þeir þjálfuðu í verkefninu og hvert markmið verkefnisins var. Eftir para- og hópaverkefni unnu nemendur jafningjamat, en mat nemenda á námsfélögum sínum er safnað saman yfir veturinn og hefur áhrif á hvernig nemendur eru metnir fyrir getu sína til að vinna í hópum. Það námsmat var sett inn á Mentor fyrir hæfniviðmiðið “Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla”.

### STEAM

Nemendur á unglingastigi voru í STEAM einu sinni í viku. Nemendur fengu kynningu á hvað STEAM stendur fyrir og hvernig það fléttast inn í flestar námsgreinar og unnu ýmis verkefni í kjölfarið. Áhersla var lögð á þrautseigju og lausnaleit í öllum verkefnum þannig að ef ein aðferð virkaði ekki við

lausn einhverra vandamála þýddi það að þau urðu að prófa eitthvað nýtt þangað til vandamálið var leyst. Meðal verkefna sem nemendur unnu var fallvörn fyrir egg þar sem markmiðið var að geta látið egg falla niður af efri hæð skólans án þess að það brotnaði. Verkefnið var hópaverkefni og voru útfærslurnar mjög fjölbreyttar og að lokum höfðu allir hópar hannað og búið til fallvörn sem virkaði. Við kynntum okkur einnig Leonardo da Vinci og uppfinningar hans og nemendur gerðu brú eftir hans hönnun úr íspinnaprikum. Lokaverkefnið var að miklu leiti frjálst þó svo að kennarar hafi komið með nokkrar tillögur en eina krafan var að það varð að geta hreyfst á einhvern hátt eða „gert eitthvað“. Þetta verkefni varð mjög stórt og tók nemendur nokkrar vikur að ljúka en mjög skemmtilegt. Nemendur voru mjög áhugasöm og nýttu jafnvel aðrar kennslustundir til þess að vinna að verkefnunum sínum. Meðal þess sem þau bjuggu til var lukkuhjól, Parísarhjól, hringekja, sirkussvið sem snerist, vifta og fótboltaspil.



### Bókaklúbbur

Bókaklúbburinn var 40 mínútna tími sem nemendur á unglíngastigi sátu eftir sundkennslu. Í þeim tíma voru nemendur að borða nestið sitt og sinna yndislestri. Sumir af þessum tímum voru notaðir fyrir lífsleiknikennslu eða önnur verkefni sem komu upp yfir skólaveturinn. Nemendur fylltu út stutta bókagagnrýni þegar þeir kláruðu bækur og hengdu upp á vegg í stofunni. Með því áttu nemendur að ígrunda þær bækur sem þeir lásu ásamt því að gefa öðrum nemendum hugmyndir af bókum sem væri gaman að lesa.

Í bókaklúbb voru ekki unnin verkefni sem krefjast námsmats.

## List og verkgreinar á unglíngastigi

### Textíll

Nemendur komu í tveimur lotum yfir skólaárið, fyrir og eftir áramót.

Í fyrstu lotu var lögð áhersla á að læra á saumavél. Nemendur fengu ítarlega kynningu og sýnikennslu á saumavél og æfðu sig síðan á þremur verkefnum úr *Leiknisæfingum í vélsaumi*. Þar æfðu nemendur bein spor, að bakka í byrjun og enda og losa verkefnið úr saumavélinni án þess að þurfa þræða vélina eftir hvert skipti. Nemendur fengu sýnikennslu í að þræða saumavél og æfðu sig eftir atvikum. Nemendur saumuðu flíssokka í saumavél. Þá lærðu nemendur að velja stærð á sniði og taka upp snið í réttri stærð. Nemendur lærðu að festa tituprjóna í efni og áætla hvar ætti að sauma í efnið. Flíssokkarnir voru að lokum saumaðir saman í saumavél og skreyttir með textílmálningu eftir frjálsri aðferð.



Nemendur lærðu að þæfa ull með nál. Þá fengu þeir fræðslu um íslensku ullina og hvernig hægt er að þæfa hana með nál eða vatni og sápu. Viðfangsefnið var frjálst og nemendur gátu t.d. þæft eftirlíkingu af mat úr ull eða broskarla. Ullarþæfing varð mjög vinsæl á unglingsstigi.

Í seinni lotu var lögð áhersla á garðaprjón. Nemendur fengu kennslu í að prjóna garðaprjón og þurftu að prjóna stykki með 20 lykkjum og klára að prjóna 13 garða. Stykkinu mátti breyta í slaufu eða annað eftir eigin hugmynd nemenda.



Að prjónaverkefninu loknu fengu nemendur að velja sér frjálst verkefni í textílmenn. Verkefnið gat verið prjónaverkefni, saumaverkefni eða ullarþæfing. Nemendur unnu hugmyndavinnu og unnu síðan verkefnið eftir samtal við kennara um framkvæmd á verkefninu. Dæmi um verkefni er prjónahúfa, prjónuð rós, sjálfsmynd úr þæfðri ull, fingurprjón og taska saumuð í saumavél.




### Sjónlist

Á árinu fengu unglingar okkar sjónlistarkennslu í 12-14 manna hópum. Þau mætu 6-8 vikur í senn í 60 mínútur. Kennarar voru út frá kveikjum eins og listamönnum eða öðrum viðfangsefnum. Grunnþættir myndlistar eins og forgrunnur, miðja og bakgrunnur, fjarvídd, grunnformin og litfræði var kennd í gegnum mismunandi aðferðir í teikningu og málun. Það má nefna olíukrítar- og

pastelkrítar teikningu, vatns-, akrýl – og gouache málun. Í pappamassa verkefnum var unnið með ímyndunaraflíð og karaktersköpun. Nemendur lærðu eitt skref í einu þar til lokamarkmiðinu var náð. Í sjónlistarrýminu vorum við að æfa okkur í góðri umgengni, nægjusemi og virðingu fyrir efniviðnum sem nemendur fá í hendur. Áhersla er lögð á vandvirkni og metnað svo að nemendur geti verið stolt af verkum sínum.







### Hönnun og smíði

Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, þjálfa vinnusemi og einbeitingu, verkfærni og stuðla að vinnugleði. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum verkfærum, efni og tækni og að hann öðlist færni sem hann getur yfirfært á önnur svið. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í hönnunarferli og móti uppbyggingu og útlit hluta með notagildi þeirra í huga og þar fléttast inn áhersla á hagnýtingu þekkingar og nýsköpun og virðing fyrir umhverfinu.

Fyrir jól var lagt upp með að allir myndu smíða sér húsgagn og nota til þess kekvél og læra að nota kex í samsetningar. Þegar leið á önnina varð þó ljóst að áhugi nemenda var ekki nægilega mikill svo þegar nemendur komu aftur eftir áramót fengu þau val um að klára húsgagnið sitt eða gera eitthvað annað. Mörg kláruðu húsgögnin sín en önnur skiptu yfir í önnur verkefni og smíðuðu m.a. hillur, skartgripahengi og sverð.

Áhersla var lögð á að nemendur lærðu að lesa málsettar vinnuteikningar og gætu teiknað upp sínar eigin.



## Valgreinar á unglíngastigi

Nemendur á unglíngastigi völdu sér valgreinar í fyrsta sinn í vetur. Nemendur völdu sér þrjár valgreinar fyrir áramót og þrjár greinar eftir áramót.

### Skúlpturn og steypugerð

Nemendur kynntust íslensku og erlendu listafólki og unnu eigin skúlpturna úr ýmis konar efnum og með fjölbreyttum aðferðum. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur kynntust steypu, eiginleikum hennar og möguleikum við ýmsa listsköpun.



### Heimanámsaðstoð

Nemendur fengu aðstoð við að sinna því heimanámi sem lagt var fyrir ásamt því að sinna heimalestri.

### Leikskólalaval

Leikskólalaval var í boði á haustönn og var markmiðið að kynna starf leikskólans fyrir nemendum. Nemendur tóku þátt í almennu starfi á leikskólanum og aðstoðuðu við ýmislegt þar.

### Matreiðsla



Nemendur lærðu grunnþætti heimilisfræðinnar þar sem áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu, hreinlæti og fara eftir uppskriftir. Nemendur fengu að koma með hugmyndir af uppskriftum sem þeir vildu gera í matreiðslu. Nemendur fengu þjálfun í að elda ýmsa rétti t.d. núðlurétt, kornflex kjúkling, tortilla vefju með hakki. Nemendur fengu m.a. þjálfun í að gera brauðstangir, baka skúffuköku, muffins og gera vöflur.



Námsmatið byggðist á ástundun og frammistöðu í tímum. Tekið er mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, virkni, sjálfstæði, umgengni og frágangi.

## Spilaval

Í spilavali fengu nemendur kennslu á ýmsum spilum s.s. Ticket to Ride, Village Werewolves, Five crowns og 10.000. Í lok hvers tíma ígrunduðu nemendur spilið sem þeir lærðu í tímanum og fylltu umsögn þar sem þeir þurftu m.a. að lýsa spilinu og gefa því einkunn. Nemendur fengu einnig að koma með spil að heiman, þar sem þeir kenndu sa mnemendum spilin.

Námsmatið var byggt á virkni, áhuga, frumkvæði, þátttöku, jákvæðni og samvinnu og var lokaekinnin lokið/ólókið.

## Kvikmyndaval

Í valfaginu Kvikmyndir var þema haustmísserisins íslenskar kvikmyndir, með áherslu á myndir þar sem landslagið gegnir lykilhlutverki. Meðal kvikmynda sem voru sýndar má nefna:

*Kona fer í stríð*

*Andið eðlilega*

*Hjartasteinn*

*Hrútar*

*Djúpið*

*Nói Albinói*

*Englar alheimsins*

## Spænska

Aðalmarkmið spænskuvalnámskeiðsins var að veita nemendum kynningu á spænsku tungumáli og menningu spænskumælandi landa. Námið var að mestu leyti verklegt; nemendur æfðu bæði ritun og tal. Þeir fengu einnig tækifæri til að kynna ýmsum þáttum menningarinnar, svo sem tónlist, kvikmyndum og bókmenntum.

## Útivist og umhverfisfræði

Nemendur í útivist og umhverfisfræði fóru í lengri og styttri göngutúra innan Garðabæjar og um Heiðmörk. Í einum tíma var farið í frísbíggolf á frísbíggolfvöllinum sem er við Vífilstaði.

Í lok námskeiðs var farið í notkun áttavita, hvornig þeir virka og hvað þurfi að hafa í huga við notkun þeirra.

## Íþrótt og heilsufræði

Íþrótt og heilsufræði var bóklegur áfangi sem skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum var lögð áhersla á að kenna nemendum praktíska hluti tengt heilsurækt og hreyfingu sem þeir gætu svo nýtt sér sjálfir til dæmis hvornig ætti að velja líkamsræktarstöð sem hentaði þeim, hvaða æfingar væru góðar fyrir ákveðin markmið, hvornig mætti setja upp einfalt æfinga prógramm o.s.f.v. Í seinni hluta áfangans var lögð áhersla á að kynna nemendum fyrir sögu og félagslegum þáttum sem tengjast og hafa áhrif á íþróttir. Reynt var að leggja áherslu á íþróttir sem voru hugsanlega ekki jafn vel þekkt til dæmis maraþon hlaup og tennis. Nemendur unnu svo verkefni þar sem þau þurftu meðal annars að kynna íþróttir fyrir bekkinn og túlka/skrifa um bíómyndir sem tengdust íþróttum.

## Textíval á haustönn

Nemendur í textívali saumuðu náttbuxur úr flóneli sem fyrsta verkefni. Nemendur lærðu að velja snið í réttri stærð með því að mæla sig með málbandi og taka upp snið. Overlockvél var notuð og nemendur æfðu sig í að fylgja einföldum leiðbeiningum við að sauma náttbuxur í skrefum.



Annað verkefni var að lita efni með tie-dye aðferð. Notað var hvítt strigaefni en nemendur komu líka með flíkur að heiman sem mátti lita. Efnið var litað og straujað og síðan voru unnin frjáls verkefni úr efninu.



Þriðja verkefni var að sauma bangsa. Nemendur völdu sér efni, tóku upp snið og saumuðu saman. Augu og nef voru fest í efnið og bangsinn síðan fylltur með tróði. Sumir náðu að sauma föt á bangsann og skreyta með slaufum.



### Textílval á vorönn

Nemendur saumuðu hettupeysu sem fyrsta verkefni. Verkefnið var nokkuð stórt og kláraðist ekki fyrir en í lok skólaárs.

Nemendur lærðu að prjóna í textíl eftir áramót og völdu flestir að halda áfram að prjóna í textílvalinu líka. Þá var vinsælt að prjóna slaufur og ennisband með snúningi.

Við æfðum okkur að vinna með Cricut maker 3 vél og nemendur hönnuðu kökutoppa sem voru skornir út í vélinni. Einnig voru frjáls verkefni þar sem nemendur unnu með flík og endurnýttu efnið í nýtt verkefni. Þar saumuðu nemendur td. Topp, pils úr gallabuxum og hárhandklæði með útsaumi í vél.

## Matreiðsla



Nemendur lærðu grunnþætti heimilisfræðinnar þar sem áhersla var lögð á sjálfstæði, samvinnu, hreinlæti og fara eftir uppskriftir. Nemendur fengu að koma með hugmyndir af uppskriftum sem þeir vildu gera í matreiðslu. Nemendur fengu þjálfun í að elda ýmsa rétti t.d. super nachos, pastarétt, heimagerðan hamborgara. Nemendur buðu nemendum á unglíngastigi í pizzupartý þar sem þau gerðu sjálf pizzurnar. Nemendur fengu einnig þjálfun í að gera skinkuhorn, baka kanilsnúða, muffins og bananabrauð. Einn tíminn fór í tilraunagerða að gera crumbl cookies, sem heppnaðist mjög vel

Námsmatið byggðist á ástundun og frammistöðu í tímum. Tekið er mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, virkni, sjálfstæði, umgengni og

frágangi.

## Rafíþróttir

Tölvuleikjaval var tilraunaverkefni þar sem nemendur fengu að spila tölvuleiki í skólatölvunum sínum. Markmið tímanna var að efla samskipti og samvinnu nemendanna. Nemendur fóru 2x í heimsókn í Arena, í upphaf og lok annar.

Námsmatið byggðist á virkni, áhuga, þátttöku, jákvæðni og samvinnu og var lokaekunnin lokið/ólókið.

## Listasmiðja

Listasmiðja var í boði á vorönn og gafst nemendum þá tækifæri til að prófa sig áfram í ýmis konar listsköpun. Akrylmálun, skúlpúragerð, leir og fleira stóð nemendum til boða og prófuðu flestir margar aðferðir í listsköpun sinni. Margir nemendur nýttu tímann einnig til að sinna verkefnum úr öðrum tímum þar sem skapandi skil voru í boði, til dæmis í náttúrufræði og STEAM.

## Skapandi Akrylmálun

Nemendum var frjálst að vinna akrylmálverk eftir að hafa fengið innlögn um fjölbreytt viðfangsefni, efnivið og listamenn. Flestir unnu fjöldi verka með akryl á stíga, teiknuðu með ólíukrítum og vatnslitum.

## Leirmótun

Nemanda í leirmótun skoðuðu bæði íslenska og erlenda listamenn. Mótað var ljóðfæri, kassi með loki, skjaldbaka og bakki.

## Vísindaval

Í vísindavali fengu nemendur tækifæri til að framkvæma fleiri og flóknari efnafræðitilraunir.

Nemendur framkvæmdu endurteknar sýrustigsmælingar þar sem mátti bera saman þróun sýrustigs í fiskabúri náttúrufræðistofunnar og skoðuðu tæki og tól fyrir eðlisfræðiskennslu. Farið var dýpra í ýmis hugtök sem var verið að læra í almennri náttúrufræðikennslu eins og innvermin og útvermin efnahvörf, sýrustig, frumefni og efnasambönd.

## Verðlaunakvikmyndir

Aðalmarkmið valgreinarinnar Kvikmyndir var að fara yfir kvikmyndir sem hafa annaðhvort hlotið alþjóðleg verðlaun eða fjalla um heimspekileg málefni sem hægt væri að ræða í bekknum.

Meðal kvikmynda sem voru sýndar má nefna:

*The Matrix*

*Groundhog Day*  
*The Truman Show*  
*3:10 to Yuma*  
*8 Mile*  
*The Green Mile*

Umræðurnar í tímum snerust meðal annars um siðferði, tónlist, frumspeki og pólitík.

### Podcast

Í áfanganum Hlaðvörp (PODCAST) fengu nemendur að kynna heimi hlaðvarpa frá grunni. Í upphafi hlustuðum við á mismunandi gerðir hlaðvarpa til að fá tilfinningu fyrir þeim fjölbreyttu formum sem til eru. Að því loknu tóku við verklegar æfingar þar sem nemendur fengu að kafa ofan í upptökur og klippingar.

Við unnum með þrjú meginverkefni:

1. Einstaklingsverkefni, þar sem hver nemandi gerði hlaðvarp um sitt uppáhalds lag eða listamann.
2. Hópverkefni, þar sem markmiðið var að búa til viðtal.
3. Opinn hlaðvarpsáttur með aðferðinni „opinn mic“.

## Skólaípróttir á unglingastigi

Ípróttatímarnir fóru fram yfir veturinn í þreksalnum í Miðgarði og einstak sinnum í stóra salnum (knaþúsinu). Úti kennsla ípróttá fór fram í Vinagarði og í nær umhverfi skólans, í byrjun og í lok skólaárs. Áherslan var á leiki og léttari æfingar. Nemendum var skipt í hópa eftir aldri og allir fengu verkefni við hæfi. Nemendur fengu að kynna margvíslegum ípróttagreinum. Mikið var um stöðvabjálfun þar sem nemendur fengust við fjölbreytt verkefni sem eflðu hreyfifærni. Nemendur fóru í ýmsa leiki og gerðu fjölbreyttar æfingar.

Í september var Ólympíuhlaup ÍSÍ haldið, þar er hlaupið hringinn í kringum Urriðavatn. Mörg börn hlupu fleiri en einn hring og var þátttaka foreldra og starfsmann frábær.

Brennómótið var haldið í janúar í Miðgarði og allur skólinn var þar saman að keppa. Því miður í ár tapaði lið kennara á móti nemendum í unglingastig. Nemendur voru mjög ánægð með þessa niðurstöður í mótinu og flest allir skemmtu sér vel.

Í febrúar fór skólinn að skauta í Egilshöll og var það gert sem vetraleikar yngstu nemendur og vetraleikar eldri nemendur. Ferðin gekk vel að mestu og var almenn ánægja með ferðina. Í maí var ákveðið að hafa hjólatíma í ípróttum. Þar var ípróttatímanum skipt í tvennt og fóru krakkarnir í þrautabraut og hjólafimi í Vinagarði, þar voru þau undir handleiðslu nemandar í unglingastig. Einnig var farið yfir hjálm, bremsur, keðjur og dekkjaprýsting við anddyri skólans.

Karatedeild Stjörnunnar kom í þriðja skiptið og kynnti sína starfsemi fyrir nemendum í öllum árgöngum, heimsókn karatedeildarinnar er alltaf mjög vinsæl þar sem þau fá að sparka eða kýla í púða sem kennara og þjálfari halda á.

Sundkennsla fór fram einu sinni í viku allt skólaárið hjá unglingastig. Kennt var í Álfaneslaug. Áhersla var lögð á að auka við grunnþekkingu í skriðsundi, bringusundi, baksundi, skólabaksundi og þjörgunarsundi. Þátttaka í tímanum var 70% af lokaekunni.

## Stoðþjónusta – leik- og grunnskóla

Starfsheiti

Starfsfólk

Sérkennslustjóri	Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
Sérkennslustjóri leikskóla	Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir
Atferlisfræðingur	Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir
Atferlisfræðingur	Erla Sif Sveinsdóttir
Atferlisfræðingur	Snædís Ósk Jóhannsdóttir
Sérkennari	Halldóra Halldórsdóttir
Sérkennari	Ásdís Halla Sigríðardóttir
Sérkennari	Hildur Björk Guðmundsdóttir
Sérkennari	Sigurður Daniel Kristjánsson
Þroskaþjálfari	Selma Ramdani
Þroskaþjálfari	Kristín Ösp Sigurðardóttir
Þroskaþjálfari	Klaudia Alicja Rymon-Lipinska
Þroskaþjálfari	Sunna Þórey Jónsdóttir
Þroskaþjálfari	Margrét Gunnarsdóttir
Sérkennari	Helena Dögg Olgeirsdóttir
Sérkennari	Margrét Magnúsdóttir
Sérkennari	Helena Gylfadóttir
Sérkennari	Agnes Ólöf Pétursdóttir
Skólafélagsráðgjafi	Þóra Árnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi	Steiney Snorradóttir

Á leikskólastigi voru samtals 2,6 stöðugildi í stuðningi á heimasvæðum framan af vetri. Við lok vorannar hafði hlutfallið hækkað í 4,0 stöðugildi. Veturinn 2024-2025 var áframhaldið vinnu í betri útfærslu stuðnings barna innan heimasvæða með það að markmiði að færast frá hugsuninni einn stuðningur á barn. Vinna við að hugsa stuðninginn til framtíðar sem stuðning inn á heimasvæðið í heild. Fólst framkvæmd og eftirfylgni þeirrar vinnu, í breyttu fyrirkomulagi með öflugri fræðslu, þjálfunarstundum snemmtækrar íhlutunar, stuðningi og eftirfylgni fagaðila stoðþjónustu við börn og starfsfólk deildar í raunaðstæðum barna.

Stoðþjónustu leikskólastigs mynduðu sérkennslustjóri, tveir sérkennarar og þrír þroskaþjálfarar. Hlutverk sérkennara var einkum í formi málörvunar og þjálfunarstunda byggðum á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar, auk eftirfylgni talmeinafræðings. Að styðja við og efla málþroska barna sem tæpara standa. Skapa tækifæri til aukins orðaforða, málskilnings og máltjáningar fyrir þau börn. Leitast við að koma í veg fyrir frekari málþroskavanda. Aðkoma sérkennara yngri árganga leikskólans

með vinnustundum í málörvun, var að 35 börnum. Vinnustundir að meðaltali þrisvar sinnum í viku, í 6-12 vikna lotum. Metin var samhlíða þörf fyrir áframhaldandi þjónustu ef ekki sáust framfarir eftir 6 vikna þjálfun. Snemmtæk íhlutun varð til þess að 20 af þeim börnum þurftu ekki frekari aðkomu stoðþjónustu, en í ljós kom að senda þurfti mál 15 barna áfram á annað stig til skólalþjónustu.

Í september voru lagðar fyrir skimanir á Hljóm-2 hjá öllum börnum í elsta árgangi leikskólastigs. Þau börn sem féllu undir lág viðmið í meðalfærni eða slaka færni í haust fyrir lög Hljóm-2 voru í aukinni málörvun frá lokum októbermánaðar. 30 börn fengu aukna málörvun og voru 27 þeirra sem náðu upp færni í góða eða mjög góða færni á seinni skimun í febrúar. Þrjú börn voru áfram í aukinni málörvun fram að lokum leikskólagöngu.

Hlutverk þroskaþjálfva veturinn 2024-2025 var byggt upp sem teymisstjórarstarf yfir árgöngum eða deildum. Þétt samstarf með deildarstjóra varðandi aðkomu, stuðning og þjálfun þroskaþjálfva við börn og starfsfólk. Þjálfun í flóknari stundum barna með úthlutaða stuðningstíma var í höndum þroskaþjálfva til að byrja með. Þjálfun í þyngri stundum dagsins þar sem stutt var samhlíða við deild í fræðslu, yfirfærslu og eftirfylgni. Með aukinni tileinkun barna var starfsfólk deildar þjálfvað upp í viðbrögðum í að geta gripið þau börn í sem flestum aðstæðum. Þroskaþjálfar komu með snemmtækri íhlutun að þeim börnum sem kröfðust almennrar aðkomu og stuðnings með snemmtækri íhlutun tengt: samskiptum, sjónrænu skipulagi, PECS-innleiðingu, félagsfærni, atferli og hegðun, að fylgja væntingum og fyrir mælum, efla sjálfstæði í matartíma og að klæðast.

Áframhaldandi aðlögun stuðnings eftir áherslum og þörfum hvers barns var í samráði við sérkennslustjóra, fagaðila stoðþjónustu, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.

Komu atferlisfræðingar stoðþjónustu á grunnskólastigi að áhorfi, mati og ráðgjöf fjögurra barna á leikskólastigi yfir veturinn. Fólst aðkoma þeirra og ráðgjöf aðallega í atferlistengdri hegðun varðandi samskipti, flóknar kveðjustundir, félagsfærniíhlutun og mati á atferli.

Á grunnskólastigi störfuðu 18 stuðningsfulltrúar, 14 í fullu starfi og fjórir í hlutastarfi. Stuðningurinn nýttist nemendum í öllum árgöngum og í öllum skólaaðstæðum bæði á grunnskólatíma og í frístund. Stuðningfulltrúar voru festir á ákveðnum heimasvæðum til að styðja við teymiskennslu, laga upplýsingaflæði og til á ná betri stöðugleika.

Stoðþjónustan skiptist í kennslu einstaklinga eða hópa, kennslu nemenda með annað móðurmál, handleiðslu til starfsfólks, fræðslu, stuðning og athugun á heimasvæði, ráðgjöf og eftirfylgni með íhlutunum. Áhersla er lögð á að nota stigskiptar aðferðir til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Úrræði og matstæki miða að vanda, þroska og getu nemenda.

Starfmenn stoðþjónustu voru ýmist á báðum skólastigum eða öðru þeirra. Vinna með nemendum fór ýmist fram inn á heimasvæðum eða í rýmum á skrifstofugangi. Tveir nemendur voru með sér heimasvæði sem aðlagð var að þeirra þörfum og unnið að aðlögun þeirra inn í námshópa og flóknari skólaaðstæður.

### Starfsnám

Á skólaárinu tóku starfsmenn stoðþjónustu við nemendum frá Háskóla Íslands, Reykjavíkur og Akureyrar í starfsþjálfun af ólíkum námsleiðum. Í starfsnámi voru namar frá september og fram í maí, að meðaltali voru 4-6 namar á sama tíma. Handleiðarar hafa verið að þróa móttöku nema í starfsþjálfun með aukinni fræðslu um uppsetningu skólans og vinnubrögð t.d. fyrirlestrar um starfshætti í Urriðaholtsskóla, væntingahandbók, uppsetning kennslurýmis og gagnreynda kennsluhætti. Skólinn vinnur í að samræma og samnýta fræðslu þvert á námsleiðir með áherslu á þverfaglega vinnu. Allir namar í starfsþjálfun fengu fræðslu, handleiðslu og áhorf á kennslu og

endurgjöf. Tekið var á móti nemum í starfsþjálfun frá september og fram í maí. Nemarnir unnu með litlum hópum eða í einstaklingskennslu.

*Í töflu má sjá fjölda nemanda frá hverjum háskóla og námsleið.*

Námsgrein	Háskóli Íslands	Háskólinn í Reykjavík	Háskólinn á Akureyri
Hagnýt atferlisgreining	9	1	0
Iðjuþjálfunarfræði	0	0	4
Proskapþjálfarafræði	4	0	0
	13	1	4

Handleiðarar í hagnýtri atferlisgreiningu voru Eyrún Kristín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Vilhjámsdóttir og Una Guðrún Einarsdóttir. Hvert tímabil í starfsþjálfun tók sex til átta vikur og var 150 klst. Megin áhersla var að nemarnir lærðu að kenna lestur og stærðfræði með aðferðum stýrðar kennslu og fimipþjálfunar, gera beinar athuganir og setja upp íhlutun. Í skólanum voru einnig gerð virknimatsverkefni sem unnin voru af nemendum í samstarfi við handleiðara.

Handleiðari í iðjuþjálfun var Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir. Hvert tímabil í starfsþjálfun tók átta til tíu vikur. Í starfsþjálfun fengu nemarnir tækifæri til að meta iðju barna (samskipti, að matast, salernisferðir, að klæðast, leik, félagsfærni ofl.), út frá fínhyfimati, grófhreyfimati, skynhreyfimati, mati á leikgleði, mati á vilja, mati á þátttöku og virkni, framkvæmdagreiningu og umsókn hjálpartækja til SÍ. Voru namar jafnt með einstaklingsþjálfun sem hópaþjálfun vegna grófhreyfinga, fínhyfinga, skynörvunar, skriftarþjálfunar og félagsfærni. Fór þjálfun fram jafnt á leikskólastigi sem grunnskólastigi.

Handleiðarar í proskapþjálfarafræðum voru Kristín Ösp Sigurðardóttir og Selma Ramdani. Nemarnir komu í sex vikna starfnám og fengu að fylgjast með störfum handleiðara. Helstu markmið voru að setja upp sjónrænt skipulag, stilla upp degi barns og vinna með félagsfærni.

### Tilvísanir, lausnateymis-, samráðs- og nemendaverndarráðsfundir

Skólinn hefur gott aðgengi að sérfræðiþjónustu skóladeildar. Sérfræðiþjónustan samanstendur af talmeinafræðingi, sálfræðingi, sérkennslufulltrúa leikskóla og félagsráðgjafa. Sátu fulltrúar sérfræðiþjónustu nemendaverndarráðsfundi grunnskóla og lausnateymisfundum eða samráðsfundum leikskóla yfir skólaárið (sjá töflu). Á nemendaverndarráðsfundi mætti einnig skólahjúkrunarfræðingur. Á fundunum var ákveðið í hvaða farveg mál nemenda ættu að fara. Í töflu má fjölda beiðna sem sendar voru til talmeinafræðings og sálfræðings.

#### Tafla 1.

*Fjöldi tilvísana til sálfræðings eða talmeinafræðings vegna nemenda við Urriðaholtsskóla og funda nemendaráðs, samráðs- og lausnateymisfundir leikskóla.*

	Leikskólastig	Grunnskólastig
Sálfræðingur	4	24
Talmeinafræðingur	25	13
Nemendaverndarráðsfundir	0	6
Samráðfundir leikskóla	5	0

Skilafundir voru haldnir í kjölfar mats sérfræðinga, ýmist rafrænt eða í Urriðaholtsskóla. Voru þeir boðaðir á fund sem að barninu koma í skóla og heima fyrir: foreldrar, sérkennari, heimasvæðisstjóri og umsjónarkennari. Talmeinafræðingur á leikskólastigi, Kristín Theódóra Þórarinsdóttir, var með fasta viðveru þriðju hverja viku. Berglind Bjarnadóttir talmeinafræðingur var ráðin inn sem verktaki og sinnti greiningum og ráðgjöf á grunnskólastigi og kom inn í skólann eftir þörfum. Kristín Eva Rögnvaldsdóttir skólasálfræðingur sá um bæði skólastig og kom inn í mál eins og þörf var á, sá um athuganir (sjá töflu 1) og ráðgjöf. Hildur Ýr Hvanndal skólahjúkrunarfræðingur var í húsi fjóra morgna í viku og sá um heilsuvernd nemenda grunnskóla. Allir sérfræðingar sem koma að skólanum sitja reglulega fundi vegna nemendamála sem þeir koma að og teymisfundu. Hvert teymi er sett saman út frá þörfum hvers nemanda.

Í tveimur tilvikum á leikskólastigi var beðið um stuðningstíma fyrir nemendur og í þremur tilvikum beðið um endurnýjun en það var gert í kjölfar samtals við sérfræðing skólaþjónustu á lausnateymis-, eða samráðsfundi. Á grunnskólastigi var veittur auka stuðningur beint inn í námshópa t.d. með færnimiðuðum hópum í lestri, stærðfræði og félagsfærniþjálfun. Hjá nemendum sem fá stuðningstíma á leikskólastigi og nemendum á grunnskólastigi sem fá stuðning eru haldnir reglulegir teymisfundir (á 6-12 vikna fresti) þar sem farið er yfir einstaklingsáætlun og markmið. Fundinn sitja þeir sem tilheyra teymi nemandans og er það ólíkt eftir þörfum þeirra hverjir það eru.

Samráðsfundir stoðþjónustu Urriðaholtsskóla voru haldnir að jafnaði aðra hverju viku yfir skólaárið. Sérkennslustjórar mæta á vikulega fundi deildarstjóra leikskólastigs og fundi grunnskólakennara eftir þörfum og koma með mál inn á þá fundi.

Samráðsfundir sérkennslustjóra leikskóla með deildarstjórum hvers heimasvæðis voru að öllu jöfnu aðra hverja viku, oftast ef þörf var á. Samráðsfundir með starfsfólki stoðþjónustu voru einnig á tveggja vikna fresti.

## Farsæld

Á Íslandi tóku gildi lög 1. janúar 2022 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Garðabær hóf sitt innleiðingarferli strax í upphafi skólaárs í öllum sínum skólum með markvissum hætti og tók Urriðaholtsskóli þátt í því ferli sem áfram heldur næsta skólaár. Innleiðingarferlinu stýrði Sólveig Norðfjörð sálfræðingur fyrir hönd Garðabæjar. Tengiliðir í skólum og stjórnendur fengu fræðslu reglulega yfir árið og unnið var að sarmeiginlegri sýn og verklagi. Stuðst var við handbók farsældar frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) <https://island.is/handbaekur/handbok-farsaeldar> við innleiðingu farsældarlaga og gátlista farsældar fyrir leik- og grunnskóla. Þóra Árnadóttir skólafélagsráðgjafi heldur utan um samþættingu farsældar í Urriðaholtsskóla og styður við tengiliði, foreldra og nemendur að setja mál í ferli.

Farsældarlögin gera ráð fyrir stigskiptri þjónustu og er hún veitt á þremur þjónustustigum sjá nánar <https://www.farsaeldbarna.is/is/stigskipting-thjonustu>. Í töflu má sjá fjölda mála í samþættingu út frá stigskiptri þjónustu farsældarlaga eftir skólastigi.

Stig þjónustu	1	2	3
Leikskólastig	1	0	3

Yngsta stig	6	0	3
Miðstig	4	2	2
Unglingastig	7	1	4
Samtals	17	3	9

Foreldrar og börn geta leitað til tengiliða Urriðaholtsskóla til að sækja þjónustu við hæfi, sjá á heimasíður Garðabæjar, <https://www.gardabaer.is/farsaeld/farsaeld-i-thagu-barna>.

## Helstu verkefni og áherslur eftir skólastigum

Sjá má aðkomu stoðþjónustu í stærðfræði- og íslenskukennslu á grunnskólastigi í umfjöllun grunnskólastigs. Stoðþjónusta og umsjónarkennarar sáu um að aðlaga námsefni á grunnskólastigi þegar þörf var á ýmist í sitthvoru lagi eða í samstarfi í gegnum sín teymi.

Sjö nemendur á grunnskólastigi þurfa 100% stuðning náms-, félags- og hegðunarlega. Þeir eru allir með sérsniðna stundaskrá sem hentar hverjum og einum, ólíkt er þeirra á milli hversu mikið þeir eru á sínu heimasvæði. Þeim var kennt samkvæmt einstaklingsáætlun að hluta eða öllu leiti og byggði námsmat þeirra á því. Námsmarkmið eru bæði hóp- og einstaklingsmiðuð.

## Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og veitir nemendum stuðning og aðstoð vegna félagslegra og tilfinningalegra þátta sem hafa áhrif á líðan þeirra í skólaumhverfinu, skólasókn og námsframvindu. Námsráðgjafi er ráðgefandi fyrir starfsfólk skólans, nemendur og forsjáraðila í málum sem varða líðan nemenda, félagsfærni, námsframvindu, námstækni og næstu skref varðandi nám og störf að loknum grunnskóla.

Námsráðgjafi er hluti af stoðþjónustu skólans og situr í fræðslu- og forvarnarráði, nemendaverndarráði og áfallateymi skólans. Námsráðgjafi hefur sérþekkingu á samskipta- og eineltismálum og sinnir stöðu teymisstjóra í samskipta- og eineltisteymi skólans. Námsráðgjafi er tengiliður skólans við þjónustu í þágu farsældar barna, situr teymisfundi með forsjáraðilum nemenda og sinnir fræðslu- og forvarnarstarfi. Auk þess stýrir hann nemendaráði á unglingastigi ásamt deildarstjóra mið- og unglingadeildar og forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar. Þá sinnir námsráðgjafi stöðu umsjónarmanns og réttindafulltrúa Urriðaholtsskóla við innleiðingu á verkefninu „Barnvænt sveitarfélag“ og heldur utan um fræðslu starfsfólks á leik- og grunnskólastigi. Skólaárið 2024-2025 var Urriðaholtsskóli í fyrsta sinn með nemendur í 10. bekk. Námsráðgjafi hélt utan um framhaldsskólaheimsóknir og náms- og starfskynningar, lagði fyrir áhugasviðsprófið Bendill ásamt því að ráðleggja forsjáraðilum varðandi inntökuferli í framhaldsskóla og aðstoða við umsóknarferlið. Námsráðgjafi og skólafélagsráðgjafi vinna í nánú samstarfi með hag nemenda að leiðarljósi.

Í viðtölum námsráðgjafa var fyrst og fremst unnið með félagsfærni, sjálfstyrkingu, tilfinningastjórnun, andlega líðan og samskiptamál. Nemendur leituðu mörg sjálf til námsráðgjafa en einnig komu þeir að beiðni forsjáraðila eða umsjónarkennarar sem óskuðu eftir aðkomu námsráðgjafa.

## Skólafélagsráðgjöf

Skólafélagsráðgjafi er málsvari nemenda og veitir þeim stuðning og aðstoð vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta. Hann veitir forsjáraðilum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning vegna mála sem snúa að nemendum og geta hindrað að þeir njóti sín í námi og í félagslegum samskiptum. Skólafélagsráðgjafi er hluti af stoðþjónustu og situr í teymi um atvikaskráningar og ferli líkamlegra inngripa, nemendaverndarráði, samskipta- og eineltisteymi og áfallateymi skólans. Hann

er tengiliður skólans við þjónustu í þágu farsældar barna, situr teymisfundir og sinnir fræðslu- og forvarnarstarfi.

Skólafélagsráðgjafi hefur sérþekkingu umfram aðrar starfsstéttir á barnaverndarlögum og úrræðum samfélagsins og er tengiliður skólans við barnavernd og félagsþjónustu. Skólafélagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi vinna í nánú samstarfi með hag nemenda að leiðarljósi

Í viðtölum skólafélagsráðgjafa var einna helst unnið með andlega líðan, sjálfstyrkingu og samskiptamál. Nemendur leituðu bæði sjálf til skólafélagsráðgjafa og komu í kjölfar þess að forsjáraðilar eða umsjónakennarar óskuðu eftir aðkomu skólafélagsráðgjafa.

## Leikskólastig

### Málörvun, tilfinninga- og hegðunarvandi og félagsfærni

Málörvunarhópur var starfræktur einu sinni á dag á yngsta aldurstigi leikskóla fyrir tví- og fjölyngd börn yngstu heimasvæða.

Sérkennarar á yngri deildum sáu um einstaklings vinnustundir í málörvun með samþykki foreldra. Fólst aðkoma einkum í eflingu orðaforða og máltjáningar auk eftirfylgdar og stuðnings við yfirfærslu á raunaðstæður. Aðkoma var jafnt að börnum á 1. stigi sem 2. stigi þjónustu.

Á elsta aldurstigi leikskóla var á haustdögum gerð HLJÓM-2 skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna. Í kjölfar þeirrar skimunar voru málörvunarhópar skipulagðir fyrir þau börn sem skoruðu undir meðaltali á HLJÓM-2. Þjálfunarstundir fóru fram þrisvar til fjórum sinnum í viku innan deildanna á haustönn. Sá sérkennari að öllu leyti um framkvæmd og eftirfylgni þeirra málörvunarhópa. Á vorönn hélt sérkennari utan um þjálfunarstundir málörvunar þeirra barna sem enn skoruðu undir meðaltali á HLJÓM-2 á elsta aldurstigi leikskóla. Var sérkennari einnig stuðningur við málörvunarstundir á næstyngsta aldurstigi leikskóla, með áherslu á undirþætti hljóðkerfisvitundar.

Þroskaþjálfar, teymisstjórar svæða, stýrðu aðkomu vegna tilfinninga-, hegðunarvanda og félagsfærni barna. Jafnt að börnum sem þjálfun starfsfólks. PECS tjáskipti voru innleidd fyrir eitt barn. Mini-ART hópur var á vorönn fyrir þriggja til fjögurra ára börn og ART hópur fyrir fimm ára börn.

Unnið var að aðlögun einstaklingsáætlana leikskólastigs í ljósi fjölmenningslegs starfsmannaumhverfis sem við einstaklingsnámskrár barna styðjast. Fólst breytingin aðallega í ítarlegri skrefum og myndum til stuðnings textanum til að styðja við skilning og gera lesturinn aðgengilegri.

## Grunnskólastig

### Félagsfærni

Markviss kennsla í félagsfærni fór fram á yngsta-, mið- og unglíngastigi. Notast var við ART á yngsta stigi og PEERS á mið- og unglíngastigi. Nemendum var boðin þátttaka og gáfu foreldrar undirritað leyfi. Haldin voru fjögur ART námskeið með smærri hópum. Á yngsta stigi fengu einnig nokkrir nemendur félagsfærnikennslu með atferlisfræðingi og náms og starfsráðgjafa skólans þar sem verkefni úr bókinni „Geðrækt og vellíðan nemandi: verkefnabanki náms og starfsráðgjafa“ voru unnin. Þá voru einnig nokkur börn sem fengu einstaklings félagsfærni þjálfun út þeirri bók.

### Einstaklingsáætlanir

Þroskaþjálfar og atferlisfræðingar héldu utan um einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem þurftu. Í þeim er lögð áhersla á að mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er staddur. Áætlanirnar

eru lifandi skjöl sem taka stöðugum breytingum í takt við þarfir hvers og eins. Nemendur hafa áhrif á sína áætlun, áhugasvið þeirra kemur inn í hana og er meðal annars unnið að markmiðum sem þeir setja sér. Áhersla hefur verið á að auka úthald nemenda og hefur verið unnið að því með því að vinna í styttri lotum sem hafa verið lengdar þegar nemendur eru tilbúnir ásamt þásum meðal annars með pásuspjöldum.

### Yngsta stig

Félagsfærnisögur og hvatningabækur voru notaðar til þess að virkja nemendur í kennslustundum og verkefnavinnu. Lögð var áhersla á þjálfun inni á svæði nemenda og nutu því fleiri nemendur góðs af vinnunni. Gott samstarf var á milli heimilis og skóla og voru reglulegir teymisfundir fyrir nemendur sem þurftu á slíkum stuðningi að halda. Í vetur voru þroskaþjálfar og atferlisfræðingar með félagsfærninámskeið byggt á námsefni frá KVAN fyrir sex nemendur á yngsta stigi. Farið var í leiðtoga- og vináttaþjálfun með hinum ýmsu æfingum og leikjum. Fjöldi nemenda á yngsta stigi fékk stuðning á skólaárinu og þjálfun í færni.

### Mið- og unglíngastig

PEERS námskeið í félagsfærni var haldið á hvorri önn í umsjón sérkennara með diplómu í hagnýtri atferlisgreiningu og þroskaþjálfara. Á námskeiðinu fengu nemendur markvissa þjálfun í félagsfærni t.d. hvernig maður eignast vini og hvernig efla má félagslegt sjálfstæði barnsins. Á námskeiðunum var notast var við beinar leiðbeiningar, samræður, hlutverkaleiki, myndbönd og heimaverkefni.

Námskeiðið var fyrir stúlkur í sjötta, sjöunda og áttunda bekk. Tímarnir voru kenndir einu sinni í viku 60 mínútur í senn. Á námskeiðinu var notast við samræður, myndbönd, hlutverkaleiki og beinar leiðbeiningar. Samtals kláruðu 28 stelpur á haust- og vorönn.

Önnur félagsfærniþjálfun var í höndum skólastjórnenda og voru viðbrögð atvikamiðuð eftir vanda nemenda, notast var til dæmis við inn og út stimplun, samtöl og félagsfærnisögur. Nemendur komu einnig til stjórnenda í samtöl þar sem verið var að fylgja eftir og styðja við líðan og námsástundun nemanda til dæmis með samtölum eða til að læra í einrúmi.

### Nemendur með íslensku sem annað móðurmál og virkt tví/fjöltyngi

Í töflu 2 nemendur Urriðaholtsskóla sem eru með íslensku sem annað móðurmál.

Grunnskólastig	28
Leikskólastig	9
Samtals	37

Allir nemendur á leikskólastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku fá *Tákn með tali orðabók* sem fer á milli heimilis og skóla. Bókin er líka notuð fyrir tvítyngd börn með lítinn orðaforða. Unnið er með orðin heima og í skólanum og eru þau þjálfuð nokkrum sinnum yfir daginn á skólatíma. Gerð er einstaklingsáætlun og fer bókin á milli heimilis og skóla.

Í framhaldi fara eldri nemendur á leikskólastigi og grunnskólabörn í námsefnið *Tölum saman, Lubbi og Orðagull* til að styrkja orðaforða, íslensku máhljóðin, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu.

Allir nemendur á grunnskólastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í íslensku. Þau eru í færnimiðuðum hópum og áhersla er lögð á talað mál og orðaforða en um leið fara þau í fimipþjálfun. Áhersla á að kenna þeim íslenska stafrófið sem og hljóð við tákn. Yngri nemendur voru

áhugasamari um að læra íslensku og tileinka sér hana sem talmál og þar gegndi frístund lykilhlutverki þar sem nemendur fengu tækifæri til að nýta íslensku í leik með jafnöldrum en börn á miðstigi og eldri sóttu minna þess háttar aðstæður eins og félagsmiðstöð.

## Þróunarverkefni

### Öll börn eru okkar börn

Þróunarverkefni sem unnið er af Erlu Sif Sveinsdóttir, Kristínu Ösp Sigurðardóttur og Selmu Ramdani. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni þekkingu starfsfólks á fjölbreytileika nemendahópsins með það að leiðarljósi að auka farsæld barna og ungmenna í Urriðaholtsskóla. Erla, Kristín og Selma héldu fræðslu fyrir starfsfólk Urriðaholtsskóla og á Menntadag Garðabæjar árið 2024. Einnig var útbúið handbók sem byggði á fræðslunni og er aðgengileg inni á Teams fyrir starfsfólk skólans.

### Handbók stuðningsfulltrúa

Þróunarverkefni sem unnið er af Erlu Sif Sveinsdóttur, Eyrúnu Kristínu Eyjólfsdóttur og Snædísí Ósk Jóhannsdóttur. Markmið verkefnisins er að búa til aðgengilegt fræðsluefni fyrir stuðningsfulltrúa til þess að styrkja þá og styðja í starfi. Stuðningsfulltrúar gegna mikilvægu hlutverki í skólakerfinu og eru þeir starfsmenn oft með gríðarlega mikla ábyrgð á börnum sem sýna krefjandi hegðun. Í starfslýsingu stuðningsfulltrúa er ekki gerð krafa um neina menntun eða reynslu sem nýtist í það krefjandi starf sem bíður þeirra. Því er mikilvægt að skólar geti stutt vel við það starfsfólk svo þeir geti fylgt eftir þeim markmiðum sem sett eru fyrir hvert barn. Fræðsla og þjálfun tekur tíma og í dagsins önn gefst lítill tími til þess að taka mikla einstaklingsþjálfun með starfsfólki sem sinnir stuðningi. Með handbók sem fer vandlega yfir helstu hlutverkin sem fylgja starfinu er komið tól til að miðla helstu upplýsingum jafnt til allra og gæta þess að nýir starfsmenn séu upplýstir.

Unnið var að handbókinni á skólaárinu, nýir starfsmenn sem hófu störf á vorönn lásu yfir og gerðu tillögur að breytingum og gáfu umsögn.

## Atvikaskráningar

Á síðari hluta skólaárs var farið vel yfir ferlið í kring um atvikaskráningar. Nýtt skráningarform var tekið upp og haldnir voru reglulegir fundir þar sem teymi úr stoðþjónustu fóru yfir atvik, betur bættu skráningarblað og ræddu hvað hefði mátt betur fara. Samtals voru haldnir fjórir fundir á vorönn 2025.

## Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026

- Vinna áfram að nákvæmari skráningum í þjálfunarstundum til að fá betri yfirsýn um framkvæmd og eftirfylgni ráðgjafar.
- Mikilvægt að skerpa á og vinna áfram með væntingar á öllum svæðum, bæði fyrir starfsmenn og nemendur. Kenna þarf væntingar í upphafi skólaárs, þeim þarf svo að viðhalda út skólaárið með þjálfun og samkvæmni á milli svæða og starfsmanna.
- Fylgjast þarf með því hvernig börnum með íslensku sem annað tungumál gengur á sínu móðurmáli og mæta þeim með markvissari hætti. Verkferillinn þarf að vera skýrari við móttöku þessara nemenda.
- Halda áfram að auka fagþekkingu starfsmanna í húsinu með því að kalla til starfsmenn stoðþjónustu í þeim málum sem þurfa þykir hvort sem um ræðir vegna nemenda- eða starfsmannamála.

## Ársskýrsla frístundaheimilisins Urriðakots

### Starfsfólk

Íris Ósk Ingadóttir sinnti starfi umsjónarmaður frístundaheimilisins Urriðakot og Helgi Hrafn Þorsteinsson sinnti starfi aðstoðar umsjónarmaður frístundaheimilisins Urriðakots í 50% starfi. Í byrjun skólaárs voru annað starfsfólk 26 og þar af 10 nýtt starfsfólk sem ekki hafði reynslu af starfi í frístundaheimili. Í Urriðakoti störfuðu 49 einstaklingar yfir skólaárið, þar af voru 32 einstaklingar einnig í öðrum störfum innan skólans. Í lok skólaárs voru 34 einstaklingar starfandi í Urriðakoti.

### Skráðir nemendur

Alls voru 218 nemendur skráðir í Urriðakot yfir skólaárið. Hópurinn skiptist eins og hér segir: 73 úr 1. bekk, 61 úr 2. bekk, 54 úr 3. bekk, 30 úr 4. bekk. Þegar skólaárið byrjaði komust ekki allir að sem vildu vegna mþess að við vorum ekki nógu vel mönnum. Frá og með 29. september 2024 voru allir nemendur komnir með skráningu.

### Húsnæði

Þetta skólaár var fyrst árið sem Urriðakot var með sitt eigið heimasvæði og var því hægt að setja svæðið upp út frá þörfum og áherslum í starfi frístundaheimilisins. Heimasvæði Urriðakots er Holt. Í gegnum skólaárið fylgdi því auka en skemmtilega vinna að kaupa búnað og setja upp svæðin. Eitt heimasvæði er þó ekki nóg fyrir allan þann fjölda barna sem eru skráð í Urriðakot. Áætlað er að hvert heimasvæði rúmi 60 börn en í Urriðakoti voru 218. Urriðakot reyndi því að nýta önnur svæði skólans og var Legoland, bókasafnið og tónmenntastofuna aðallega nýtt. Að nýta önnur svæði eða búnað skólans gekk oft brösulega vegna umgengni en er það vandamál sem við sem skólasamfélag þurfum að leysa. Fjöldi barna í Urriðakoti fer aðeins fjölgandi og á meðan aðeins eitt heimasvæði er úthlutað fyrir starfið þurfum við alltaf að nýta önnur svæði skólans.

### Starfið skólaárið 2025-2026

#### Sumarvika frístundaheimilanna fyrir 1. bekk

Starf Urriðakots byrjaði 14. ágúst þar sem verðandi 1. bekkjar nemendum bauðst að hefja dvöl í frístundaheimili grunnskóla síns viku fyrir skólasetningu. Með þessu móti gefst nemendum færi á að kynnast skólanum sínum og verða örugg í nýju umhverfi.

Þessa viku kusum við í Urriðakoti að kalla Frístundaskóla þar sem við æfðum okkur að vera komin í grunnskóla, lærðum þær væntingar sem eru gerðar til okkar, lærðum á umhverfið og æfðum okkur í félagsfærni.

	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	HELGI	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
8:30-9:30	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur		Rútuferð kl.09:00	Íslenska og lestur	Íslenska og lestur
9:30-9:45	Nesti	Nesti	Nesti		Nesti	Nesti	Nesti
9:45-10:05	Frímó	Frímó	Frímó		Frímó	Frímó	Frímó
10:05-11:35	Skoðunarferð um skólan og hópefli	Lífsleikni	Lífsleikni		Íþróttir í íþróttamiðstöð Álfanes	Lífsleikni	Lífsleikni - útskrift úr frístundaskóla Urriðaholts
11:35-11:55	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur		Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
11:55-12:25	Frímó	Frímó	Frímó		Frímó	Frímó	Frímó
12:25-13:55	Lífsleikni	Gönguferð um Urriðaholt	Búningaball í tónmennt		Sundferð í Álfaneslaug --- Rútuferð kl.12:50	Göngu- og lautarferð í Heiðmörk	Dótadagur - frjáls leikur
13:25-13:45	Frímó	Frímó	Frímó		Frímó	Frímó	Frímó
13:45-14:00	Sídegishressing	Sídegishressing	Sídegishressing		Sídegishressing	Sídegishressing	Sídegishressing
14:00-16:00	Frjáls leikur	Kynnumst valtöflunni Frjáls VAL	Frjálst VAL		Frjálst VAL	Frjálst VAL	Frjálst VAL
16:00-16:30	Frágangur	Frágangur	Frágangur		Frágangur	Frágangur	Frágangur

Íslenska og lestur: Í Frístundaskólanum byrjuðum við að æfa okkur að sitja í kennslustund. Lásam saman sögur, æfðum okkur að skrifa, æfðum okkur að telja og lögðum grunn fyrir heimalestur.

Lífsleikni: Við gerðum æfingar og fórum í leiki með því markmiði að efla félagsfærni. Við æfðum okkur að skilgreina okkur til að efla sjálfsvitundina, ákveðum hvernig samskipti við viljum hafa í skólanum okkar og í gegnum leik þjálfuðum við okkur í að vera góðir vinir.

Val: Við kynntumst valkerfinu og hvernig það fer fram í frístundaheimilinu. Með valkerfinu æfum við okkur að bera ábyrgð á okkur sjálfum með því að sýna á valtöflunni hvar við erum hverju sinni.

Væntingar: Í Urriðaholtsskóla eru skýrar væntingar til allra í skólanum. Með hjálp Vörðunnar lærðum við væntingarnar og æfðum okkur.

Umhverfið: Með skoðunarferðum og leikjum kynntumst við og lærðum á umhverfið okkar. Að þekkja umhverfið okkar veitir okkur öryggi og hjálpar okkur að vera sjálfstæð. Við kynntumst skólahúsnæðinu, hverfinu okkar og náttúru.

Var þetta í annað sinn sem við unnum með uppsetning á sumarviku 1.bekkar á þennan hátt. Markmiðið með að breyta frá fyrra formi var til að vinna markvissara að markmiðum vikunnar að aðlaga nemendur 1.bekkar inn í grunnskólastig. Ásamt því að vera betur undirbúin til að taka á móti þeim inn í skólaárið.

Í vetur horfðum við á það hvernig við getum nýtt þessa vikur betur sem skólasamfélag en ekki bara verkefni Urriðakots. Stoðþjónustan hefur verið mjög virk í samstarfi með okkur þessa vikuna. Starfsfólk stoðþjónustunnar hefur komið og fylgst með nemendum í skólaaðstæðum og starfsfólk Urriðakots hefur geta leitað til þeirra með hindranir í starfi með nemendum. Stoðþjónustan hefur þá aðstoðað með lausnir til dæmis umbunarkerfi, breytingar á rýmum og félagsfærnisögur. Fulltrúar grunnskólastigs hafa komið þessa vikuna og lestrarmælt nemendur. Íþrótt- og sundkennarar hafa hitt nemendur í sundi þessa vikuna, kynnt sig, farið yfir væntingar og séð hvernig nemendum gengur

að bjarga sér í vatni. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og létt undir álagi í skólaársbyrjun. Næsta skólaár munum horfa til tækifæra í betra samstarfi við umsjónarkennara 1.bekklar.

### Dagskipulagið vetrarins

#### 1.-2. bekkur:

13:20 Urriðakot opnar  
 -kennarar koma með nemendur í frístund þar sem starfsfólk tekur við þeim  
 13:20 Útivera  
 14:00/14:10 Hressing  
 14:15/14:25 Val og klúbbastarf  
 15:45 Frágangur  
 16:00-16:30 Róleg stund  
 16:30 Urriðakot lokar

#### 3.-4.bekkur:

13:20 Urriðakot opnar  
 -starfsfólk tekur á móti nemendum á heimasvæði  
 13:20 Hressing  
 13:40 Val og klúbbastarf  
 15:45 Frágangur  
 16:00-16:30 Róleg stund  
 16:30 Urriðakot lokar



Nemendur í 3. og 4. bekk voru með sér dagskipulag. 4.bekkur var með sér aðstöðu og dagskrá. Nemendur þessara árganga kalla oftast eftir þróun í frístundastarfinu sínu með vaxandi aldri. Þroskamunur á milli nemenda í 1.-4. bekk getur verið þó nokkur og þurfa því að vera mismunandi áherslur í frístundastarfinu á milli aldurs hópa. Fundum við fyrir áskorunum í starfinu í vetur þegar

kom að breiðu aldursbili í starfinu. Urðum við vör við valdaójafnvægi í leik sem olli óöryggi og vanlíðan hjá yngstu nemendunum. Við sjáum lausnir og tækifæri í því að skipta starfinu meira upp út frá aldri. Við munum reyna að þróa starfið í þá átt á næstu skólaárum.

### Klúbbastarf

Klúbbastarf í frístundaheimilum getur verið frábær aðferð til að auka fjölbreytni í afþreyingu og aukið fagstarf frístundaheimilisins. Munur á klúbbastarfi og frjálsum leik í frístundaheimilum er að frjáls leikur býður upp á óformlegt nám alfarið stýrt að gjörðum þátttakanda. Klúbbastarf fer fram hálfformlegt nám þar sem aðstæður eru stýrðar af starfsfólki. Þannig er hægt að nýta klúbbastarf til að leyfa nemendur að læra nýja afþreyingu og þjálfu upp færni eins og til dæmis félagfærni. Klúbbastarf krefst meiri undirbúnings af hálfu starfsfólks og oftast þarf klúbbur að vera í meira en eitt skipti svo markmið klúbbsins náist.

Listaklúbbur og vísindaklúbbur eru orðnir fastir liðir í starfi Urriðakots. Voru þeir því virkir strax í skólabyrjun. Fyrir áramót var vísindaklúbbur þrisvar sinnum í viku en aðeins opinn fyrir einn árgang í einu. Gekk það fyrirkomulag mjög vel og gerði aðgengi að klúbbnum auðveldara fyrir fleiri börn.



Starfsdaga fyrir áramót nýttum við svo til að móta fleiri klúbba og eftir áramót prufuðum við; Ljósmyndaklúbb, Leiklistarklúbb, Dekurklúbb, Bókaklúbb, Pennavinaklúbb, Flóttaklúbb, Baksturklúbb og Útivistarklúbb. Í lok skólaárs var Urriðakot með ljósmyndasýningu og leiksýningu sem voru afurðir úr klúbbunum okkar.

Klúbbastarf helst í hendur við áhuga og vilja starfsfólks Urriðakots hverju sinni. Til að halda uppi klúbbastarfi þarf tíma til undirbúnings sem er af skornum skammti í starfi frístundaheimila. Klúbbastarf hefur án vafa aukið fjölbreytileika í afþreyingu í Urriðakoti en tækifærin með klúbbastarfi eru alls ekki fullnýtt.

### Frístundaakstur

Hluti af daglegu starfi Urriðakots er frístundaakstur. Rúta kom fjórum sinnum eftir hádegi og bauð nemendum far á æfingar, 2 rútur komu í eina ferð á viku vegna fjölda. Starfsfólk Urriðakots bar ábyrgð á að koma nemendum í frístundabílinn á réttum tíma eftir skráningu frá forsjáraðilum.

Frístundaaksturinn gekk heilt yfir vel. Samstarf við flotastjóra Trex sem sinnti Urriðaholtsskóla var til fyrirmyndar. Flotastjóri hafði reglulega samband við Urriðakot og öfugt. Fórum við þá yfir ef það voru hnökror í tímaskipulagi eða ef upp komu hegðunarvandamál í bílnum. Með svona góðum og reglulegu samskiptum við flotastjórann gátum við aðlagð þjónustuna betur að börnunum, leiðbeint þeim í væntingum tengdar frístundabílum og fylgt eftir með rökréttum afleiðingum. Teljum við það vera lykill af vellíðan og öryggi barnanna sem nýta þjónustuna.

### Ýmist samstarf

Frístundaheimilið Urriðakot er í virku og miklu samstarfi við grunnskólastarf Urriðaholtsskóla. Fyrir nemendur okkar teljum við það samstarf mjög mikilvægt til að veita nemendum öruggt og mótandi umhverfi í gegnum allan vinnudag nemandans. Umsjónarmaður sat samráðsfundi með skólastjórnendum grunnskólastigs vikulega og teymisfundi nemenda sem voru skráðir í Urriðakot.

Stoðþjónusta Urriðaholtsskóla gegnir lykilhlutverki í starfi Urriðakots þegar kemur að því að öll börn geti nýtt og notið þjónustu Urriðakots. Þetta skólaárið lögðum áherslu á að finna leiðir til að samstarf milli sviða gengi auðveldara fyrir sig til að koma í veg fyrir gap í þjónustu við börnin. Eitt af lausnunum sem við prufuðum var Stuðland. Stuðland er sér rými með afþreyingu fyrir börn sem þurfa rólegra og afmarkaðra svæði til að líða vel og njóta sín í frístundastarfi. Vorum við mjög ánægð með þau tækifæri sem við græddum með þessari lausn og munum skoða hvernig við getum nýtt þessa aðstöðu betur næstu skólaárin.

Samstarf við forsjáraðila nemenda var virkt í gegnum skólaárið með vikulegum upplýsingapóstum. Umsjónarmaður var hluti af haustfundum sem voru haldnir fyrir alla árganga skólans í byrjun skólaárs. Umsjónarmaður var hluti af kynningafundi fyrir forsjáraðila verðandi 1.bekkinga.

Í Garðabæ eru sex frístundaheimili sem vinna náið saman. Umsjónarmaður hitti aðra umsjónarmenn á fundi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Frístundaheimilin voru með sameiginlega viðburði í jólafríinu, vetrarfríinu og páskafríinu.

## Félagsmiðstöðin Urri

Félagsmiðstöðin Urri er opinn öllum unglingum í 8.-10. bekk, þriðjudaga og fimmtudaga og annan hvern föstudag frá kl 19:30 – 22.00. Það er frjálst að koma og fara hvenær sem er á opnunartímanum. Opið er fyrir 5.-7. bekk frá 17:00 – 19:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og er það auglýst á svæði þeirra, í tölvupósti til foreldra/forráðamanna og Instagram.

Urri er fékk vorið 2024 glænýja aðstöðu í nýbyggingu skólans. Starfsmenn Urra og nemendur unnu hörðum höndum að því að koma upp frábæru rými til frambúðar. Mikil gleði er með þetta fallega rými eftir töluvert flakk síðan félagsmiðstöðin var stofnuð árið 2022.

Forstöðumaður Urra er Ragnhildur Jónasdóttir. Starf forstöðumanns felst m.a. í því að halda utan um og bera ábyrgð á allri starfsemi félagsmiðstöðvarinnar, félagsmálaval, stjórn nemendafélags skólans og aðstoða nemendur við undirbúning starfsins. Einnig tekur forstöðumaður að sér verkefni innan skólans eftir þörfum s.s. hópastarf og hópefli. Forstöðumaður heldur utan um og skipuleggur forvarnarmál unglíngadeildar ásamt námsráðgjafa. Forstöðumaður tekur að jafnaði þátt í haust-, vetrar og vorferðum 8., 9. og 10. bekkjar. Þrír aðrir starfa sem hlutastarfsmenn í Urra; Júlía Kristine Jónasdóttir, Davíð Þór Ásgeirsson og Ingibjörg Halla Ólafsdóttir.



Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við unglínga í gegnum fjölbreytt tómsundastarf. Megin markmið starfsins er að veita unglíngum tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómsundir undir leiðsögn reyndra tómsundaleiðbeinenda. Leiðarljós starfsins er að efla félagsfærni, sjálfsmynd og virkni unglínganna. Unnið er út frá hugmyndafræði barna- og unglíngalýðræðis, hugmyndum og áhugasviði nemenda skólans. Leitað verður eftir röddum unglínganna hvað varðar starfsemi og þær uppákomur sem verða hverju sinni, innra starf og umgjörð. Dæmi um viðburði á opnum kvöldum Urra: Spilakvöld · feluleikur um skólann · böll · gistigleði · fifamót · varúlfur · ratleikur · átkeppni · kökukeppni · kósýkvöld · bíókvöld · 8. bekkjarkvöld · þrautakvöld · slímgerð · popp og perl.

Árið 2025 var umfangsmikið hvað varðar skipulag í félagsmiðstöðinni. Það er margt sem að við vorum að gera í fyrsta skipti og mikill lærdómur sem að átti sér stað. Við fórum í fyrsta skipti í ferð með unglíngana. Þriggja daga skíðaferð til Dalvíkur þar sem að enginn snjór tók á móti okkur og þurftum við að beita ýmsum ráðum til að gera þessa ferð ógleymanlega og var haldið til Akureyrar á skíði. Ferðin var í mars en verður að öllum líkindum færð aftur um einn mánuð 2026. Um 90% mæting var í þessa ferð og verður hún að öllum líkindum fastur liður í dagskrá Urra um ókomin ár.



Í ár fórum við með 13 unglunga í áttunda bekk á Samfestinginn sem er 4500 unglunga ball í Laugardalshöllinni. Ballið gekk eins og í sögu og okkar unglingar fylgdu öllum þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar.

Urri átti loksins keppanda á viðburði Samfés. Alexandra, nemandi í 8. bekk tók þátt í danskeppni Samfés fyrir hönd Urra sem haldin var í mars og náði sér þar í 3. sætið. Það var stór áfangi fyrir okkur að ná okkur strax í sæti eftir þessa frumraun.

Heilt yfir í gegnum allar opnanir og viðburði í vetur var góð mæting og mikil ánægja með starfið. Gert er ráð fyrir að skipulag verði með svipuðu sniði næsta skólaár. Við höldum áfram að læra og stækka umfangið með reynslunni. Mætingatölur hafa sýnt hversu gífurlega mikilvægt þetta starf er. Við tókum saman mætingu í allan vetur til að sjá þróun aðsóknar og hvar þarf að gera betur.

Félagsmiðstöðin Urri er með virkt Instagram þar sem upplýsingar um dagskrá og annað kemur fram; Urri\_210

## Nemendaráð Urriðaholtsskóla

### Nemendaráð unglingastigs

Í nemendaráði unglingastigs voru nemendur sem völdu sig í félagsmálavali haust 2024. Strax að hausti var farið í það að móta væntingar fyrir nemendaráð og hvaða hlutverk nemendaráð í grunnskólum hafa. Ákveðið var að kjósa ekki í hlutverk innan nemendaráðs í vetur þannig að allir þátttakendur gætu mátað sig í fjölbreytt hlutverk eftir verkefnum.

Nemendaráð á unglingastigi fór hægt af stað í vetur og unnu mest í samstarfi við forstöðumann félagsmiðstöðvar fyrir áramót þar sem þau tóku þátt í að móta dagskrá og sinna starfi innan félagsmiðstöðvarinnar. Nemendaráð hittist reglulega og skipulögðu fund í hádeginu annan hvern þriðjudag fyrir áramót en alla þriðjudaga eftir áramót. Nemendaráðið skipulagði meðal annars dagskrá fyrir frímínútur fyrir hvern mánuð eftir áramót og í samvinnu við félagsmiðstöðina hélt nemendaráð utan um peysusölu og fleiri fjáraflanir fyrir skíðaferð til Dalvíkur. Að lokum hélt nemendaráð glæsilega árshátíð fyrir unglingastig í lok skólaársins.

Á næsta ári vonumst við til þess að halda áfram með það verkefni að skapa sterkt nemendaráð á unglingastigi sem tekur virkan þátt í ákvörðunum hvað varðar skólastarf og starf félagsmiðstöðvarinnar Urri í samráði við nemendaráð miðstigs.

### Nemendaráð miðstigs.

Haust 2024 var kosið í fyrsta sinn í nemendaráð á miðstigi í Urriðaholtsskóla. Nemendur í félagsmálavali á unglingastigi undirbjuggu kosningarnar í samráði við deildarstjóra og forstöðumann frístundar. Nemendur undirbjuggu auglýsingu þar sem óskað var eftir framboðum í nemendaráð. Þeir nemendur sem höfðu áhuga á því að vera með skrifuðu lítið bréf þar sem þeir komu því á framfæri hvers vegna þeir höfðu áhuga á því að bjóða sig fram í nemendaráð.

Kosningar fóru fram með þeim hætti að nemendur í félagsmálavali lásu yfir öll framboðin og kusu í gegnum leynilega kosningu þá fulltrúa sem þau vildu koma inn í nemendaráð. Þau atkvæðu giltu helming á móti atkvæðum nemenda á miðstigi til þess að sporna við því að kosningin myndi snúast upp í vinsældakeppni. Að því loknu var farið inn í alla árganga á miðstigi þar sem nemendur fengu

tækifæri til að kjósa sína fulltrúa í nemendaráð. Alls voru sex fulltrúar kosnir inn í nemendaráð, ein stúlka og einn drengur úr hverjum árgangi.

Því miður náðu fulltrúar nemendaráðs á miðstigi lítið að hittast í vetur og áttu aldrei sameiginlegan fund með fulltrúum unglingastigs líkt og lagt var upp með. Það verður að bæta næsta vetur og setja strax niður skipulagða fundi með þeim fulltrúum sem verða kosnir næsta vetur. Nemendaráð miðstigs náði þó á þeim stutta tíma sem það var virkt að skipuleggja árshátíð fyrir 7.bekk, spilaklúbb á morgnanna og sumarsamveru nemenda á miðstigi þar sem þau ætla að hjálpast að við að passa uppá það að enginn verði einn í sumar. Til þess að stuðla að því settu þau upp skipulag fyrir sumarið, útbjuggu auglýsingu sem send var heim til allra nemenda á miðstigi.


## Mat á skólastarfi

### Innra mat


#### Lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir í öllum árgöngum grunnskólastigs þrisvar á ári og gefa góða yfirsýn yfir framvindu lestrarhraða nemenda miðað við sett viðmið og niðurstöður á landsvísi. Prófin eru lögð fyrir í upphafi skólaárs, í janúar og í lok skólaárs. Meðfylgjandi eru meðaltalsniðurstöður árganga í Urriðaholtsskóla í september og maí, þessar niðurstöður sýna stöðu nemenda við upphaf skólaársins. Mikilvægt er að taka fram að tölurverður fjöldi nemenda bætast við reglulega yfir skólaárið og eru þeir nemendur einungis í Lesfimi niðurstöðum í maí.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Urriðaholtsskóli, sept. 2024



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Urriðaholtsskóli, maí 2025



Áberandi góður árangur náðist í 2. og 3. bekk en í þeim árgöngum erum við með rúmlega 40% nemenda sem les yfir viðmiði 3. Taka skal fram að allir nemendur skólans eru prófaðir.

### Matsferill Miðstöðvar og skólaþjónustu

Urriðaholtsskóli tók þátt í því að staðla ný matstæki Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Þetta matstæki kemur til með að koma í stað samræmdra prófa. Matstækið hefur fengið nafnið Matsferill og er ætlað að auðvelda starfsfólki skóla að koma auga á þau börn sem eru í áhættu vegna framvindu í námi og þroska. Matsferill mun innihalda stöðu- og framvindupróf, skimunarpróf, greinandi próf og verkfærakistu (m.a. gátlista og matsramma). Markmiðið með stöðu- og framvinduprófunum er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemenda, hvar áskoranir og styrkleikar liggja. Prófin eru stöðluð en það þýðir að form þeirra, efnisinnihald, matsreglur og reglur um fyrirlögn þeirra eru fyrir fram ákveðin. Prófunum fylgja aldursbundin viðmið um framvindu og því hægt að bera saman niðurstöður hvers nemanda, bekkjar eða skóla saman við landsmeðaltal. Nota á niðurstöðurnar við skipulagningu kennslu og mat á árangri í þágu nemenda. Stöðu- og framvinduprófin verða lögð fyrir rafrænt einu sinni á ári, að vori í 4. – 10. bekk. (mögulega 3. bekk síðar), Líklegt er að þau verði skylda í 4., 6. og 9. bekk. Áhersla verður á fyrirlögn jafnt og þétt.

Nú í mars voru próf í stærðfræði og lesskilningi lögð fyrir nemendur í 21 skóla á landinu og þar á meðal í Urriðaholtsskóla. Prófin voru lögð fyrir í 4.-10. Bekk og tóku öll börn í Urriðaholtsskóla prófið.

Niðurstöður prófsins bárust skólanum í maí og verða nýttar til þess að styrkja nemendur í sinni námsframvindu á komandi skólaári. Ekki er hægt að birta niðurstöður í þessari skýrslu þar sem þær eru hluti af þeim gögnum sem nýttar eru til að staðla matstækið. Stjórnendur eru aftur á móti ánægðir með þessa fyrstu reynslu af matstækinu og telja að það gefi góða mynd af stöðu nemenda og gefi nákvæmari gögn en áður hafa verið aðgengileg fyrir starfsfólk grunnskóla.

### Foreldrakönnun Skólapúl síns – Leikskólastig

Foreldrakönnun Skólapúl síns er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er send til foreldra alla barna á leikskólastigi. Í þeim tilvikum þar sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðillinn fær könnunina senda fyrst. Ef svör berast ekki er könnunin send á hitt foreldrið. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl. Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum leikskóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega

ekki almennt viðhorf foreldra í leikskólanum. Ef svarhlutfall er undir 60% eru niðurstöður ekki birtar. Svarhlutfall í Urriðaholtsskóla var 81,7%.

Farið verður yfir þá þætti sérstaklega sem skólinn sker sig úr með og í lok kaflans er farið yfir þær úrbætur sem þegar hefur verið ráðist í og áætlun um enn frekari úrbætur á næsta skólaári.

### 1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting ↓	Landið	N	Mismunur
1.5. Holt mataræði	76,2%	77/101	-14,0%	89,6%	2952/3289	-13,4%*
1.4. Sérþarfir í mataræði	10,3%	11/107	-3,1%	13,0%	452/3476	-2,7%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	92,5%	98/106	-1,0%	94,0%	3189/3383	-1,5%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	91,4%	64/70	-0,2%	95,7%	1997/2084	-4,3%*
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	92,8%	103/111	3,9%	90,5%	3135/3464	2,3%
1.1. Ánægja með leikskólann	90,4%	94/104	5,8%	92,6%	3057/3294	-2,2%

Ánægja minnkaði frá síðustu mælingu vorið 2023 eins slíkt hið sama gerðist einnig þegar leikskólastig stækkaði mikið eins og þetta skólaári. Sem dæmi svara nú fleiri að þau séu yfirleitt glöð frekar en oft glöð með matsþætti. Stjórnendur og starfsfólk er sammála um að eiga inni að ná þessum tölum til baka og bæta. Höfum ekki stjórn á matnum en annað getum við haft stjórn á.

### 2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	82,4%	42/51	7,7%	88,7%	1933/2169	-6,3%
2.2. Aðstaða	88,8%	71/80	5,3%	91,6%	2527/2753	-2,8%
2.3. Félagsleg samskipti	91,1%	72/79	-0,2%	95,4%	2550/2670	-4,3%*
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	48	4,0%	96,8%	2149/2221	3,2%

Það sama á við um námsumhverfi og hér ber að skoða sérstaklega lið 2.3 Félagsleg samskipti, þar eru fleiri foreldrar í Urriðaholtsskóla að svara frekar ánægð í stað mjög ánægð í liðum eins og hvort barnið fái leiðsögn í leikskólanum í félagslegum aðstæðum. Ánægju vekur að liður 2.4, þátttaka án aðgreiningar er að auka við sig frá síðustu mælingu.

### 3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	74,7%	59/79	11,2%	78,0%	2219/2836	-3,3%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	71,7%	71/99	4,2%	79,9%	2579/3215	-8,2%*
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	85,7%	84/98	0,0%	93,4%	3054/3263	-7,7%*
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	69,7%	62/89	0,0%	78,7%	2329/2952	-9,0%*
3.5. Tímasetning viðburða	87,5%	84/96	4,2%	88,9%	2768/3112	-1,4%
3.6. Heimasiða leikskólans	65,7%	46/70	-7,9%	84,5%	2209/2595	-18,8%*
3.7. Leikskólasmáforrit	87,8%	86/98	-	87,0%	2849/3272	0,8%

Í matsþættinum samskipti við foreldra er einnig lækking frá síðustu mælingu. Þar eru áberandi þættir er lúta að upplýsingum til foreldra og óánægju með heimasíðu skólans. Starfsfólk deilir þeirra skoðun og verður fjallað um viðbrögð við þessu í úrbótaáætlun í lok kaflans.

### 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	87,8%	43/49	-	87,6%	900/1018	0,2%
4.2. Flutningur milli skólastiga	96,3%	26/27	-	95,0%	578/605	1,3%
4.3. Flutningur milli deilda	77,8%	28/36	-	90,9%	1476/1608	-13,1%*

Leikskólastig kemur töluvert betur út úr mælingum á ánægju með tímamótin sem er að hefja leikskólagöngu og að hefja grunnskólagöngu. Ánægja með að flytjast á milli deilda hefur lækkað mikið frá síðustu mælingu og slíkt hið sama gerðist þegar leikskólastig stækkaði jafn mikið og á þessu skólaári. Þegar hefur verið ráðist í úrbætur á þessu með aðlögun á milli deilda nú á vorönn.

### 5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	17,4%	16/92	4,1%	14,8%	443/3012	2,6%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	11,5%	11/96	-1,3%	9,8%	320/3257	1,7%

Á matsþættinum sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta er eingöngu leitað eftir svörum hjá foreldrum þeirra barna sem þiggja slíka þjónustu. Þar er skólinn á pari við landið hvað varðar hlutfall þeirra barna sem þiggja slíka þjónustu við skólann. Ekki er verið að spyrja um ánægju foreldra með þjónustuna.

# Urriðaholtsskóli – leikskóli, hvað finnst foreldrum heilt yfir?

## SÉRSTAKLEGA GOTT

Góður andi og metnaður fyrir starfinu  
 Aðstaðan frábær  
 Starfsfólk skilningsríkt og kærleiksríkt, alveg frábær  
 Faglegt starf  
 Frábært að geta nýtt aðstöðu með grunnskólastigi, eins og bókasafnið  
 Góð stjórnun bæði á deildum og leikskóla  
 Áhersla á útiveru frábær  
 Góð samskipti á milli foreldra

## ÞAÐ SEM MÆTTI BETUR MÆTTI FARA

Langar að vita meira um starfið og fá myndir  
 Þarf að endurskoða matinn, of mikið af aukæfnum og hafragraut /morgunkorn  
 Sér of oft starfsfólk í símanum  
 Passa að taka alltaf vel á móti öllum börnum  
 Of mikið af flæði og frjálsum tímum á sumum svæðum  
 Myndi vilja sjá meiri útikennslu  
 Þarf að fylgjast betur með á útisvæði

Í opnum svörum hafa foreldrar tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi það sem þeim finnst sérstaklega gott og það sem betur mætti fara. Stjórnendur nýta slík svör við úrbótaáætlun í vinnu með starfsfólki, námskeiðum og þjálfun starfsfólk, sjá úrbótaáætlun.

## Foreldrakönnun Skólapúlsins – Grunnskólastig

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Hægt er að taka könnunina á íslensku, pólsku og ensku. Um 10 mínútur tekur að svara könnuninni. Könnunin er gerð í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar. Í þeim tilvikum þar sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðilinn fær könnunina senda fyrst. Ef svör berast ekki frá þeim aðila sem fyrst fær könnunina senda er könnunin send á netfang næsta foreldris. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli (lágmark 60%) hefur verið náð. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnír (e. stanines). Staðalnír eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalnúkvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirloðn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Svarhlutfall í Urriðaholtsskóla var 80,2 %

### 1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,5	90	-0,1	5,1	5.536	0,4*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	97,6%	81/83	3,2%	91,0%	4539/5036	6,6%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	86,5%	77/89	-0,7%	80,7%	4315/5329	5,8%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	67,5%	56/83	-18,4%	67,1%	3366/5072	0,4%

Ánægja foreldra með skólann mælist há, sérstaklega fyrir liðina náms og kennsla og stjórnun skólans. Áhugavert er að skólinn mælist nú lægri í lið 1.4 Hæfilegur agi í skólanum frá síðustu mælingu. Nú mælast fleiri sem svara því að þeim finnst agi í skólanum vera of lítill frá síðustu mælingu. Einungis eitt foreldri svarar því að agi í skólanum sé of mikill.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,2	79	0,6	4,8	5.015	0,4*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	94,1%	80/85	-2,2%	88,5%	4625/5228	5,6%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92,1%	82/89	-2,5%	92,0%	5114/5563	0,1%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,4%	84/89	-3,4%	91,1%	5043/5543	3,3%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	85,2%	75/88	0,6%	90,1%	4965/5503	-4,9%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	9,4%	8/85	-1,2%	9,0%	490/5398	0,4%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	69,2%	9/13	-	85,3%	823/953	-16,1%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	77,8%	7/9	9,0%	57,7%	502/844	20,1%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	5/10	-2,9%	56,2%	473/833	-6,2%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	79,4%	27/34	-0,1%	77,1%	2216/2892	2,3%
2.11. Meðaltímabil eineltis	0,8	13	0,0	1,5	949	-0,7*
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	13	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	55,8%	48/86	-	44,5%	2487/5357	11,3%*

Skólinn mælist nú hærra og marktækt yfir landsmeðaltali með ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur sem er ánægjulegt. Það er gleðilegt að bæði hefur dregið verulega úr tilfellum eineltis en sú tala lækkaði um 16,1 % á milli mælinga. Þá hefur ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála einnig hækkað um 20%. Foreldrar virðast almennt glaðir með hvernig unnið er úr eineltismálum og skólinn mælist marktækt yfir landinu hvað varðar þá tímalengd sem tekin er í úrvinnslu mála. Tíminn hefur jafnframt styðst frá síðustu mælingu á meðan meðaltal landsins hefur hækkað á milli mælinga. Mikilvægt er að hér komi fram að í fyrsta sinn í vetur var unnið eftir nýrri Samskiptaáætlun Garðabæjar. Þessar tölur breyta því ekki að einelti mælist í skólanum og verða þessi gögn notuð til að bregðast enn frekar við því.

### 3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,1	86	2,2	5,6	5.321	0,5*
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu	5,7	72	-0,3	5,2	3.361	0,5*
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	87,2%	75/86	18,1%	66,6%	3557/5285	20,6%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	9	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	57,5%	46/80	-17,9%	72,7%	3753/5045	-15,2%*
3.6. Notkun á mat í skólanum	96,5%	83/86	1,1%	96,3%	5239/5418	0,2%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	-	-	-	-	-	-

Almennt mælist skólinn með mikla ánægju hvað varðar aðstöðu í skólanum og er marktækt yfir í þremur fyrstu liðunum. Skólinn er aftur marktækt undir landinu hvað varðar ánægju með mat og einungis 57,5% foreldra mælast ánægðir með matinn. Útboði lauk nú í vor og gert er ráð fyrir að nýr aðili taki við á haustdögum.

### 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,7	84	0,0	4,7	5.134	0,0
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	69,0%	49/71	2,3%	55,3%	2419/4265	13,7%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	70,8%	34/48	-0,9%	66,1%	2374/3542	4,7%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	74,4%	61/82	-16,0%	93,3%	4814/5154	-18,9%*
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	83	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	52,2%	36/69	1,5%	53,6%	2414/4521	-1,4%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	92,1%	58/63	3,5%	87,4%	3486/4016	4,7%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	68,8%	53/77	-1,6%	77,4%	3870/4957	-8,6%*
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	63,6%	56/88	-1,2%	70,4%	3825/5403	-6,8%

Ánægjulegt er að sjá að niðurstöður mælast marktækt yfir landinu í lið 4.2 um hvort foreldrar telji sig hafa áhrif á ákvarðandi varðandi nemendur. Foreldrar aftur á móti er óánægðir með síðasta foreldraviðtal en þar var gerð tilraun til þess að hafa nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem nokkrir nemendur héldu viðtöl í einu og kennari labbaði á milli. Mikilvægt er að bregðast við þessu, annars vegar með því að upplýsa vel um námsframvindu áður en nemendastýrð viðtöl eiga sér stað þar sem þau eru annars eðlis en kennarastýrð viðtöl. Foreldrar eru afar óánægðir með heimasíðu skólans, meira verður fjallað um það í úrbótaáætlun í lok kaflans.

## 5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,4	82	0,0	4,9	5.303	0,5*
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,8	83	-0,1	4,5	5.284	0,3
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	72,0%	59/82	-7,3%	73,3%	3750/5088	-1,3%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	64,6%	53/82	3,2%	55,1%	2762/5052	9,5%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	92,5%	62/67	3,1%	76,9%	3136/4189	15,6%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	6,0%	4/67	1,5%	13,6%	609/4189	-7,6%*

Niðurstöður matsþáttar 5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna mælist marktækt yfir landinu eins og í síðust mælingu. Það sama á við um þátt 5.4 tími sem foreldrar aðstoða við heimanám þar sem skólinn er marktækt yfir landinu. Skólinn mælist eins og áður marktækt undir mælingum á væntingum foreldra til háskólanáms og marktækt undir í væntingum foreldra um iðnnám. Starfsfólk er meðvitað um þetta og mikilvægi þess að kynna iðnnám vel fyrir nemendum skólans til þess að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun í námsvali að loknum grunnskóla.

## Lýstu því sem þér finnst....

### SÉRSTAKLEGA GOTT

Samskipti eru fagleg  
Góður og jákvæður andi  
Frábært starfsfólk  
Föstudagspóstar mikilvægir  
Frábærar áherslur í kennslu  
Virðing í samskiptum  
Stefna skólans frábær  
Kennsla til fyrirmyndar

### AÐ BETUR MÆTTI FARA

Endurskoða foreldraviðtöl  
Meiri upplýsingar um námsframvindu  
Framkvæmdir á 3. áfanga mættu ganga betur  
Hræðileg heimsíða  
Meiri aga  
Endurskoða matinn  
Meiri samskipti við kennara  
Vera vakandi fyrir gleymdu börnunum

Í opnum svörum og greiningum á gögnum kom ofangreint fram sem nýtt verður til að hvetja starfsfólk til áframhaldandi góðra verka sem og við úrbætur næstu tvö skólaár, sjá úrbótaáætlun í lok kaflans.

### Nemendakönnun Skólapúl síns 2.-5. bekkur haust 2024

Nemendakönnun í 2.-5. bekk fer fram í október á hverju ári. Október er valinn svo unnt sé að vinna með niðurstöðurnar innan sama skólaárs og mælingin á sér stað. Könnunin mælir ánægju af lestri, ánægju af skólanum og vellíðan í skólanum. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnír (e. stanines). Staðalnír eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalnúkvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Fjöldi þátttakenda í Urriðaholtsskóla haustið 2024 var 183 og var svarhlutfall 91,5%

## 1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	4,4	56	-1,2	5,0	1.220	-0,6*
1.2. Ánægja af lestri 3.b	5,3	44	1,0	5,2	1.201	0,1
1.3. Ánægja af lestri 4.b	4,0	35	-0,7	4,7	1.204	-0,7*
1.4. Ánægja af lestri 5.b	4,8	34	0,1	4,5	1.295	0,3
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,7	169	-0,3	4,8	4.932	-0,1

Ánægja af lestri er matsþáttur sem samanstendur af fimm spurningum sem ná til lesturs heima og í skólanum. Þrátt fyrir að ánægja af lestri dali heilt yfir þá eru þó 70-80 % nemenda sem svara frekar til mjög skemmtileg af lestri í öllum spurningum þessa þáttar. Áberandi er 5b. þar er ánægjan í vexti síðustu ár en í 3b. hefur ánægjan aukist heilmikið frá því í síðustu könnun og á það við bæði hjá drengjum og stúlkum. En í þessu samhengi er líka vert að vekja athygli á að endurnýjun á lestrarrefni fyrir þennan hóp hefur sárlega vantað. Heilt yfir hafa stúlkur í Urriðaholtsskóla meiri ánægju af lestri en drengirnir. Þrátt fyrir þessa þróun þá erum á pari við landið miðað við litla skóla með 320 nem eða færri.

## 2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	4,7	56	-0,9	5,3	1.219	-0,6*
2.2. Ánægja með skólann 3.b	5,3	44	0,4	5,3	1.200	0,0
2.3. Ánægja með skólann 4.b	4,6	35	0,0	5,0	1.207	-0,4
2.4. Ánægja með skólann 5.b	4,9	34	-1,0	4,8	1.295	0,1
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	4,9	169	-0,4	5,1	4.933	-0,2

Ánægja með skólann er matsþáttur sem samanstendur af fjórum spurningum sem ná m.a. til hversu gaman og spennandi nemendur telja skólastarfið vera. Heilt yfir þá hefur ánægjan með skólann dalað og er erfitt að lesa út úr matsþáttunum hvað það er helst sem veldur. Í 2. bekk er það drengirnir sem eru óánægðari með skólann heldur en stúlkurnar. Öfugt við 3. bekk þar eru drengirnir ánægðari en stúlkurnar. En yfir heildina þá er ekki munur á milli kynja. Við föllum örlítið undir landsmeðaltali.

## 3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 2.b	5,0	56	-0,4	5,3	1.218	-0,3
3.2. Vellíðan í skólanum 3.b	5,5	44	0,3	5,5	1.204	0,0
3.3. Vellíðan í skólanum 4.b	4,6	35	-0,5	4,9	1.200	-0,3
3.4. Vellíðan í skólanum 5.b	5,0	34	-1,5	4,7	1.295	0,3
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	5,0	169	-0,4	5,1	4.929	-0,1

Matsþátturinn vellíðan í skóla samanstendur af fjórum spurningum sem ná m.a. til þess hversu hamingjusöm og örugg nemendur telja sig vera í skólanum. Þrátt fyrir að vellíðan í skólanum miðað við landið hafi dala örlítið frá fyrra ári, þá telja yfir 50% nemenda sig hamingjusama, örugga og að það

sé hugsað vel um þá í skólanum. Spurningin um hvort þeim finnst starfsfólk skólans vera sanngjarnt, þá voru 45% nemendanna sem taldi starfsfólkið bara stundum vera sanngjarnt.

#### 4. Ánægja með matinn í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með matinn í skólanum	70,2%	118/168	-11,9%	80,9%	3951/4875	-10,7%*

Ánægja með matinn í skólanum hefur dalað marktækt frá fyrra ári en 70 % nemenda í 2.-5. bekk telja matinn í skólanum góðan eða mjög góðan. Drengirnir er ánægðari eða 82% drengja en aðeins 56% stúlkna álíta matinn góðan.

#### Nemendakönnun Skólapúlsins 6.-10. Bekkur

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfráviknið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Fjöldi þátttakenda í skólanum var 85 og svarhlutfall var 90,4%.

##### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	76	0,4	4,2	19.656	0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	82	0,3	4,5	19.793	0,4*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,8	83	0,4	4,5	20.045	0,3
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,2	83	0,5	4,3	19.985	0,9*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,8	82	0,6	4,4	19.737	0,4*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,7	82	0,6	4,8	19.976	0,9*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	75,3%	61/81	1,0%	78,9%	15071/19452	-3,6%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,1 klst.	61	0,0 klst.	0,5 klst.	15.018	-0,4 klst.*

Í matsþættinum virkni nemenda í skólanum er skólinn marktækt yfir landinu í flestum liðum.

Ánægjulegt er að sjá að liðirnir þrautseigja í námi, trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi komi svona vel út þar sem rannsóknir á kennsluáðferðunum sem notaðar eru í skólanum hafa einmitt sýnt að aðferðirnar efli trú nemenda á eigin getu.

## 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,6	82	0,1	4,4	19.654	0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	82	0,2	4,3	19.581	0,2
2.3. Vellíðan	4,7	82	0,4	4,4	19.824	0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	26	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,8	82	-0,4	5,7	19.768	0,1
2.6. Tíðni eineltis	17,5%	14/80	-2,1%	15,8%	3177/19680	1,7%
2.7. Staðir eineltis	-	14	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	88,6%	70/79	24,1%	89,2%	17614/19669	-0,6%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	22,4%	17/76	-2,3%	40,7%	7614/18591	-18,3%*
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	3	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	62	-	-	-	-

Þegar niðurstöður fyrir líðan og heilsu eru skoðaðar eru nemendur almennt með gott sjálfsálit, líður vel og upplifa stjórn á eigin lífi. Niðurstöður eineltis hafa farið töluvert niður á milli ára, eða um 0,4% sem er ánægjulegt. Áfram hefur verið unnið markvisst með samskipti í vetur í öllum árgöngum og mun sú vinna eflast enn frekar næstkomandi skólaár með tilkomu nýs samskiptasáttmála.

## 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	81	0,1	4,8	19.453	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,3	81	0,2	4,8	19.648	0,5*
3.3. Agi í tímum	5,1	81	0,2	4,8	19.629	0,3
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	81	-0,2	4,8	19.500	0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,5	81	-0,3	4,8	19.529	-0,3

Í matsþættinum sker skólinn sig úr í sambandi nemenda við kennara sem stemmir við upplifun kennara og stjórnenda. Nemendum finnst almennt góður agi í tímum og finnst þeir taka virkan þátt. Athygli vekur að nemendum finnst kennarar ekki nógu duglegir við að upplýsa sig um stöðu sína í námi og kalla eftir frekari leiðsagnarmati sem unnið verður með í samvinnu við kennara næsta vetur. Að öðru leiti er skólinn á pari við landið.

## Íslenska æskulýðsrannsóknin

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra: (1) menntun, (2) lífsgæðum og félagslegri stöðu, (3) heilsu og vellíðan, (4) öryggi og vernd og (5) þátttöku í íþrótt-, tómstunda- og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.

Rannsóknargögnin eru nýtt við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna og ákvörðunum um hvaða þjónusta þurfi að standa börnum til boða á hverjum tíma.

Skipting svarenda eftir bekk

Bekkur	Urriðaholtsskóli
4. bekk	37
5. bekk	32
6. bekk	29
7. bekk	14
8. bekk	13
9. bekk	18

Könnunin var lögð fyrir í 4.-10. bekk. Hún var tekin í apríl 2025.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru jákvæðar og er yfir 80%

nemenda í 4.-5. bekk sem leggja sig fram í námi finnst gaman og

skemmtilegt að lesa í skólanum, þeim líður einnig vel í

frímínútum. Yfir helmingi telja sig getað leitað til fullorðins í

skólanum. En þau eru rúmlega 40% sem upplifa oft truflandi hávaða í kennslustundum. Það að leggja

sig fram í náminu telja 84% nemenda mikilvægt. Þegar spurt er um lestur í frítíma eru 78% sem

þykja það skemmtilegra og 65% nemenda finnst skemmtilegt að lesa í skólanum. Prósentutalan er

lægri en árið áður og er vert að skoða það nánar hvað veldur. Meirihlutnum finnst gaman í

skólanum og stendur það í stað frá árinu áður. Hlutfall nemenda sem líður vel í kennslustundum

lækkar um 10% milli ára en þrátt fyrir það er fjöldinn yfir 80%. Þreyta í skólanum er að aukast frá

fyrri árum og svara 18% að þau séu þreytt í skólanum þar af eru helmingi fleiri drengir en stúlkur.

Þessar niðurstöður eru ánægjulegar en þörf er að skoða það sérstaklega hvers vegna nemendum sem

líður vel í kennslustundum fækkar, hvernig er hægt að sporna betur við að nemendur upplifi hávaða í

kennslustundum og hvers vegna þeim finnst ekki jafn gaman að lesa í skólanum og áður.

### Starfsþróunarsamtöl og líðan starfsmanna

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn, stjórnendur, deildarstjórar á grunnskólastigi og þeir sem fóru

með önnur mannaforráð tóku samtölin, meira en 98% starfsmanna fóru í samtal. Niðurstöður

samtalanna benda til jákvæðrar upplifunar starfsfólks af starfi sínu í Urriðaholtsskóla og starfsumhverfi

óháð skólastigi og verkefnum. Almenn er góð líðan meðal starfsfólks, það finnur fyrir stuðningi sínum á

milli sem og við stjórnendur skólans í starfi. Það er ánægja með stuðning sem veittur er í tengslum við

börn með sértækan stuðning, sem og með jákvæð samskipti innan teymis og almennt í

starfsmannahópnum.

Þá hefur samstarf aukist og orðið markvissara á milli skólastiga og starfsfólk farið að finna fyrir meiri

festu í þeirri vinnu. Þetta stuðlar að enn frekri samfellu í starfi og um leið betri þjónustu til nemenda

og forráðamanna þeirra.

Þrátt fyrir almenna ánægju kom fram að álag hafi verið nokkuð, sérstaklega á leikskólastigi í upphafi

vegna fjölgunar á leikskólastigi og innritunar á yngri börnum en verið hefur. Á sama tíma og

leikskólabörn voru að hefja aðlögun var nýtt starfsfólk að mæta til starfa við skólann og fá þjálfun, þá

tók nokkurn tíma að full manna leikskólastig og frístund skólans. Þessar aðstæður juku á álag en

starfsfólk lagðist á eitt um að láta hlutina ganga upp og mætti þessum áskorunum með samstilltu átaki

og seiglu sem við erum stolt af.

Þá var farið yfir starfsþróun og væntingar fólks til endurmenntunar og fræðslu skólasamfélagsins.

Ánægjulegt að flestir munu halda áfram að starfa við Urriðaholtsskóla, nokkrir eru þó að fara í

háskólanám og í fæðingarorlof en einnig hafa nokkrir ákveðið að færa sig um set.

### Úttekt á kennslu og líðan nemenda

#### Leikskólastig:

Á leikskólastigi voru teknar upp auknar skráningar á námsferli nemenda, þar sem leikir og verkefni

voru skráð til að sýna fram á nám þeirra. Þá voru gerðir tengslahringir fyrir hvert barn, til að kanna

tengsl þeirra við samnemendur og starfsfólk og unnið í styrkingu þar sem á þurfti að halda.

Foreldrasamtöl voru tvisvar á árinu og í kringum þær voru skráningar á stöðu barna, bæði út frá þroska, líðan og námi.

### Grunnskólastig:

Ekki voru framkvæmdar meðferðatryggðamælingar á stýrðri kennslu þetta skólaárið nema að litlu leiti og hjá fáum kennurum. Hins vegar var innleiddur matsrammi fyrir bekkjarstjórn og skipulag kennslusvæðis og mun sú innleiðing halda áfram næsta skólaár og koma fyrir í innra mati þess skólaárs. Þá voru framkvæmdar tengslakannanir í öllum árgöngum grunnskólastigs tvisvar yfir skólaárið og oftast ef þörf var á til að greina hvaða nemendur gæru mögulega staðið höllum fæti félagslega og unnið í framhaldi með þau gögn.

### Samantekt og úrbótaáætlun næsta skólaárs

Almennt gefa framangreindar niðurstöður jákvæða sýn á skólustarf Urriðaholtsskóla, sýna þó að ákveðnir vaxtaverkir eru enn til staðar á leikskólastigi en meira jafnvægi komið á hjá starfsfólki grunnskólastigs, enda er hlutfall fagmenntaðra starfsmanna hærra. Það breytir því ekki að starfsfólk er metnaðarfullt á báðum skólastigum og vill gera ennþá betur, hér að neðan er listi yfir þau atriði sem unnið verður að næsta skólaár. Tímalína og ábyrgðaraðilar verða síðan birtir í starfsáætlun næsta skólaárs.

Úrbótaáætlun var unnin samhliða úrvinnslu niðurstaðna úr því mati sem framkvæmt var. Helstu niðurstöður framangreinds mats eru:

#### Úrbætur á leikskólastigi

- Á leikskólastigi verður farið í úrbætur varðandi að umræður fagfunda komi sterkar inn í daglega umræðu inni á öllum deildum þannig leiðbeinendur séu líka þátttakendur í fagsamtali. Skoðað verður hvort hægt sé að setja upp fleiri vinnuhópa til að auka þátttöku leiðbeinenda í fagsamtali.
- Við upphaf skólaárs 2024-2025 verður farið yfir með öllu starfsfólki leikskólastigs hver markmiðin eru í starfi með börnum sem þurfa aukinn stuðning, þ.e. að þau geti verið með félögum sínum og tekið þátt í deildarstarfi. Einnig verður farið yfir ferlið í kringum það að fá aukinn stuðning til að auka skilning á ferlinu.
- Aukin athygli verður vakin á auglýsingum um námskeið fyrir ófaglærða á leikskólastigi.
- Farið verður í skoðun á hvernig hægt er að auka foreldrasamstarf á leikskólastigi og það borið undir skólaráð/foreldrafélag.
- Farið var í að skipta útisvæði upp á deildar til að tryggja að ekkert svæði væri eftirlitslaust. Hver deild fékk tvö svæði til að fylgjast með sem rúllar svo milli vikna. Einnig eru starfsmenn með það hlutverk að ganga um garðinn og fylgjast með og aðstoða á öllum svæðum. Settar voru upp væntingar á hverju svæði svo starfsfólk viti til hvers er ætlast á hverjum stað. Mikilvægt er að fylgja þessu skipulagi eftir og fara yfir á hverju hausti, ásamt því sem staðan er tekin á því á fundum yfir árið.
- Á leikskólastigi var lögð enn meiri áhersla á að hafa starfsmenn sýnilega við móttöku barna á morgnanna en það er hluti af væntingum til starfsfólks í væntingabók skólans.
- Í kjölfar niðurstaðna úr foreldrakönnun var farið í vinnu með að skerpa á ramma og línunum hjá elstu börnum, þar sem flæði milli svæða var orðið of mikið sem hafði í för með sér óreiðu í barnahópnum. Svæða skipting var skýrari og hlutverk hvers starfsmanns var skýrt ásamt því að hver starfsmaður bar ábyrgð á ákveðnu svæði. Þetta gaf góða raun og eru deildarstjórar í sífelldri vinnu við að fínþússa þetta skipulag til að gera enn betur.

## Úrbætur á grunnskólastigi

- Lesfimi MMS – Veturinn 2024-2025 verður textafimi með markmiðum og hröðunarkortum innleidd í öllum árgöngum. Sú innleiðing heldur áfram næstu tvö árin.
- Matsferill MMS – Unnið úr niðurstöðum matsferils sem lagður var fyrir á líðandi skólaári. Niðurstöður nemenda nýtt til að taka ákvarðanir varðandi færnimiðaða hópa og þær íhlutanir sem settar verða inn í öllum hópum.
- Haldið áfram með innleiðingu á Morningside módelinu með áherslu á endursögn á athöfn og endursögn á texta með tilliti til lesskilnings.
- Gert er ráð fyrir námskeiði fyrir grunnskólakennara í leiðsagnarnámi til að vinna að því að nemendur fái betri yfirsýn yfir námsframvindu sína í kennslustundum.
- Gert er ráð fyrir námskeiði fyrir grunnskólakennara í teymiskennslu til að viðhalda góðum niðurstöðum á starfsmannakönnunar vorið 2024.
- Innleiðing á matsramma fyrir námsmat í Urriðaholtsskóla. Tilgangur að gera nemendur og foreldra betur meðvitaða um námslega stöðu og markmiðasetningu um námsframvindu.
- Nemendastýrð foreldraviðtöl – Áhersla á að upplýsa um námsframvindu verður aukin verulega á næsta skólaári. Ekki síst þegar nemendastýrð viðtöl eiga sér stað til þess að foreldrar upplifi sig nægilega upplýsta um framvindu.
- Búið er að skipuleggja nefnd innan Garðabæjar sem hefur það að markmiði setja upp nýjar heimasíður fyrir stofnanir innan Garðabæjar. Urriðaholtsskóli mun þar ryðja brautina og stefnt er að því að ný heimasíða líti dagsins ljós á næsta skólaári. Fulltrúi skólans í nefndinni er Þorgerður Anna skólastjóri.
- Einelti –
  - Tengslakönnun í öllum árgöngum í október og mars ár hvert.
  - Boðað til funda með foreldrum nemenda sem oft eru nefnd sem neikvæðir leiðtogar í tengslakönnunum og leitað leiða til að styðja við félagsfærni.
  - Þrýst á vestanotkun/endurskinsfatnað starfsfólks enn frekar.
  - Búið að kaupa viðbót af útifatnaði starf starfsfólks í bjartari litum.
  - Áfram brugðist við öllum málum sem upp koma og rætt við viðkomandi börn og foreldra þeirra þegar við á.
  - Áhersla áfram á að nota KVAN, ART, PEERS og Blæ til að kenna félagsfærni
  - Verið að skoða námsefni og áherslur tengda samkennd gagnvart náunganum fyrir næsta vetur.
  - Í haust var einnig haldinn fundur með öllu starfsfólki á grunnskólastigi, frístund og félagsmiðstöð þar sem farið var yfir hvert einasta barn og hvort einhver fullorðinn í skólanum tengdist viðkomandi barni, munum hefja haustið aftur á þeirri vinnu en þetta gafst vel á síðasta skólaári.
- Lestur á grunnskólastigi – Lestur kennara aukin verulega, lögð áhersla á að lesið sé fyrir börn nesti og við sem flest tækifæri, unnið með orðaforða og hlustunarskilning. Rithöfundar kynntir og unnið meira með bókmenntir heildstætt í skólastarfi. Lögð áhersla á að unnið sé með orðaforða markvist, til dæmis með því að teikna orðin á bak við áður en nemendur kunna að skrifa og skrifa síðan orðin þegar sú færni er komin.
- Leggja áherslu á námsáætlun foreldris og barns í markmiðasamtölum í ágúst (t.d. markmið um heimanám (þ.m.t heimalestur) eða námsárangur)

## Úrbætur á báðum skólastigum

- Unnið verður að endurskoðun viðbragðsáætlunar starfsmanna um kynferðislega áreitni og ofbeldi á komandi skólaári.

- Nýr samskiptasáttmáli Garðarbæjar var innleiddur þetta skólaár, fræðsla um hann og innleiðing á honum heldur áfram næstu skólaár.
- Áframhaldandi vinna við að styðja við jákvæð samskipti og hvernig á að vera í góðu og þéttu samstarfi meðal starfsfólks. Áfram unnið með væntingar til starfsfólks og námskeið í væntingarbók halda áfram fyrir nýja starfsmenn.
- Gert er ráð fyrir að hefja endurskoðun skólanámskrár Urriðaholtsskóla skólaárið 2025-2026
- Farið var í að skipta útisvæði upp á deildar til að tryggja að ekkert svæði væri eftirlitslaust. Hver deild fékk tvö svæði til að fylgjast með sem rúllar svo milli vikna. Einnig eru starfsmenn með það hlutverk að ganga um garðinn og fylgjast með og aðstoða á öllum svæðum. Settar voru upp væntingar á hverju svæði svo starfsfólk viti til hvers er ætlast á hverjum stað. Mikilvægt er að fylgja þessu skipulagi eftir og fara yfir á hverju hausti, ásamt því sem imprað er á því á fundum yfir árið.
- Á leikskólastigi lögð var enn meiri áhersla á að hafa starfsmenn sýnilega við móttöku barna á morgnanna og er það einnig hluti af væntingum til starfsfólks.
- Í kjölfar niðurstaðna úr foreldrakönnun var farið í vinnu með að skerpa á ramma og línunum hjá elstu börnum, þar sem flæði milli svæða var orðið of mikið sem hafði í för með sér óreiðu í barnahópnum. Svæða skipting var skýrari og hlutverk hvers starfsmanns var skýrt ásamt því að hver starfsmaður bar ábyrgð á ákveðnu svæði. Þetta bar góða raun og eru deildarstjórar í sífelldri vinnu við að fínþússa þetta skipulag til að gera enn betur.

## Upplýsingar fyrir skólanefnd Garðabæjar

### Móðurmál nemenda á grunnskólastigi í Urriðaholtsskóla

Hér að neðan má sjá töflu yfir fjölda nemenda í hverjum árgangi og móðurmál þeirra á líðandi skólaári

Árgangur	Fjöldi
<b>1. bekkur - 2018</b>	<b>72</b>
Enska	1
Íslenska	65
Litháíska	2
Pólska	2
Spænska	1
Úkraínska	1
<b>2. bekkur - 2017</b>	<b>59</b>
Íslenska	57
Pólska	2
<b>3. bekkur - 2016</b>	<b>58</b>
Arabíska	1
Íslenska	51
Kínverska	1
Litháíska	1
Úkraínska	4
<b>4. bekkur - 2015</b>	<b>42</b>
Íslenska	41
Úkraínska	1
<b>5. bekkur - 2014</b>	<b>40</b>
Íslenska	35
Lettneska	1
Spænska	1
Úkraínska	3
<b>6. bekkur - 2013</b>	<b>33</b>
Arabíska	2
Íslenska	27
Lettneska	1
Litháíska	1
Spænska	1
Úkraínska	1
<b>7. bekkur - 2012</b>	<b>20</b>
Íslenska	20
<b>8. bekkur - 2011</b>	<b>14</b>
Arabíska	2
Íslenska	9
Pólska	1
Spænska	2
<b>9. bekkur - 2010</b>	<b>19</b>
Íslenska	18
Úkraínska	1
<b>10. bekkur - 2009</b>	<b>3</b>
Íslenska	1
Pólska	2
<b>Samtals</b>	<b>360</b>

### ÍSAT kennsla

Tveir sérkennarar sáu um kennslu ÍSAT nemenda og skiptu stígunum á milli sín. ÍSAT nemendur á yngsta stigi fengu 7,5 kennslustundir í íslenskukennslu á viku auk þess fengu nemendur á forstígi 2 kennslustundir með ísat kennara. Nemendur á mið og unglíngastígi fengu 6,5 íslensku kennslu auk aðstoðar ísat kennara inn í kennslustofum.

Í töflu má sjá fjölda nemanda á hverju stigi á þremur aldursbilum samkvæmt flokkun aðalnámskrá.

	6-8 ára	8-12 ára	12-16 ára
<b>Forstig</b>	0	3	0
<b>1 stig</b>	0	4	2
<b>2 stig</b>	0	3	1
<b>3 stig</b>	0	5	0
	0	15	3

### ÍSAT á yngsta stigi:

Þrír ÍSAT nemendur voru á yngsta stigi og eru þeir að byggja grunnfærni sína í íslensku. Nemendur voru einir eða í litlum hópum með sérkennara. Unnið var með í grunnorðaförða íslenskunnar. Megin áhersla var á fjölbreytt verkefni sem reyndu á skilning (hlustun og lestur) og tjáningu (talmáli og ritun) sem tengjast daglegu lífi nemenda bæði sem notaður er heima fyrir og í skólanum. Einstaka sinnum var notað gagnvirkt efni í Ipad eða tölvum.

### ÍSAT á miðstigi

Allir ÍSAT nemendur á miðstigi eru komnir með grunn í íslensku og því fólst kennslan þar aðallega í því að fara inn í tímana sem nemendurnir voru í hverju sinni og hjálpa þeim að taka þátt í þeirri vinnu og þeim verkefnum sem hópurinn var í. Markmiðið með þessari aðferð er að fá nemendur til að vera hluti af heildinni, ekki sitja fyrir utan hana. Því meira sem nemendur taka þátt í skólastarfinu því meira æfast þeir í að nota íslensku því auðveldar er að taka þátt í skóla samfélaginu og því meira æfast nemendur í því að nota íslenskuna. Einnig gáfust tækifæri til þess að brýna fyrir nemendum með íslensku sem móðurmál að nota íslensku í samskiptum og ef enska var notuð að segja þá það sama á íslensku til að hjálpa samnemendum sínum að ná betra valdi á tungumálinu. Ef hægt er að hjálpa nemendum að komast inn í og taka þátt í almennu skólastarfi þá verður íslensku kennslan og æfing nemenda mun meiri en hægt er að gera í íslensku eða ÍSAT tímum einum og sér. Ef nemandinn upplifir sig sem hluta af skólasamfélaginu frekar en að finnast þeir vera í heimsókn í stuttan tíma þá aukast líkurnar á því að nemendurnir vilji taka frekari þátt í íslensku samfélagi þegar grunnskólagöngu líkur.

Til að leggja mat á færni nemenda var notast við leiðsagnarmat. Reglulega var skoðað hvort að nemendur hefðu tileinkað sér námsefnið, bæði munnlega og skriflega samkvæmt hæfnirömmum Aðalnámskrár grunnskóla. Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli.

### ÍSAT á unglingastigi

Áherslan á þessu skólaári var að auka orðaförða, fá nemendur til þess að nota íslensku kunnáttu sína í töluðu máli og æfa lestur með textafimi æfingum, sem er raunprófuð aðferð í lestrarþjálfun frá Morningside Academy í Seattle. Unnið var eftir viðmiðum í aðalnámsskrá, samevrópska tungumálarammanum og úrvinnslukenningu Manfred Pienemann. Með einföldun má segja að kennslan hafi snúist um það að auka orðaförða, kenna heilar réttar setningar og koma upp nægri færni hjá nemendum til að tala og nota tungumálið þó að þeir hafi ekki alltaf farið með málið rétt. Æfingin skapar jú meistarann og betra er að fá nemendur til að nota málið og kenna svo síðar rétta málfræði. Til að auka fjölbreytni í kennslu á orðaförða þá var notast við eins mikið af mismunandi aðferðum og hægt var. Þar á meðal vinnublöð og hefti (búin til af kennara og sótt á ýmsar íslenskar vefsíður), bókinn Orð eru Ævintýri, Wordwall, Kahoot, Blooket, sem og áhugaverð myndbönd þar sem ekki er talað mál.

Vinsælast af þessum myndböndum var Simon's Cat sem nýtist mjög vel til að kenna orð yfir svipbrigði og tilfinningar sem og orð yfir hluti sem almennt finnast í daglegu lífi. Einnig er stíllinn á myndböndunum einfaldur og því ekki mikið af hlutum í hverjum ramma til að flækja kennsluna. Ekki skemmir fyrir að myndböndin eru skammtileg. Einnig voru notaðar teiknaðar stuttmyndir sem unnið hafa til verðlauna. Öll myndböndin voru framleidd án tals sem gefur bæði kennara og nemendum tækifæri á að nota sín eigin orð til að ræða það sem horft var á. Nemendur lærðu einnig um margræð orð, sem eru orð sem skrifuð eru eins en hafa mismunandi merkingu eftir samhengi.

Nemendur fengu nokkur verkefni yfir skólaárið, eitt var að búa til kynningar um eitthvað sem þeir höfðu áhuga á og annað að horfa á þættina Móðurmál á RÚV og gera handrit fyrir svipaðan þátt fyrir sig. Þessi verkefni gáfu nemendum tækifæri á að æfa sig að hlusta á, lesa og tala íslensku, ásamt því að læra orðaforða sem tengist áhugamálum þeirra. Einnig má minnst á að nemendur voru allt árið spurðir spurninga í heilum setningum eins og "Hvað finnst þér skammtilegt að gera?" og urðu nemendur einnig að svara í heilum setningum "Mér finnst skammtilegt að syngja" frekar en að svara einfaldlega "syngja". Samkvæmt prófessor í íslensku við Háskóla Íslands kallast þetta hlunka lærdómur (e. chunk learning) og olli oft töluverðri endurtekningu á svörum en tilgangurinn er að leggja inn heilar og réttar setningar til að auka orðaforða og færni nemenda til að nota og beita heilum setningum.

## Mætingar

### Próun mætinga síðastliðin 5 ár

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir ástundun nemenda sl. 5 ár.

2024-2025	Veikindi	Sein/n	Fjarvist	Leyfi
Heilir dagar	2746	0	29	1524
Kennslustundir	173	3115	1327	3521
2023-2024	Veikindi	Sein/n	Fjarvist	Leyfi
Heilir dagar	2142	0	138	1111
Kennslustundir	136	2228	842	2757
2022-2023	Veikindi	Sein/n	Fjarvist	Leyfi
Heilir dagar	1515	0	21	792
Kennslustundir	90	1600	734	2231
2021-2022	Veikindi	Sein/n	Fjarvist	Leyfi
Heilir dagar	933	0	5	429
Kennslustundir	45	1010	479	1599
2000-2021	Veikind	Sein/n	Fjarvist	Leyfi
Heilir dagar	527	0	5	250
Kennslustundir	30	631	337	892

## Ófullnægjandi skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er búið að gefa út sameiginlega stefnu varðandi ófullnægjandi skólasókn nemenda. Mánaðarlega er tekin greining á forföllum nemenda öðrum en langtímaveikindum. Þegar grunur vaknar um að nemandi eigi við skólasóknarvanda að etja skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning. Mikilvægt er að efla ástundun en fjarvera frá skóla er töluverð hjá ákveðnum nemendahópi. Lögum samkvæmt eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sæki skóla. Kennarar og skrifstofustjóri skrá skólasókn í Mentor og þar geta nemendur, foreldrar og kennarar fylgst með ástundun. Nemendum ber að mæta í allar kennslustundir og eiga frá upphafi skólagöngu að temja sér stundvísi. Fjarvistir koma á róti og á næsta skólaári verður ástundun fylgt enn frekar eftir og unnið þétt eftir viðverustefnu sveitarfélagsins til að draga úr fjarveru barna frá skóla.



## Viðbragð vegna ófullnægjandi skólasóknar

Hvernig og hvenær brugðist er við kemur skýrt fram í verkferli um ófullnægjandi skólasókn, sjá mynd hér að ofan. Allar íhlutanir umfram það sem þar kemur fram eru unnar í samstarfi við foreldra, nemanda og í einhverjum tilfellum skólaþjónustu og/eða félagsþjónustu.

## Fjöldi nemenda með skólaforðun – leiðir og árangur

Leiðir þegar átt er við skólaforðun eru mjög einstaklingsbundnar þar sem rót vandans eru mismunandi eftir nemendum. Í öllum málum eru bakrunsbreytur skoðaðar og reynt að finna ástæðu forðunar. Dæmi um íhlutanir eru fundir með nemendum og forráðamönnum, skert stundatafla tímabundið til að byggja upp getu til viðveru í skóla. Þá voru í einhverjum tilfellum settar upp aðlagðar skólaaðstæður. Þá stendur nemendum á unglíngastigi til boða að stunda atvinnutengt nám. Á liðnu skólaári bauðst tveimur nemendum slíkt nám sem annar lauk með góðum árangri og er að hefja nám í viðkomandi iðn á komandi hausti. Í þeim málum sem gengu vel var stærsta áhrifabreytan þátttaka og samvinna foreldra í úrlausn málsins.

## Nemendur með skilgreinda skólaforðun skólaárið 2024-2025

Nemendur með skilgreinda skólaforðun	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Fjöldi	1	4	1	3

## Þróun nemendafjölda og fjöldi nemenda utan sveitarfélaga sl.5-6 ár

Hér að neðan má sjá þróun nemendafjölda síðan 2019

Bek kir	Skólaárið 2019-2020	Skólaárið 2020-2021	Skólaárið 2021-2022. Staðan í mars 2022	Skólaárið 2022 - 2023. Staðan 1. ÁGÚST	Skólaárið 2023-2024 Staðan 24.8.2023	Skólaárið 2024-2025	Nemendur utan sveitar	Skólaárið 2024-2025 staðan 14. janúar 2025	Nemendur utan sveitar 2024-2025. staðan 14. jan 2025
1.b.		20	36	54	53	73	1	72	1
2.b.		20	26	42	58	58		58	
3.b.		16	26	35	43	61	1	60	
4.b.		8	18	27	39	43	1	41	
5.b.		19	9	21	31	38		39	
6.b.		6	24	10	26	34		35	
7.b.			10	27	13	23		21	
8.b.				3	22	13		13	
9.b.					1	21		19	
10.b.						3		3	
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>54</b>	<b>89</b>	<b>149</b>	<b>219</b>	<b>286</b>	<b>367</b>	<b>3</b>	<b>361</b>	

## Fjöldi starfsfólks starfsheiti og hlutfall á báðum skólastigum

Hér að neðan má sjá starfsheiti starfsfólks á báðum skólastigum og fjölda í starfshlutfalli.

Starfsheiti	100%	Hlutastarf
Aðstoðarleikskólastjóri 8	1	
Aðstoðarskólastjóri 6	1	
Aðstoðarumsjónarmaður í frístundaheimili	1	
Deildarstj. í leikskóla 1	2	
Deildarstjóri	6	
Deildarstjóri 3	3	
Deildarstjóri 4	1	
Frístundaleiðbeinandi		9
Grunnskólakennari	5	2
Háskólamenntaður deildarstjóri	1	
Háskólamenntaður sérkennari með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	1	
Háskólamenntaður starfsmaður	9	1
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	1	
Húsvörður leik- og grunnskóla	1	
Leiðbeinandi 2	1	
Leiðbeinandi 3	5	
Leiðbeinandi 4	1	
Leiðbeinandi I í leikskóla	32	10
Leiðbeinandi í leikskóla með stuðning	4	1
Leiðsagnakennari 3		1
Leikskólakennari	2	1
Leikskólasérkennari		1
Matráður 1	1	
Náms- og starfsráðgjafi 2		1
Sérfræðingur/Velferð	4	1
Sérkennari	3	1
Sérkennslustjóri	1	
Skólafélagsráðgjafi	1	
Skólaíiði	3	
Skólustjóri 11	1	
Skrifstofustjóri í grunnskóla	1	
Starfsm. í eldhúsi leikskóla	1	
Stuðningsfulltrúi	1	16
Stuðningsfulltrúi 3	2	
Stundakennari		2
Umsjónarkennari	14	
Umsjónarmaður frístundaheimili	1	
Verkefnisstjóri 1	1	
Yfirproskapjálfi í leikskóla	3	
Proskapjálfi í grunnskóla	2	
<b>Alls</b>	<b>118</b>	<b>47</b>

## Fjöldi nemenda á grunnskólakennara

Fjöldi kennara á grunnskólastigi á liðnu skólaári voru 12 grunnskólakennarar, 7 leiðbeinendur á grunnskólastigi, þar af 6 sem luku kennaranámi á skólaárinu og 4 sérkennarar. Fjöldi nemenda á grunnskólastigi voru við lok skólaárs 361, fjöldi nemenda á kennara/leiðbeinanda var því tæplega 16 nemendur.

## Fjöldi nemenda á starfsfólk

Á grunnskólastigi starfa að meðaltali tæplega 60 í starfi með grunnskólabörnum á skólatíma. Inni í þeirri tölu eru kennarar, leiðbeinendur, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, öll stoðþjónusta á grunnskólastigi og stjórnendur. Það gera rúmlega 6 börn á starfsmann.

## Innra mat

Sjá kafla um mat á skólastarfi á bls 127.

## Dreifing einkunna eftir námsgreinum

Hér að neðan má sjá samantekt á einkunum í 4. bekk og 7.-9. bekk. Ekki er unnt að birta námsmat hjá 10. bekk þar sem eingöngu þrír nemendur voru í þeim árgangi.

### Íslenska

Einkunn	4.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur
A	0	0	0	0
B+	12	4	0	6
B	9	5	5	4
C+	11	5	3	2
C	6	5	0	1
D	0	0	0	0
Aðlagað námsefni	1	1	6	6
Ekki hægt að meta	3	0	0	0

Ekki hægt að birta námsmat hjá 10.bekk vegna fárra nemenda í árgangi.

### Stærðfræði

Einkunn	4.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur
A	0	0	0	0
B+	4	10	2	7
B	17	5	4	5
C+	15	3	4	4
C	3	1	1	2
D	0	0	0	0
Aðlagað námsefni	1	1	3	1
Ekki hægt að meta	2	0	0	0

Ekki hægt að birta námsmat hjá 10.bekk vegna fárra nemenda í árgangi.

## Lokaorð

Að baki öflugu skólastarfi liggur traust samstarf allra sem að skólasamfélaginu koma – barna, foreldra og starfsfólks. Á liðnu skólaári höfum við lagt áherslu á að byggja upp umhverfi þar sem börn fá að þroskast, læra og dafna. Allt í anda gildanna okkar, virðing, ábyrgð og umhverfi. Verkefni voru fjölmörg á öllum skólastigum en það sem einkennir starfsmannahóp skólans er vilji til að skila góðu verki. Starfsfólk hjálpast að við að gera Urriðaholtsskóla að stað sem þeim, börnum og foreldrum líður vel á. Með því að beita árangursríkum kennsluaðferðum, styðja við fjölbreyttar námsþarfir og rækta félagslega vellíðan nemenda höfum við eftt bæði námsárangur og líðan barna.

Við viljum þakka starfsfólki, nemendum, forráðamönnum fyrir gott samstarf, stuðning og trú á skólastarfinu. Þegar við stöndum saman – heimili og skóli – verða börnin sterkari, sjálfstæðari og betur í stakk búin til að takast á við framtíðina.

Með hlýjum og þakklátum kveðjum fyrir vel heppnað skólaár.

Ritnefnd ársskýrslu Urriðaholtsskóla 2025